FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
188. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 12. ÁGÚST 2017



# Ástin er alls kyns

Mikið hefur áunnist í baráttu hinsegin fólks. Eini samkynhneigði kjörni fulltrúi landsins segir forréttindi að búa í opnu samfélagi eins og á Íslandi. Hún vill passa að sérfræðivæða ekki umræðu um hinsegin fólk. →24

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Enska úrvalsdeildin

Ballið er byrjað og boltinn farinn að rúlla . →32



## Fordæmalaus framkvæmd

Kringlan umbylti verslun á Íslandi. →30

## Styttist í maraþon

Svona undirbýrðu þig undir átökin framundan. →28





## Veður




Fremur hæg norðvestlæg eða breytileg átt í dag. Víða bjartviðri, einkum sunnan- og austanlands, en stöku skúrir seinnipartinn, helst norðvestan til á landinu. SJÁ SÍÐU 40

# Æft fyrir Fiskidagstónleikana



Fiskidagstónleikarnir miklu fara fram á Dalvík í dag. Það er í fimmta skipti sem tónleikarnir fara fram með þessu sniði og mæta þúsundir manna hverju sinni. Stífar æfingar voru í húsnæði Félags íslenskra hljómlistarmanna á fimmtudag. „Þetta er alveg hrikalega gaman,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari og segist þakklátur þeim hundrað manns sem koma að tónleikunum með einum eða öðrum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Forstjórinn og fjármálastjórinn keyptu fyrir 18 milljónir

**VIÐSKIPTI** Forstjóri og fjármálastjóri Icelandair Group keyptu í gær hlutabréf í félaginu fyrir tæpar átján milljónir króna. Forstjórinn, Björgólfur Jóhannsson, keypti 500 þúsund hluti á genginu 14,33 krónur á hlut og nam kaupverðið þannig 7,2 milljónum króna, og Bogi Nils Bogason fjármálastjóri keypti 750 þúsund hluti á genginu 14,1. Nam kaupverðið því 10,6 milljónum króna.

Hlutabréf í Icelandair ruku upp um 6,7 prósent í verði, í 1,2 milljarða króna í viðskiptum í gær, en mesta hækkunin kom til eftir að tilkynnt var um umrædd kaup Björgólfs og Boga.

Eftir kaupin á forstjórinn 1,9 milljón hluti í Icelandair Group að virði 27,4 milljónir króna og fjármálastjórinn 1,75 milljón hluti að virði 25,2 milljónir króna, miðað við gengi bréfanna í gær.

Hlutabréf í Icelandair Group hafa lækkað um 35 prósent í verði síðan félagið sendi frá sér svarta afkomuviðvörun í byrjun febrúarmánaðar fyrr á árinu. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir að EBITDA-hagnaður Icelandair – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – yrði 140 til 150 milljónir dala og dragast saman um 30 prósent í ár. Hefur afkomuspáin nú verið hækkuð í 150 til 160 milljónir dala. – kij



Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

# Trúfélag múslima vill gististað

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stofnun múslima á Íslandi hyggur á hótelrekstur í Ýmishúsinu við Skógarhlíð 20. Stofnunin hefur sótt um að reka gistiheimili í flokki þrjú, það er gististað án vínveitingaleyfis, í húsnæðinu.

Málið var tekið fyrir á fundi byggingarfulltrúa í upphafi mánaðarins en endanlegri afgreiðslu þess frestað. Þetta kemur fram í fundargerð frá fundinum.

Í umsókninni kemur fram að sótt sé um að innrétta gististað á neðri hæð hússins en þar var áður tónlistarskóli.

Stofnun múslima á og rekur húsnæðið en Menningarsetur múslima hafði aðstöðu þar. Sama stjórn hafði verið í félögunum tveimur þar til hallarbylting var gerð í því síðarnefnda. Það leiddi til deilna um húsnæðið og í fyrra fékk Stofnunin heimild til að bera Menningarsetrið úr húsinu. Það var gert um mitt sumar í fyrra. – jóe

# Hernaðardrónar munu leita að földum fjársjóði

**Leitin að fjársjóði Het Wapen van Amsterdam sem sökk við Skeiðarársand árið 1667 heldur áfram. Er Gísli Gíslason, sem fer fyrir hópi sem leitar fjársjóðsins, kominn með lausn sem gæti grafið fjársjóðinn upp. Dróni gæti verið svarið.**

**SAMFÉLAG** „Það eru allir rólegir, skipið er búið að liggja þarna frá 1667 og getur alveg legið aðeins lengur,“ segir Gísli Gíslason, frumkvöðull og athafnamaður, en hann fer fyrir hópi manna sem hefur áhuga á því að grafa upp fjársjóð hollenska skipsins Het Wapen van Amsterdam sem liggur einhvers staðar grafið í Skeiðarársand.

Mikið og oft hefur verið skrifað um fjársjóðinn og var gerð mikil leit að honum árið 1983 þar sem aðeins gamall togari fannst. Nú á að gera hlutina rétt og nota nýjustu tækni. „Það er margt búið að breytast frá síðustu leit. Nú er hægt að leita með dróna. Drónarnir senda þá bylgjur og við fáum 30 sinnum 30 metra kubba sem við rannsökum síðar,“ segir Gísli. Hann segir að trúlega séu um 100 skip undir sandinum en eftir að sandurinn hefur verið myndaður með drónanum er hægt að ákveða hvar sýni verði tekin. „Ef það er rétti staðurinn verður sest niður með ríkisvaldinu og ákveðin næstu skref.“

Gísli hefur verið í sambandi við fyrirtækið AeroVironment sem býður upp á fjölda dróna, meðal annars dróna sem verkefnið þarf. „Nema dróninn er skráður og skilgreindur sem hernaðartæki og það er því ekki hægt að kaupa einn slíkan. Þannig að ég ætla bara að fá fyrirtækið með mér í leitina svo ég geti fengið einn lánaðan. Leysa verkefnið þannig.“

Hópnum hefur borist viljayfirlýsing frá forsætisráðuneytinu sem hann hefur verið að bíða eftir. „Það eru mjög fá skip sem flokkast undir fjársjóðsskip sem er ekki búið að finna og grafa upp og svo framvegis. Það er sjaldgæft að það sé svona skip sem er nokkurn veginn vitað hvar er en er ekki búið að sækja. Sagan á bak við þetta skip er ótrúleg og í raun stórfurðulegt að enginn hafi hreyft legg eða lið í öll þessi ár,“ segir Gísli og ljóst að spenna er komin í kappann. Hann ætlar sér þó að flýta sér hægt. „Ég er kominn með nægan mannskap í þetta og það er til nægur peningur fyrir verkefnið en við ætlum að gera þetta rétt. Þetta er ævintýri en ekki leið til að verða ríkur og það verður gaman að sýna þjóðinni hvað er þarna um borð.“

benediktboas@365.is




Mikið hefur verið fjallað um skipið og leitina sem var gerð árið 1983 en endaði með því að gamall togari fannst. Í verkefninu nú, Verkefni 1667 eins og það kallast, er ætlunin að gera hlutina hægt og rétt.

> Sagan á bak við þetta skip er ótrúleg og í raun stórfurðulegt að enginn hafi hreyft legg eða lið í öll þessi ár.
>
> Gísli Gíslason



**Sólarfilmur!**

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.




XPRENT Hönnun & Merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is


Kringlan
UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ
SKÓLA
DAGAR
Náðu þér í afsláttarávísun á þjónustuborði
okkar á 1. hæð
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
ALLT FYRIR SKÓLANN Á EINUM STAÐ
MUNDU EFTIR
ÁVÍSUNINNI
Kr. 2.000,-
SKÓLA
DAGAR
Kringlan
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 6.8.2017 – 12.8.2017



**19,2 milljónir**
króna er upphæðin sem íslenska ríkið greiddi fyrir ónýtt sumarhús á bakka Þingvallavatns.

**6,4%**
var arðsemi stóru viðskiptabankanna þriggja af reglulegum rekstri í fyrra.



**560**
tonna aukning á aflaheimildum til strandveiða vakti mikla kátínu hjá Landssambandi smábátaeigenda. Heildaraflinn verður því 9.760 tonn.

**18,6**
milljarðar króna af markaðsvirði smásölurisans Haga höfðu þurrkast út í byrjun vikunnar frá því bandaríska keðjan Costco opnaði verslun sína í Kauptúni í Garðabæ.





**10% Íslendinga**
eða tæplega 32 þúsund manns hafa samþykkt að gerast líffæragjafar.

**86 manns**
starfa hjá lyfjasölufyrirtækinu Medis hér á landi en ísraelskt móðurfélag þess leitar nú að kaupanda að dótturfélaginu.



**16.000**
gestir mættu á Þjóðhátíð 2017. Lögreglan áætlar að hátíðin hafi verið sú fjölmennasta frá upphafi.

## Þrjú í fréttum
## Heilablóðfall, frumsýning og baráttan um borgina



**Borgar Þór Einarsson**
*aðstoðarmaður utanríkisráðherra*
staðfesti í samtali við Fréttablaðið að hann íhugi nú að bjóða sig fram í 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Annar aðstoðarmaður ráðherra, borgarfulltrúar og fyrrverandi þingmaður eru á meðal þeirra sem hafa verið orðaðir við framboð.



**Erla Bolladóttir**
sagði andrúmsloftið á frumsýningu heimildarmyndarinnar Out of Thin Air, sem fjallar um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála, hafa verið tilfinningaþrungið. Bætti Erla við að enn í dag sé of mikil áhersla lögð á að ná fram játningu við rannsóknir í sakamálum án þess að aðrar leiðir séu skoðaðar.



**Þórir Steingrímsson**
*formaður Heilaheilla*
segir það ekki einsdæmi að læknar greini ekki heilablóðfall í sjúklingum. Sjálfur fékk hann slag daginn eftir að læknir vildi senda hann í jafnvægismælingu en að meðaltali fá á hverjum degi tveir Íslendingar slag.

# Furðu brött þrátt fyrir allt

**Umfangsmestu sjúkraflutningar í sögu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fóru fram í fyrrinótt. Vel á annað hundrað manns voru fluttir vegna bráðsmitandi nóróveirusýkingar. Flestir hinna veiku á batavegi og furðu brattir að sögn. Heilbrigðisráðherra segir lán í óláni hversu góðar viðbragðsáætlanir skátarnir höfðu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Skátarnir sem sýktust af nóróveiru í útilífsmiðstöð skáta við Úlfljótsvatn í gær og fyrradag eru flestir á batavegi.

Alls var 181 ungmenni frá Bretlandi flutt frá Úlfljótsvatni í fjöldahjálparmiðstöð í Grunnskólanum í Hveragerði í fyrrakvöld, vegna alvarlegra veikinda sem komu upp í hópnum. Vegna þess hve margir veiktust kviknaði grunur um nóróveiru og var sá grunur staðfestur af sóttvarnarlækni í gær. Í gærkvöldi höfðu allir sem ekki hafa fundið til einkenna verið útskrifaðir. Alls veiktust 67 skátar og af þeim eru sex enn veikir. Þessir 67 voru í sóttkví í austurálmu Grunnskólans í Hveragerði í nótt. Flestir þeirra eru á unglingsaldri, 12 til 16 ára. „Vel fer um krakkana og þau eru furðu brött eftir þetta ævintýri,“ segir Fjóla Einarsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Suðurlandi.



Börnin, sem veiktust mörg hver heiftarlega af magakveisu, voru flutt í fjöldahjálparmiðstöð í Grunnskólanum í Hveragerði. Alls veiktust 67 en flestir þeirra eru núna komnir til betri heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Nóróveirusýking er bráðsmitandi og smitast með uppköstum og saurmengun sem borist getur með menguðu vatni og matvælum. Einkenna getur orðið vart 1-2 dögum eftir smit og gera má ráð fyrir að viðkomandi geti smitað í tvo daga eftir að einkenni ganga yfir. Ekki er þó talið að almenningi stafi hætta af þessari sýkingu, segir í tilkynningu frá Landlækni. Fyllsta hreinlætis þarf þó að gæta þegar svona hópsýking kemur upp og sótthreinsa þarf skátabúðirnar, rútur skátanna og fleira. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Mikill viðbúnaður var við Úlfljótsvatn og í Hveragerði vegna hópsýkingarinnar. Strax og grunur kviknaði um nóróveirusýkingu voru allir viðbragðsaðilar kallaðir út; almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, björgunarsveitir, sóttvarnalæknir og fulltrúar frá Rauða krossinum. Læknar og hjúkrunarfræðingar voru einnig kallaðir út í fyrrakvöld til að veita hinum veiku aðhlynningu og meðferð. Flutningur ungmennanna frá Úlfljótsvatni í fjöldahjálparmiðstöðina eru umfangsmestu aðgerðir sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Suðurlands frá upphafi.

„Það er lán í óláni að skátarnir voru nýbúnir að taka á móti 6.000 skátum á heimsmóti skáta og allar viðbragðsáætlanir þeirra því nýgerðar og vel niðurnegldar,“ segir Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, sem heimsótti skáta á heimsmótið, sem haldið var hér á landi, í síðasta mánuði. „Undirbúningsvinna skátanna fyrir alla þessa gesti var eftirtektarverð og þegar þetta kemur upp núna bregðast skátarnir strax við með hárréttum hætti, gerðu réttum aðilum viðvart og ferlið hefur allt verið mjög faglegt af hálfu allra sem að þessu erfiða verkefni hafa komið,“ segir ráðherra og bætir við: „Skátarnir eru ávallt viðbúnir, það virðist aldrei bregðast.“ aðalheidur@frettabladid.is




HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ÓTRÚLEGT VERÐ

# RAFMAGNSPOTTAR



**97.785kr**
**6 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur.**
Premium Camaro - M-051S
Stærð: 204 x 70 cm. 930 lítrar.
Hitar allt að 42°
8089104

**72.995kr**
**6 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur.**
Silver Cloud - M-021LS
Stærð: 204 x 70 cm. 930 lítrar.
Hitar allt að 42°
8089102

**66.895kr**
**4 manna uppblásinn rafmagnsnuddpottur.**
Silver Cloud - M-011LS
Stærð: 180 x 70 cm. 700 lítrar.
Hitar allt að 42°
8089100

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



DEWALT

**DeWalt verkfæri**
**25% afsláttur**
ATH! DeWalt veltisög er á 15% afslætti



HITACHI
Inspire the Next

**Öll Hitachi verkfæri**
**25% afsláttur**



Handverkfæri
**30% afsláttur**

Verkfæratöskur
**35% afsláttur**



## Ný sending

Pottaplöntur
í Blómavali

Orkidea tilboð
**1.990kr**
~~2.690kr~~




Við erum stolt af því að bjóða upp á þessa spennandi 9 nátta ferð til Japans. Í þessu fjarlæga landi er að finna bæði spennandi og nýstárlegar borgir í bland við aldagamla menningu. Á leið okkar um landið, skoðum við m.a. hallir keisarafjölskyldunnar, hið helga fjall, Fuji, Gullhofið og fyrstu höfuðborg Japan, Nara.

Við byrjum ferðina í Tokyo, höfuðborg Japans, þar sem við kynnumst nútímalegri hlið landsins. Í þessari stórborg er að finna ýmis Shinto- og Búddahof en einnig háhýsi og fjölmenni sem streymir um götur borgarinnar. Auðvelt er að verða gagntekinn í þessari borg þar sem það er einfaldlega svo mikið að skoða og sjá.







DÁSEMDIR JAPANS 97.500/mann



BORGIN HIROSHIMA 97.500/mann

Unnt er að bæta við bókun kynnisferðapökkunum **Dásemdir Japans** og **Borgin Hiroshima**. Í *Dásemdir Japans* munum við upplifa Tokyo turninn, Asakusa Kannon musterið, Keisarahöllina, Toshogu hofið, Osaka kastalann o.m.fl. Í *Borgin Hiroshima* er það ekki landslagið sem gagntekur mann heldur saga staðarins. Í Hiroshima skoðum við minnismerki, Miyajima hofið og friðareldinn sem minnir okkur á það, að friður í heiminum er ekki sjálfgefinn.

Flogið er til Tokyo í næturflugi fyrstu nóttina, en við gistum þar næstu 3 nætur. Því næst förum við til Kyoto og gistum þar næstu 3 nætur en síðustu 2 næturnar í Osaka en þaðan er flogið heim. Á leið okkar um landið munum við aðallega ferðast með rútu, en einnig ferju og hraðlestinni „Shinkansen“.

**Frá kr. 365.995 m/morgunmat**
Netverð á mann frá kr. 365.995 m.v. 2 í herbergi.
**Innifalið:** Flug til Tokyo með millilendingu í Helsinki og gisting á 3* hótelum í 8 nætur m/morgunmat. Akstur til og frá hótelum og lestarsamgöngur. Flug frá Osaka til Keflavíkur með millilendingu í Helsinki.

ENNEMM / SIA • NM80728 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu

# Mikil tilþrif á kúrekasýningu



Í gær fór fram kúrekasýning í þorpinu Mount Isa í Queensland í Ástralíu. Þessi sýning er haldin árlega og er stærsta sýning sinnar tegundar á suðurhveli jarðar. Eins og sjá má eru menn þar með alls kyns tilþrif. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Svigrúm til þess að slaka á bindiskyldunni

**Hagfræðingur í greiningardeild Arion banka segir svigrúm til staðar til þess að slaka á bindiskyldu Seðlabanka Íslands, sér í lagi ef vaxtamunur Íslands við útlönd fari áfram minnkandi. Hvati til vaxtamunarviðskipta sé minni en áður.**

**VIÐSKIPTI** Verulega hefur dregið úr ásókn erlendra fjárfesta í íslensk ríkisskuldabréf undanfarna mánuði, að sögn Konráðs S. Guðjónssonar, hagfræðings í greiningardeild Arion banka. Hann telur að svigrúm ætti að vera fyrir hendi til þess að slaka á bindiskyldu Seðlabanka Íslands á erlenda fjárfestingu. Hvati til svokallaðra vaxtamunarviðskipti sé ekki eins mikill og áður.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í nýlegu viðtali við Bloomberg að til greina kæmi að losa um eða afnema bindiskyldu Seðlabankans sökum þess að vextir hér á landi færu lækkandi en hækkandi víðast hvar annars staðar.

Innflæði fjármagns vegna fjárfestinga erlendra aðila í ríkisskuldabréfum stöðvaðist nær alfarið þegar Seðlabankinn virkjaði sérstakt fjárstreymistæki í júní í fyrra. Þá var kveðið á um að fjörutíu prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skuldabréfum þyrfti að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum.

Markmið bindiskyldunnar var meðal annars að draga úr vaxtamunarviðskiptum, en í slíkum viðskiptum er aðdráttaraflið einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd.

Í viðtalinu benti Már á að lægri vextir drægju úr hvata til vaxtamunarviðskipta og þar með skapaðist svigrúm til þess að draga úr umræddri bindiskyldu. Tók hann fram að von Seðlabankans væri sú að bindiskyldan yrði ekki varanleg.



**Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu fjárstreymistæki bankans til sögunnar í júní í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það hefur verið afskaplega lítið um vaxtamunarviðskipti undanfarna mánuði,“ segir Konráð. „Slík viðskipti hafa raunar haft lítil áhrif á gengi krónunnar síðan á árinu 2015. Það virðist sem erlendir fjárfestar hafi þess í stað keypt hluti í skráðum félögum sem fylgja vaxtaþróuninni hér á landi, en í stóra samhenginu hafa samt ekki miklar fjárhæðir leitað þangað.“

Samkvæmt gögnum um verðbréfafjárfestingu erlendra fjárfesta hér á landi, sem greiningardeild Arion banka hefur tekið saman, hefur bindiskyldan í raun skrúfað nær alveg fyrir erlenda fjárfestingu í íslenskum skuldabréfum og innlánum. Nær allt innflæði erlendis frá hefur þess í stað leitað í hlutabréf.

> **Það er mikilvægt að hafa í huga að vaxtamunurinn við útlönd hefur minnkað síðustu tvö ár. Hvatinn til vaxtamunarviðskipta er því ekki eins mikill og áður.**
>
> Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur í greiningardeild Arion banka



Konráð segir fátt benda til þess að vaxtamunarviðskipti muni aukast á næstunni, svo fremi sem bindiskyldan verður áfram fyrir hendi. „En það er spurning hvað gerist ef bindiskyldan verður losuð eða afnumin eins og seðlabankastjóri hefur boðað. Það mun örugglega hafa einhver áhrif en spurningin er hversu veruleg þau verða. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að vaxtamunurinn við útlönd hefur minnkað síðustu tvö ár. Hvatinn til vaxtamunarviðskipta er því ekki eins mikill og áður.“

Fari vaxtamunurinn áfram minnkandi dragi enn fremur úr þörfinni á bindiskyldunni. Svigrúm ætti því að vera fyrir hendi til þess að slaka á henni, svo sem með því að lækka prósentuhlutfallið sem þarf að binda á vaxtalausum reikningi eða stytta binditímann. kristinningi@frettabladid.is


Gleðilega hátíð
Landsbankinn er stoltur bakhjarl Hinsegin daga. Hápunktur hátíðarhaldanna er Gleðigangan sem fer fram í átjánda sinn í dag.
Fjöllistahópurinn Drag-Súgur ætlar að fagna fjölbreytileikanum með eftirminnilegum hætti í göngunni og við ætlum að fylgja þeim í beinni.
Fylgstu með beinni útsendingu á facebook.com/landsbankinn.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# Telur flesta lögmenn hafa vitað af stöðunni

**Formaður borgarráðs blæs á gagnrýni borgarfulltrúans Kjartans Magnússonar varðandi vinnubrögð við ráðningu nýs borgarlögmanns. Segir þau „pólitískt geim“. Tveir sóttu um stöðuna og var staðgengill borgarlögmanns ráðinn.**

**STJÓRNMÁL** S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að ekki hafi verið rætt um að framlengja umsóknarfrest vegna embættis borgarlögmanns þegar ljóst var að aðeins tveir umsækjendur voru um stöðuna. Hann telur þorra hæstaréttarlögmanna hafa vitað að staðan hafi verið laus til umsóknar en gagnrýnt hefur verið að hún hafi aðeins verið auglýst einu sinni í einu dagblaði.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi vinnubrögð meirihlutans harðlega í bókun í borgarráði á fimmtudag og þá sat Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, hjá við atkvæðagreiðslu um ráðninguna.

„Hann virðist alltaf geta fundið eitthvað að hverju ráðningarferli, sem breytist hverju sinni. Ég velti fyrir mér hvort hann vilji sjálfur vera ráðningarnefndin, sem er fyrirkomulag sem mér hugnast ekki. Gagnrýni Lífar var svolítið óljós.“

S. Björn segir að hann viti ekki betur en að lögmenn hafi vitað af stöðunni á þessum tíma. Hann segir erfitt að svara hvers vegna áhuginn á embættinu hafi verið svo lítill, en líkt og komið hefur fram eru mánaðarlaunin þar 1,4 milljónir á mánuði.



S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, gefur lítið fyrir gagnrýni borgarfulltrúa á vinnubrögð við ráðningu borgarlögmanns. MYND/HARI

„Aðalatriðið er að fá hæfa umsækjendur. Það var ekki vandamálið í þessu tilviki enda þessir tveir umsækjendur afburðahæfir.“

Hæstaréttarlögmaðurinn Ebba Schram var ráðin en hún hefur verið staðgengill borgarlögmanns undanfarin ár.

S. Björn blæs á gagnrýni Kjartans um að staðið hafi á afhendingu gagna. Bendir hann á að vaninn sé að gögn séu aðgengileg í sérstöku gagnaherbergi en Kjartan óskað eftir að fá þau send í tölvupósti þar sem hann var staddur úti á landi. Engin svör hafi fengist við því um hvað hann var að biðja, en orðið hafi verið við hans óskum. „Þetta er bara pólitískt geim.“

mikael@frettabladid.is

## Níu sóttu um í MR

Níu sóttu um stöðu rektors Menntaskólans í Reykjavík og fjórir sóttu um stöðu skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla. Umsóknarfrestur um báðar stöðurnar rann út síðastliðinn þriðjudag. Í fréttatilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu segir að miðað sé við að skipað verði í stöðurnar frá og með 1. október.

**» Umsóknarfrestur um báðar stöðurnar rann út síðastliðinn þriðjudag.**

Eftirtalin sóttu um stöðu rektors MR:

Birgir Urbancic Ásgeirsson framhaldsskólakennari, Björn Gunnlaugsson framhaldsskólakennari, Elísabet Siemsen framhaldsskólakennari, Kolbrún Erla Sigurðardóttir framhaldsskólakennari, Kristján Bjarni Halldórsson áfangastjóri, Margrét Jónsdóttir Njarðvík framhaldsskólakennari, Ólafur Haukur Johnson framhaldsskólakennari, Sigurbjörg Jóhannesdóttir framhaldsskólakennari og Sigurjón Benediktsson tannlæknir.

Eftirtaldir sóttu um stöðu skólameistara FÁ:

Hulda Birna Baldursdóttir markaðsstjóri, Kristján Bjarni Halldórsson áfangastjóri, Ólafur Haukur Johnson framhaldsskólakennari og Sigurbjörg Jóhannesdóttir framhaldsskólakennari. – jhh

## Ráðherra segir óásættanlegt að birting skýrslu dragist um 5 ár

**MANNRÉTTINDI** Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra segir þann drátt sem orðið hefur á því að stjórnvöld skili skýrslu til alþjóðlegrar eftirlitsnefndar gegn pyndingum ekki ásættanlegan. Skýrslunni átti að skila í júlí 2012 eins og Fréttablaðið skýrði frá síðastliðinn miðvikudag.

„Mér sýnist að ástæða þessa dráttar hafi einfaldlega verið sú að sú vinna hafi að einhverju leyti þurft að víkja fyrir öðrum brýnni málum. Málefnaleg sjónarmið hafa örugglega legið að baki þeirri forgangsröðun,“ segir Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra og bætir við: „Þó hljóta menn að fallast á að 5 ára dráttur á afgreiðslu erindis til ráðuneytis sé ekki ásættanlegt.“

Stefnt er að því að skýrslugerðinni ljúki í haust en upplýsingaöflun vegna hennar er flókin enda þarf að safna upplýsingum frá fjölmörgum aðilum utan ráðuneytisins, segir Sigríður og bætir því við að undanfarið hafi ráðuneytið verið að breyta stjórnsýslunni í mannréttindamálum, til dæmis með því að koma á fót varanlegum stýrihóp með tengingar inn í öll ráðuneyti. „Það mun án efa leiða til skilvirkari vinnu í málaflokknum í framtíðinni,“ segir Sigríður. – aá



Sigríður Andersen dómsmálaráðherra.


ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

**Stjórn Flugþróunarsjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki**

Nýlega voru gerðar breytingar á reglum sjóðsins sem fela í sér að nú verða einnig styrkhæf flug sem koma erlendis frá en eru með beinum tengingum við önnur millilandaflug á öðrum flugvelli á Íslandi. Þannig geta flug t.d. sem millilenda á Keflavíkurflugvelli en halda síðan áfram til Akureyrarflugvallar eða Egilsstaðaflugvallar fengið styrk.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel reglur sjóðsins. Nánari upplýsingar: stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/sjodir-og-styrkir/

**Umsóknarfrestur er til 30. september 2017.**

Umsóknum skal skilað rafrænt á sérstöku umsóknareyðublaði til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á netfangið postur@anr.is.

Umsókn í markaðsþróunardeild skal fylgja lýsing á fyrirhuguðum markaðsaðgerðum.








**Auglýsing um framlagningu kjörskrár, tilnefningu og kosningu vígslubiskups í Skálholti**

Kjörstjórn þjóðkirkjunnar hefur, í samræmi við starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, samið kjörskrá vegna kjörs vígslubiskups í Skálholti. Á kjörskrá eru 975.

Á kjörskrá eru þeir sem uppfylltu skilyrði kosningarréttar þann 2. ágúst 2017.

Sá sem telur sig eiga að vera á kjörskrá getur kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er á kjörskrá.

Við aðgang að vefsetrinu skal nota rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands, sjá vefslóðina: http://kirkjan.is/kosningar/ velja Kjörskrá.

**Athugasemdir vegna kjörskrár** skulu berast kjörstjórn eigi síðar en fimm sólarhringum áður en tilnefning hefst, eða í síðasta lagi **kl. 12 föstudaginn 18. ágúst 2017**. Unnt er að senda athugasemdir á netfangið kirkjan@kirkjan.is. Allar nánari upplýsingar veitir Hanna Sampsted í síma 528-4000.

Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir eigi síðar en einum sólarhring áður en tilnefning hefst.

Vakin er athygli á því að samkvæmt nýjum starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa, nr. 333/2017 mun nú í fyrsta sinn fara fram forval (tilnefning) áður en kosning vígslubiskups fer fram. Rétt til tilnefningar hafa eingöngu þeir vígðu einstaklingar sem kosningarréttar njóta, skv. 4. gr., sbr. 3. gr. fyrrnefndra starfsreglna. Heimilt er að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla kjörgengisskilyrði skv. 1. gr. starfsreglnanna.

**Tilnefningin verður rafræn og stendur frá kl. 12:00 miðvikudaginn 23. ágúst 2017 og lýkur kl. 12:00 mánudaginn 28. ágúst 2017.**

Í 1. mgr. 13. gr. starfsreglna nr. 333/2017 segir:

*Þeir þrír einstaklingar sem flestar tilnefningar fá, að teknu tilliti til 3. mgr., eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups. Ef tveir eða fleiri fá sama fjölda tilnefninga skulu þeir báðir eða allir vera í kjöri. Séu tilnefndir færri einstaklingar en þrír eru þeir allir í kjöri að teknu tilliti til 3. mgr.*

**Ákveðið hefur verið að kosning til vígslubiskups í Skálholti fari fram dagana 28. september nk. til og með 9. október 2017, en um er að ræða póstkosningu.**

Almennar upplýsingar um fyrirkomulag og framkvæmd tilnefninga og kosningu eru í starfsreglum nr. 333/2017, sem unnt er að nálgast á eftirfarandi vefslóð: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a8b0f-2cd-30d4-489c-acf2-2888200169d8

*Reykjavík, 9. ágúst 2017*
*f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar*
*Hjördís Stefánsdóttir, formaður*

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM OG PENNAVESKJUM

GILDIR 12.-17.ÁGÚST

JEVA Beckmann

**og PULSE í miklu úrvali**



Verðdæmi 13.499 fullt verð 17.999

Allar Jevatöskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:
Vatnsbrúsi, nestisbox og íþróttapoki.

## Taktu þátt í skólaleik Hagkaups á Facebook og þú gætir unnið skólatösku og pennaveski að eigin vali.



Verðdæmi 5.924 fullt verð 7.899

Verðdæmi 2.549 fullt verð 3.399

Tvær töskur í einni

Verðdæmi 11.774 fullt verð 15.699

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.
Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF PENNAVESKJUM



Verðdæmi 1.162 fullt verð 1.549

Verðdæmi 1.192 fullt verð 1.589

Verðdæmi 1.042 fullt verð 1.389

Verðdæmi 1.867 fullt verð 2.489

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Reyna að koma í veg fyrir átök í Kenýa

**Öryggisgæsla hefur verið aukin í Kenýa til að forðast styr milli stuðningsmanna forsetans og andstæðinga hans. Forsetinn bar sigur úr býtum í kosningum í vikunni. Andstæðingur hans telur brögð í tafli. Ásakanir um svindl hafa ítrekað komið upp eftir kosningar.**

**KENÝA** Minnst fimm eru látnir í átökum sem brutust út í kjölfar kenýsku allsherjarkosninganna. Sitjandi forseti, Uhuru Kenyatta, hefur lýst yfir sigri í kosningunum en mótframbjóðandi hans, Raila Odinga, segir brögð í tafli.

Kosningar fóru fram í landinu síðastliðinn miðvikudag. Kosið var um forseta, þingmenn í báðum deildum þingsins og ríkisstjóra í ríkjum landsins. Fyrstu tölur benda til þess að Kenyatta hafi hlotið rúm 54 prósent atkvæða en Odinga tæp 45 prósent. Um leið og niðurstöður bárust lýsti Odinga því yfir að svindl hefði átt sér stað. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir en um 99 prósent atkvæða hafa verið talin.

Kosningakerfi landsins er rafrænt og heldur minnihlutinn því fram að átt hafi verið við það. Kenningar þess efnis voru á lofti í aðdraganda kosninganna og ekki bætti úr skák að tveimur vikum fyrir kosningar fannst Christopher Msando, samskipta- og tæknistjóri yfirkjörstjórnar, myrtur í útjaðri höfuðborgarinnar Naíróbí. Lík hans bar með sér að honum hafði verið misþyrmt áður en honum var ráðinn bani.

Degi eftir kosningarnar lýsti Wafula Chebukati, formaður yfirkjörstjórnar, því yfir að tölvuárás hefði verið gerð á kosningakerfið á kjördag. Hún hefði hins vegar reynst árangurslaus og þrjótarnir ekki náð að spilla kosningunum.



**Öryggissveitir voru kallaðar út til að taka á mótmælendum sem köstuðu grjóti í átt að lögreglu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Minnihlutinn hefur ekki tekið þau svör sem góð og gild. Hafa fulltrúar hans lagt fram gögn, sem þeir segja eiga uppruna sinn í röðum yfirkjörstjórnar, sem eiga að sýna raunverulegar niðurstöður kosninganna. Þar hlaut Odinga rúmar átta milljónir atkvæða en Kenyatta 7,8 milljónir. Opinberar tölur segja hins vegar að forsetinn hafi hlotið 8,1 milljón en andstæðingur hans 6,7 milljónir.

Ásakanir um kosningasvindl eru reglan í Kenýa í kjölfar kosninga. Lýðræðislegar kosningar fóru fyrst fram í landinu árið 1992 og eru haldnar á fimm ára fresti. Aðeins einu sinni, árið 2002, hefur það gerst að minnihlutinn hefur fallist á niðurstöðu kosninganna.

Blóðugasta dæmið er frá árinu 2007, en þá braust út borgarastyrjöld í landinu eftir að hæstiréttur landsins dæmdi kosningarnar gildar. Talið er að um 1.200 manns hafi týnt lífinu í þeim átökum og allt að sex hundruð þúsund hafi flúið heimili sín. Allt kapp er nú lagt á að koma í veg fyrir að slíkt gerist á ný.

johannoli@frettabladid.is

## Hví er deilt um niðurstöðuna?

Rafræna kerfið var tekið upp til að sporna við því að hægt væri að eiga við kjörseðla eða koma fölsuðum seðlum í umferð. Hingað til hefur tekið langa stund að stemma af atkvæði og tilkynna lokatölur. Hefur það orðið til þess að minnihlutinn dregur í efa að rétt hafi verið staðið að málum.

Þá er einnig algengt að frambjóðendur steypi sér í skuldir í þeim tilgangi að ná kjöri. Náist það ekki getur liðið stuttur tími þar til innheimtumenn banka upp á. Því reyna margir allar mögulegar leiðir til að breyta niðurstöðunni sé þess kostur.




# SKIPTIBÓKABÓNUS!

# +400

Penninn Eymundsson
Smáralind, Kringlan, Hallarmúli, Austurstræti,
Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður,
Húsavík, Vestmannaeyjar.
KT:560109-0670 VSK:100269

## VÖRUSKIL

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|
| **SKIPTIBÓKABÓNUS** | | |
| **+ 400** kr. fyrir hverja bók | | |
| Stærðfræði | 1.stk | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1.stk | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Samtals kr. | | 4.720(+800) |
| Inneignarnóta - | | 5.520 |

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin




## PASSAÐU AFGANGINN

Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu **400 krónur í bónus**! Í Pennanum Eymundsson færðu **MIKLU MEIRA** fyrir bækurnar þínar. Tilboðið gildir út mánudaginn 14. ágúst.

EASTPAK U.S.A.

## TÖSKUR
## 30% VILDAR AFSLÁTTUR




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Vildarverð & 400 kr. bónus gildir til og með 14. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.

# Ástand heimsins




1




2

**1.** Iðnaðarmenn vinna nú hörðum höndum við að klára uppsetningu á nýju loftræstikerfi og við aðrar framkvæmdir í vesturálmu Hvíta hússins. Donald Trump hefur sagt þær vera ástæðuna fyrir því að hann er nú staddur í fríi í borginni Bedminster í New Jersey.

**2.** Mótmælendur fyrir utan bandaríska sendiráðið í London kölluðu í gær eftir því að dregið yrði úr spennu á milli Bandaríkjanna og Norður-Kóreu. Gagnrýndu þeir yfirlýsingar Donalds Trump Bandaríkjaforseta vegna hótana stjórnvalda í kommúnistaríkinu.

**3.** Kenji Oribe, forstjóri japanska fyrirtækisins Oribe Seiki Seisakusco, sem framleiðir kjarnorkubyrgi fyrir fyrirtæki og heimili, sýndi ljósmyndurum hvernig viðskiptavinir fyrirtækisins geta komið sér fyrir fari svo að landið verði fyrir árás. Hitti hann blaðamenn vegna hótana Norður-Kóreu um flugskeytaárás á Gvam.

**4.** Lögreglumenn í Brasilíu handtóku áhorfanda á knattspyrnuleik brasilíska félagsliðsins Botafogo gegn Nacional frá Úrúgvæ. Leikurinn fór fram á Nilton Santos-leikvangnum í Ríó de Janeiro.

MYNDIR/FRETTABLAÐIÐ/EPA

LENGRA SUMAR
...með infrarauðum útihitara frá Tansun



Tansun Sorrento – 2.0kW
39.990

- IP staðlað fyrir íslenska veðráttu
- 2 ára ábyrgð

MADE IN BRITAIN
KEEP CALM AND STAY WARM

Tansun Sorrento – 4.0kW
59.990

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



3

SUNDDEILD Á

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára
hefst miðvikudaginn 6. september
í Árbæjarlaug

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00
í síma 893 0077 Stella, stella.gunnars@gmail.com



4




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík Sími 515 7040 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri Sími 515 7050
mazda.is




## PASO DOBLE
Tungusófi. Slitsterkt ljósgrátt eða brúnt áklæði. Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 305 x 100/152 H: 80 cm

**209.993 kr.** ~~299.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

IDdesign



**35%** AFSLÁTTUR

## SPAN
Vandaður hægindastóll með gráu slitsterku áklæði. Viðarlit eða svört grind og lappir.

**71.494 kr.** ~~109.990 kr.~~

## FRIDAY
Nettur sjónvarpssófi með kósíhorni. Hægri eða vinstri. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 325 × 185 × 90 cm

**25%** AFSLÁTTUR



**194.993 kr.** ~~259.990 kr.~~



**60%** AFSLÁTTUR

## SAGA
Tveggja og þriggja sæta sófi. Svart leður á slitflötum.

2ja sæta: 160 x 85 x 75 cm
**39.996 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta: 215 x 85 x 75 cm
**51.996 kr.** ~~129.990 kr.~~

## RIA
Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.



**50%** AFSLÁTTUR

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**39.995 kr.** ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
**34.995 kr.** ~~69.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## LOWELL
Eikar borðstofuborð.
Stærð: 90 x 167 x 75 cm.

**29.994 kr.** ~~49.990 kr.~~

**Reykjavík** Bildshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

LA-Z-BOY | Live life comfortably.

## Rafdrifinn LA-Z-BOY
## ÓTRÚLEGT VERÐ!



### JASPER
Rafdrifinn en nettur La-Z-Boy hægindastóll. Slitsterkt áklæði 5 litir. Grátt, brúnt, blágrátt, ljóst og rautt.
Stærð: 102 × 107 × 98 cm

**79.995 kr.** ~~159.990 kr.~~

**50% AFSLÁTTUR**

# HELGAR SPRENGJA



## GARÐHÚSGAGNARÝMING
Seljum síðustu eintökin af vinsælu Click og Circle garðhúsgögnunum okkar með 50% afslætti.

**50% AFSLÁTTUR**



**25% AFSLÁTTUR**

### ALBERTA
Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.

**6.743 kr.** ~~8.990 kr.~~



**50% AFSLÁTTUR**

### DIMA
Borðstofustóll. Ljósgrátt eða grátt áklæði með viðarlitum löppum.

**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~



**40% AFSLÁTTUR**

### WILMA
Borðstofustóll. Slitsterkt, grátt áklæði.

**7.194 kr.** ~~11.990 kr.~~



**50% AFSLÁTTUR**

### ACURA
Borðstofustóll. Dökkgrátt áklæði og svartir fætur.

**24.495 kr.** ~~48.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Atómstríð á Twitter



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Hótanir og stórkarlalegar yfirlýsingar ganga nú á víxl milli Donalds Trump Bandaríkjaforseta og manna hans, og Norður-Kóreu, þar sem einræðisherrann Kim Jong-un ræður ríkjum.

Varla þarf að nefna að allt er undir í þessari deilu. Bandaríkjamenn hafa yfir að ráða stærsta kjarnavopnabúri á jörðinni. Almennt er talið að Norður-Kórea eigi sömuleiðis kjarnavopn og geti valdið heimsbyggðinni stórkostlegum skaða eins og hendi sé veifað.

Þessi stórkarlalegi háskaleikur minnir á Kúbudeiluna fyrir rúmlega hálfri öld. Aftur beinast augu heimsins að litlili eyju sem litlu skiptir í stóra samhenginu. Nú er það Kyrrahafseyjan Gvam sem lýtur bandarískum yfirráðum.

Það sem er ólíkt nú er framganga leiðtoganna. Það var reisn yfir Kennedy Bandaríkjaforseta og Krústsjov, leiðtoga Sovétríkjanna. Þeir tóku því ekki af léttúð að hafa örlög heimsbyggðarinnar í hendi sér. Niðurstaðan varð enda sú að þeir létu aldrei til skarar skríða og úr varð einhvers konar ógnarjafnvægi sem hélst í aldarþriðjung, allt þar til járntjaldið féll.

Nú er myndin allt önnur. Trump Bandaríkjaforseta virðist illmögulegt að ganga fram af þeirri reisn og yfirvegun, sem leiðtogi hins frjálsa heims þyrfti helst að búa yfir. Vart þarf að taka fram að hótanir um kjarnorkuárásir gegnum Twitter eru nýjung í mannkynssögunni. Ekki eru þær stórmannlegar.

Á hinum endanum er svo þriðju kynslóðar einræðisherrann Kim Jong-un. Maður sem heldur um alla valdaþræði í heimalandinu með linnulausum áróðri og sérkennilegri matreiðslu upplýsinga um það sem gerist í heiminum. Hann beitir þjóð sína skefjalausu ofbeldi og kúgun og hikar ekki við að koma þeim sem sýna honum minnsta andóf fyrir kattarnef. Þó að eðlismunur sé á stjórnarfari þessara tveggja ríkja má stundum vart á milli sjá hvort kjarnorkuveldið er í höndum furðulegri stjórnvalda, Norður-Kórea eða Bandaríkin. Trump og hans kónar virka stundum litlu ábyrgari en Kim Jong-un og hans vélræna sveit.

Eðlilegt er að nú fari um þá sem eiga hagsmuna að gæta í nágrenni Kóreuskaga. Suður-Kóreumenn, Japanir og Ástralar eiga þann kost einan að standa við bakið á Trump í þessari furðulegu stöðu. Og vona að hegðun forsetans á Twitter sé ekki vísbending um það sem koma skal.

Við verðum að vona að John McCain, þingmaður Repúblikana og fyrrum forsetaframbjóðandi, meti stöðuna rétt þegar hann segir að heiftin sé einungis í nösunum á Trump. En hvað sem því líður virðist leiðtogi hins frjálsa heims vera að leika sér að eldinum. Raunar er óskiljanlegt hvers vegna forsetanum er svo starsýnt á Norður-Kóreu. Það sem raunverulega skiptir máli í þessum heimshluta er samband Bandaríkjanna og Kína.

Hvað sem því líður þarfnast heimsbyggðin þess nú eins og endranær að leiðtogar sem hafa örlög hennar í höndum sér sýni yfirvegun og skynsemi. Nokkuð sem ekki eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann þegar rætt er um Trump.

**Það var reisn yfir Kennedy Bandaríkjaforseta og Krústsjov, leiðtoga Sovétríkjanna. Þeir tóku því ekki af léttúð að hafa örlög heimsbyggðarinnar í hendi sér.**

**TÓNMENNTASKÓLI REYKJAVÍKUR og TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK auglýsa:**

**Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2017 – 2018 stendur nú yfir og lýkur 1. september.**

TÓNMENNTASKÓLI REYKJAVÍKUR

Innritaðir eru nemendur á aldrinum 8 – 10 ára, sem fara í hljóðfæranám, án undangengins forskólanáms.

**Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri:**
- Strengjahljóðfæri: fiðla, selló, gítar.
- Píanó.
- Blásturshljóðfæri: þverflauta, saxófónn, örfá pláss laus
- Forskóli I (6 ára), örfá pláss laus
- Forskóli II (7 ára), biðlisti

Athugið, takmarkað framboð.

Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 13 – 16 virka daga, sími 562-8477. Vinsamlega hafið samband við skrifstofu skólans til að skrá nýja nemendur og um leið er nauðsynlegt að innrita nemandann í RAFRÆNA REYKJAVÍK, www.rafraen.reykjavik.is. Þar þarf Tónmenntaskólinn að vera fyrsta val.

*Skólastjóri*

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Hvað er að þessu unga fólki?

Hvað er eiginlega að unga fólkinu okkar í dag? Svarið kann að koma á óvart: Ekkert. Það er ekkert að unga fólkinu okkar í dag. Það reykir minna en kynslóðirnar á undan, drekkur minna, neytir síður vímuefna og er seinþreytt til vandræða. Við hin sem getum vart opnað munninn án þess að æpa „o tempora, o mores!" – eða í staðfærðri samtímaþýðingu „bölvaðir snjallsímar, andskotans internet" – erum hins vegar haldin krónískum kvilla.

Grein sem birtist í bandaríska tímaritinu The Atlantic og ber heitið „Have Smartphones Destroyed a Generation?" fór eins og eldur í sinu um vef- og samfélagsmiðla í vikunni. Þótt margir gagnrýndu skrifin og töldu fullyrðingar höfundarins byggðar á sandi tók fjöldi fólks greininni fagnandi; hún var viðbótartónn í ómþýðan hljóm bergmálsklefa lífs þess: Sko, ég sagði það, heimur versnandi fer.

Vandamálið er hins vegar ekki æskan. Við sem gólum um hnignun ungdómsins erum þjökuð af heilkenni sem nú hefur fengið nafn. „Juvenoia", eða ungdómsótti, er óhóflegur ótti hinna eldri við eyðileggingarmátt þjóðfélagsbreytinga á borð við internetið á þá sem yngri eru.

Kvillinn er hins vegar ekki nýr af nálinni. Eftirfarandi eru fimm dæmi um snjallsíma fortíðar:

**Lestur**
Ekkert þykir meira göfgandi ungum sálum en að taka sér bók í hönd. Svo hefur þó ekki alltaf verið. Í árdaga skáldsögunnar höfðu margir áhyggjur af „lestrarfíkn" og siðspillandi eiginleikum bóka. „Skáldsagnalestur er háskalegasti siður sem ungar stúlkur geta tekið upp," ritaði Dr. John Harvey Kellogg árið 1882. „Hann er jafnávanabindandi og áfengi og ópíum."

**Útvarp**
Útvarp er óumdeildur miðill í dag. Löngum var hann þó álitinn litlu skárri en sjónvarp. Í grein í Árbók Landsbókasafnsins frá árinu 1968 má lesa óð til gamla bókaskápsins sem lýkur á bölmóði: „Skyldi útvarp og sjónvarp nútímans, sem nú er víða komið í stað bókalesturs, skila næstu kynslóð jafngóðum arfi og skápurinn gamli?"

**Sjónvarp**
Árið 1980 óttuðust eldri kynslóðir um áhrif sjónvarps á veruleikaskyn hinna yngri: „[Börn] kynnast nánast engum veruleika nema þeim, sem dagskráin ber á borð fyrir þau," var haft eftir þýskum prófessor í dagblaðinu Vísi. „Því miður eru allt of margir sjónvarpsþættir vel gerðir og trúverðugir, og fólk á orðið almennt í hreinustu vandræðum með að gera greinarmun á uppdiktuðum atburðum í sjónvarpi og því, sem gerist í raunveruleikanum."

Nokkrum dögum síðar, í Þjóðviljanum, mátti lesa uppástungu þess efnis að Íslendingar kveddu sér hljóðs á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og boðuðu öðrum „fagnaðarerindið" sem sjónvarpslausir fimmtudagar væru.

**Bréfaskriftir**
Tilheyrir þú hópi þeirra sem agnúast út í unga fólkið er það deilir hverju einasta smáatriði lífs síns á samfélagsmiðlum – líka þeim vandræðalegu? Siðurinn varð ekki til með internetinu. „Alþekkt er að ungum konum þykir gaman að leika sér að hvössum tólum," skrifaði breski rithöfundurinn Amelia E. Barr árið 1898. „Og verst af öllum slíkum verkfærum eru léttúðugar og kæruleysislegar bréfaskriftir; því hvar hætturnar liggja er ekki alltaf augljóst og þegar kemur að því að höfundur þurfi að taka afleiðingunum er hann oft búinn að steingleyma verknaðinum."

**Myndbandstæki**
Árið er 1985. Hvað er hættulegra en sjónvarp? Myndbandstækið. Í tilfinningaþrungnum pistli í Þjóðviljanum segir: „Alkóhólistar ku vera því erfiðari sem þeir byrja fyrr að drekka. Og við vitum fátt um það fólk sem nú er að verða til – það fólk sem fékk myndband í stað fósturs heima og að heiman og kom timbrað í barnaskólann úr vídeóveislu kvöldsins áður. Ólíklegt til dæmis að þetta fólk muni nokkru sinni eignast þá lágmarkseinbeitni sem bók heimtar."

Snjallsímar eru skáldsögur framtíðarinnar, útvarpstæki og bréfaskriftir. Það verður ekki aðeins í lagi með börnin – allt bendir til þess að þau verði kynslóðabetrungar.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# HÚRRA FYRIR LITRÍKUM DEGI!

**Gayri Smart fagnar fjölbreytileikanum sem aldrei fyrr og ætlar alla leið í gleðinni**
Í dag höldum við hinsegin hátíð á Geira Smart og í Hjartagarðinum og bjóðum upp á líf og fjör, ljúffengan mat og kokteila í öllum regnbogans litum. Tilvalið er að hefja gleðigönguna á því að grípa með sér kaffi hjá Gayra Smart og fagna síðan öllu litrófi mannlífsins. Sjáumst!

LÍF OG FJÖR | LJÚFFENGUR MATUR | KOKTEILAR | VEITINGAVAGN

GEIRI SMART RESTAURANT

Hverfisgata 30 | 528 7050 | geirismart.is | geiri@geirismart.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

FH vann bikarinn síðast
**14. ágúst 2010**

Hafa beðið í **2.555** daga
(6 ár, 11 mánuði og 29 daga)

**3** önnur félög hafa orðið bikarmeistarar síðan

**Bikarmeistarar**
2007 og 2010

**40%**
**sigurhlutfall í bikarúrslitaleik (2 sigrar og 3 töp)**

**Síðustu tíu leikir á Laugardalsvelli í öllum keppnum:**

8 sigrar
2 töp

**Leiðin í úrslit**

| | |
|---|---|
| 6-1 | sigur á Sindra |
| 2-1 | sigur á Selfossi |
| 1-0 | sigur á Fylki |
| 1-0 | sigur á Leikni R. |




**Fyrirliðarnir Davíð Þór Viðarsson og Sindri Snær Magnússon með bikarinn góða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÍBV vann bikarinn síðast
**30. ágúst 1998**

Hafa beðið í **6.922** daga
(18 ár, 11 mánuði og 13 daga)

**8** önnur félög hafa orðið bikarmeistarar síðan

**Bikarmeistarar**
1968, 1972, 1981 og 1998

**33%**
**sigurhlutfall í bikarúrslitaleik (4 sigrar og 8 töp)**

**Síðustu tíu leikir á Laugardalsvelli í öllum keppnum:**

3 sigrar
8 töp

**Leiðin í úrslit**

| | |
|---|---|
| 4-1 | sigur á KH |
| 5-0 | sigur á Fjölni |
| 2-1 | sigur á Víkingi R. |
| 2-1 | sigur á Stjörnunni |

# Löng bið endar í Laugardalnum

**FH og ÍBV spila til úrslita í Borgunarbikar karla í fótbolta á Laugardalsvelli í dag en bæði liðin hafa beðið lengi eftir að fá að lyfta bikarnum í Laugardalnum. Þýðing leiksins er afar mikil fyrir liðin tvö.**

**FÓTBOLTI** Eyjamenn hafa beðið eftir titli í nítján ár og hið sigursæla lið FH-inga hefur ekki unnið bikarinn í sjö ár. Það er öruggt að biðin endar hjá öðru hvoru félaginu í Laugardalnum í dag.

Sumarið 1998 vann ÍBV tvöfalt en það voru jafnframt tveir síðustu stóru titlar karlaliðs félagsins. Síðan þá hefur ÍBV misst af 36 Íslands- og bikarmeistaratitlum en nú er tækifæri til að enda þessa löngu bið. „ÍBV hefur unnið titla í gegnum árin en það hefur verið bið á því undanfarið enda önnur lið sem hafa tekið við keflinu. Fólk langar að fá titil aftur til Eyja,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari ÍBV.

Eyjamenn mæta reynslunni ríkari frá því í fyrra þegar þeir töpuðu fyrir Val í bikarúrslitaleiknum. ÍBV hefur hins vegar tvisvar áður náð að vinna bikarinn árið eftir að þeir töpuðu í úrslitaleiknum en því náðu Eyjamenn árin 1981 og 1998.

Kristján segir að það hafi mikla þýðingu fyrir ÍBV að vera komið í bikarúrslitin. „Mjög mikla, ekki síst til að halda starfinu gangandi. Við viljum sýna okkar stuðningsaðilum að við séum með sýnilegt lið sem eigi möguleika á að ná árangri og vinna titla. Ég tala nú ekki um ef okkur tækist að vinna leikinn. Það væri risaáfangi.“

**Þekkjum stóra leiki**

FH-ingar hafa lyft Íslandsbikarnum átta sinnum á loft á síðustu þrettán árum en þeir hafa aðeins tvisvar komist í bikarúrslitaleikinn á þessum árum. FH vann Fjölni í úrslitaleiknum 2007 og svo stórsigur á KR í úrslitaleiknum 2010. Síðan þá hafa FH-ingar ekki komist í bikarúrslitin, þrátt fyrir að hafa unnið þrjá Íslandsmeistaratitla síðan.

„Við höfum verið óánægðir með slæmt gengi í bikarnum. Við höfum því reynt að brjóta þetta upp og finna nýjar leiðir til að komast í stóra leikinn. Það tókst loksins sem er afar jákvætt,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, og bætti við að það væru forréttindi að taka þátt í leiknum.

„Þetta er stærsti leikur sumarsins og við þekkjum það vel að spila í stórum leikjum. Ég hef ekki áhyggjur af spennustigi en ÍBV mun gefa okkur hörkuleik. Ef við mætum ekki með rétt hugarfar til leiks þá skiptir engu máli hverjum við mætum, það mun fara illa.“

**Auðvelda leiðin**

FH-ingar fóru auðveldu leiðina inn í bikarúrslitaleikinn í ár því leikurinn á móti ÍBV verður fyrsti bikarleikurinn í sumar á móti liði úr Pepsi-deildinni. FH hefur hingað til slegið út þrjú Inkasso-lið og eitt lið úr 2. deildinni.

Eyjamenn hafa aftur á móti þegar slegið þrjú Pepsi-deildar lið út úr bikarnum, þar af tvö þau síðustu (Víking R. og Stjörnuna) á útivelli.

FH-ingum hefur ekki gengið allt of vel með lakari liðin í sumar. Báðir tapleikir liðsins í Pepsi-deildinni hafa komið á heimavelli á móti einu af fimm neðstu liðunum og þá vann FH þrjú b-deildarlið með minnsta mun í bikarnum. FH hefur aftur á móti ekki tapað í sumar á móti neinu af sjö bestu liðum Pepsi-deildarinnar.

**Úrslitaleikur á Melavelli**

Eyjamenn eru mikið bikarlið en deildin hefur ekki gengið eins vel. Frá því í júní í fyrra hafa 7 af 12 sigurleikjum ÍBV í deild og bikar verið bikarsigrar.

Það er orðið langt síðan að þessi lið mættust í bikarúrslitaleik en sá leikur fór fram á gamla Melavellinum og var ekki spilaður fyrr en í nóvember. ÍBV vann þá 2-0 sigur á FH sem þurfti að bíða í 34 ár til viðbótar eftir fyrsta bikarmeistaratitli félagsins.

Leikurinn hefst klukkan 16.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Upphitun fyrir leikinn hefst klukkan 15.30.

**ooj@365.is, eirikur@365.is**




**MÖGNUÐ BYRJUN Á TÍMABILINU**
Enska úrvalsdeildin hófst með látum í gær þegar Arsenal vann 4-3 sigur á Leicester City á Emirates. Leikurinn var frábær skemmtun frá upphafi til enda og sveiflurnar afar miklar. Arsenal lenti tvisvar undir í leiknum en varamennirnir Aaron Ramsey og Olivier Giroud komu Skyttunum til bjargar og sáu til þess að þær fengu stigin þrjú. Ramsey jafnaði metin í 3-3 á 83. mínútu og tveimur mínútum síðar skoraði Giroud sigurmark Arsenal með skalla eftir hornspyrnu frá Granit Xhaka. Í dag fara fram sjö leikir í ensku úrvalsdeildinni og fyrstu umferðinni lýkur svo á morgun með tveimur leikjum.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.20 | **Watford - Liverpool** | Sport |
| 13.50 | **Chelsea - Burnley** | Sport 2 |
| 15.30 | **ÍBV - FH** | Sport |
| 16.20 | **Brighton - Man. City** | Sport 2 |
| 18.00 | **PGA-risamótið** | Golfstöðin |
| | ***Frumsýningar*** | |
| 16.15 | **Everton - Stoke** | Sport 3 |
| 18.00 | **C. Palace - Huddersf.** | Sport 3 |
| 18.30 | **WBA - Bournem.** | Sport 2 |
| 18.30 | **So´ton - Swansea.** | Sport |
| | **Bikarúrslitaleikur karla** | |
| 16.00 | **ÍBV - FH** | Laugardalsvöllur |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | **Newcastle - Tottenh.** | Sport |
| 13.50 | **ÍBV - Grindavík** | Sport 2 |
| 14.50 | **Man. Utd - West Ham** | Sport |
| 16.00 | **Stjarnan - Valur** | Sport 2 |
| 17.00 | **Messan** | Sport |
| 18.00 | **PGA-risamótið** | Golfstöðin |
| | **Undanúrslit í bikar kvenna** | |
| 14.00 | **ÍBV - Grindavík** | Eyjar |
| 16.00 | **Stjarnan - Valur** | Garðabær |
| | **Pepsi-deild kvenna** | |
| 18.00 | **Fylkir - FH** | Árbær |
| | **Inkasso-deild karla** | |
| 15.00 | **Fram - Leiknir F.** | Laugard.v. |

# AFTUR Í SKÓLANN

## SKRIFBORÐS-STÓLAR

30%
AFSLÁTTUR



## SKRIFBORÐ

30%
AFSLÁTTUR



## BÓKAHILLUR

30%
AFSLÁTTUR





RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 12.08 - 16.08




NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

# FRUMSÝNUM NÝ
# NISSAN QASHQA

## FÁÐU MEIRA MEÐ NÝJUM NISSAN QASHQAI

- Nýtt útlit
- Ný tækni
- Ný innrétting

Nú er Nissan Qashqai, einn vinsælasti sportjeppi landsins til margra ára, kominn í nýrri og breyttri útgáfu. Nýtt útlit, ný innrétting og nýjar skemmtilegar tæknilausnir sem auka ánægju og akstursöryggi.

Verið velkomin á frumsýningu og í reynsluakstur á nýjum og tæknilegum Qashqai í dag.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Vitatorgið iðaði af lífi á síðasta markaði sem þar fór fram og verður spennandi að sjá hvað gerist í dag. MYND/AÐSEND

# Vitatorg fyllist af lífi og fjöri

Í sumar hafa verið haldnir tveir markaðir á Vitatorgi, sem er á horni Hverfisgötu og Vitastígs, og hafa þeir verið vel sóttir. Í dag fer sá þriðji fram og þar verður ýmislegt í boði. Það er Torg í biðstöðu sem styrkir verkefnið.

Við erum búin að halda tvo markaði. Fyrsti markaðurinn heppnaðist afskaplega vel og það myndaðist ótrúlega góð stemning, það var góð tónlist og sólin skein. Alltaf þegar aðstæður eru þannig verður gaman. Fólk var að selja föt af sér og húsmuni, svo var þarna bóndi að selja grænmeti, en hann verður þó því miður ekki þarna í ár,“ segir Signý Jónsdóttir, en hún og Íris Indriðadóttir, báðar nemar í vöruhönnun, halda í dag markað á Vitatorgi þar sem fólki er boðið að selja hvað sem það þarf að losna við. Eins og Signý segir er þetta í þriðja sinn sem þær halda markað á torginu, fyrri tveir voru haldnir í júlí.

„Við fengum styrk frá Reykjavíkurborg sem heitir Torg í biðstöðu. Hugmyndin á bak við þetta er vitatengingin dregin af nafni torgsins – við máluðum bílastæðahúsið appelsínugult eins og vita, síðan eru bláir litir þarna sem eru í tengslum við sjóinn.“

Torg í biðstöðu er verkefni Reykjavíkurborgar sem snýst um að bæði hlúa að almenningsrýmum borgarinnar og virkja skapandi Reykvíkinga. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2010 en svæðin sem eru tekin fyrir í verkefninu eiga það sameiginlegt að vera í ákveðinni biðstöðu því oft ríkir óvissa um notkun og möguleika þeirra í framtíðinni. Það er óhætt að segja að Vitatorg sé eitt þessara svæða enda er það ekki oft nýtt og ekki mikið líf þar.

*Hefur ykkur tekist að lífga upp á svæðið?*

„Já, klárlega. Það hefur verið hellingur af lífi þarna með. Það hefur ekki verið mikið vesen í kringum þetta hjá okkur.“

*Á Hinsegin dögum leggja auðvitað margir leið sína niður í miðbæ og því er þetta ágætis tækifæri fyrir fólk sem þarf að losna við dót úr geymslunni eða mögulega þá sem þurfa smá auka pening. Hvernig er hægt að vera með?*

„Fólk getur heyrt í okkur gegnum Facebook-síðuna okkar. Það geta allir komið og selt. Þetta er auðvitað mjög fjölskylduvænt og auðvitað hægt að taka börnin með.“

Facebook-síða markaðarins heitir einfaldlega Vitatorg og þar er hægt að senda þeim Signýju og Írisi skilaboð upp á að fá pláss. Annars hefst markaðurinn á slaginu eitt í dag.

**stefanthor@frettabladid.is**

Nilfisk



**NILFISK** GÓLFÞVOTTAVÉLAR
ÞRÍFA BETUR OG HRAÐAR

Margverðlaunuðu Nilfisk gólfþvottavélarnar auðvelda þrifin umtalsvert hvort sem um er að ræða þrif á heimili eða stærri rýmum. Sölufulltrúar veita ráðleggingar um stærð og tegund véla sem henta hverju sinni.

reddot award

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt • Sími 515 1100 • pontun@olis.is




Íslensk Getspá
ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Hanna Katrín Friðriksson og Ragnhildur Sverrisdóttir kynntust á ritstjórn Morgunblaðsins árið 1993. Hanna Katrín er eini samkynhneigði þingmaðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Við megum ekki sofna á verðinum

**Hanna Katrín Friðriksson og Ragnhildur Sverrisdóttir** segja umburðarlyndi þurfa að vera gagnkvæmt í allri hinsegin umræðu.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Okkar gæfa er íslenskt samfélag, þetta umburðarlynda og opna samfélag," segir Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar og eini samkynhneigði þingmaðurinn. Hún er gift Ragnhildi Sverrisdóttur upplýsingafulltrúa, og saman eiga þær tvær dætur sem þær eignuðust 2001. „Ragnhildur er eina konan sem ég hef verið með og ég hef verið mjög lánsöm, því ég hef aldrei fundið fyrir neinum fordómum. Það var alveg búið að opna dyrnar þegar ég varð ástfangin af konu. Það sem var eftir voru lokahnykkir með lagasetningar. Það er það sem aðrir hópar undir þessari hinsegin-regnhlíf eru að glíma við í dag, eins og trans fólk," segir Hanna Katrín.

### Kné þarf að fylgja kviði

„Það er svo mikilvægt þess vegna að láta kné fylgja kviði og festa í lögum réttindi hinsegin fólks þegar samfélagið er svona opið fyrir þessu. Ef það er ekki gert er alltaf þessi hætta á að verði afturför. Maður verður óneitanlega skelkaður þegar maður horfir á þróunina víða um heim, þegar hlutirnir fara að hallast að íhaldssemi og öfgum – þá vilja það oft verða þessir hópar, eins og konur og hinsegin fólk, sem eiga í vök að verjast. Við megum ekki sofna á verðinum."

Ragnhildur kom út úr skápnum nokkru áður en Hanna Katrín gerði það, en þær felldu hugi saman á ritstjórn Morgunblaðsins um 1993. Ragnhildur gekk í Samtökin '78 þegar þau voru aðeins ársgömul, árið 1979.

### Mátti ekki tala um lesbíur

„Þá var þetta pínulítill hópur. Við máttum ekki auglýsa neinar samkomur, máttum ekki nota orðið hommi eða lesbía í útvarpinu. Þetta var bara eins og í fornöld. Árið 1999, þegar gleðigangan var fyrst farin, höfðu orðið svo ótrúlegar breytingar. Þegar maður talaði um þessi fyrstu ár samtakanna var bara eins og maður væri að segja lygasögur af afa sínum," segir Ragnhildur hlæjandi. „Nú er svo mikið af hinsegin fyrirmyndum. Það breytti svo miklu."

Hanna Katrín: „Nú er þetta íþróttafólk, poppstjörnur, pólitíkusar og líka venjulegt fólk, sem er ekki síðri fyrirmyndir vegna þess að það er það sem við flest erum."

### Engar fréttir að vera trans

Ragnhildur: „Svo hefur svo margt bæst í flóruna fleira en það eitt að vera lesbía eða hommi. Við sem erum lesbíur erum eiginlega orðnar svona forréttindahópur," segir Ragnhildur og hlær.

„Maður heyrir af því í dag að unglingar séu ekki einu sinni að nefna það heima hjá sér þó það séu einhverjir trans unglingar í þeirra nærumhverfi. Þá hugsa ég með mér, vá, hvað við erum komin langt."

Ragnhildur hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir Samtökin '78 í gegnum tíðina og tók nýverið sæti í trúnaðarráði samtakanna eftir hlé. Hún þekkir starf samtakanna vel og segir þau hafa breyst mikið, en þau séu að vinna gríðarlega mikilvægt starf. Breytingum fylgja gjarnan átök, líkt og frægt varð á síðasta ári, þegar úrsagnir urðu úr samtökunum eftir að aðildarumsókn BDSM-samtakanna var samþykkt. „Þetta eru orðin stór regnhlífasamtök. Einu sinni hét þetta bara Félag lesbía og homma og svo kom bí og trans og allt þetta og bættist í. Ég held að fólki, sem barðist hérna áður fyrr, hafi fundist það pínulítið búið að týna samtökunum sem kristallaðist svo í þessu BDSM-dæmi. Stofnendur samtakanna upplifðu sig jaðarsetta, því það voru komin svo mörg aðildarfélög."

> **ÞAÐ ÞARF AÐ PASSA AÐ HLÆJA FÓLK EKKI ÚT AF SVIÐINU EF ÞAÐ KANN EKKI TUNGUTAKIÐ. MAÐUR HEFUR SÉÐ DÆMI ÞESS. ÞAÐ MÁ EKKI FÆLA ALMENNING FRÁ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í BARÁTTUNNI, ÞVÍ ÞÁ ERUM VIÐ BÚIN AÐ TÝNA HENNI.**

### Póltík má ekki valda kergju

Hanna Katrín segir að hún hefði viljað sjá þetta leyst í meira bróðerni. „Það hefði mátt gera þetta betur. En þegar maður tekur þátt í þessu starfi, sem er náttúrulega aðallega í kringum þessa hátíð, þá hittir maður fólk sem er með manni undir regnhlífinni hinsegin fólk en er gjörólíkt manni. Því það er eitthvað annað sem skilgreinir það. Mér finnst dásamlegt að sjá þennan fjölbreytileika og þá verður þessi samhugur og þessi gleði. Maður verður svo þakklátur fyrir baráttu þessara óteljandi einstaklinga sem helltu sér út í þetta allt saman af svo ofboðslegum krafti, það er helst þess vegna sem maður verður svo svekktur þegar pólitík eða tæknileg atriði fara að valda kergju.

### Má ekki hlæja fólk út af sviðinu

„Þetta var stórt mál, hlutirnir fóru hvorki fjandans til, eins og einhverjir spáðu, né gerðu samtökin sterkari. En ég veit ekki betur en að félagið sé mjög sterkt í dag. Hlutverk samtakanna hefur breyst og baráttumálin eru allt önnur. Ég sé ekki hvernig viðhorf almennings gæti verið betra gagnvart hinsegin fólki, sem var eitt aðalbaráttumálið hér áður fyrr. Nú eru málefnin orðin svo fjölbreytt. Það verður til þess að það verður ákveðið flækjustig. Það eina sem ég stressa mig á, hvað þetta varðar, er að mér þætti það slæm þróun ef við sérfræðivæddum þessa umræðu þannig að fólk almennt geti ekki tekið þátt í að tala um þetta. Það þarf að passa að hlæja fólk ekki út af sviðinu ef það kann ekki tungutakið. Maður hefur séð dæmi þess. Það má ekki fæla almenning frá því að taka þátt í baráttunni, því þá erum við búin að týna henni."

Ragnhildur tekur undir. „Við þurfum að passa okkur að vera líka umburðarlynd, í okkar röðum og það eru það langflestir."




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NMxxxxx * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

### Bur

Ókyngreint hugtak sem samsvarar orðunum sonur og dóttir. Orðið „bur“ er fornt í málinu, upprunalega í karlkyni, og merkti þá sonur. Það er af sama stofni komið og „að bera“ og „barn“. Orðið fellur haganlega að hvorugkynsbeygingum (bur-bur-buri-burs). Hugtakið var ein af vinningstillögum úr Hýryrðasamkeppni Samtakanna '78 árið 2015 og hefur mögulega ekki skapað sér sess í orðaforða fólks enn.

### Ciskynja/ sískynja

*(e. cisgender)*
Þegar kynvitund og kyntjáning einstaklings samræmist líffræðilegu kyni einstaklingsins, t.d. kona sem fædd er kvenkyns og er með kvenlega kyntjáningu.

### Dulkynja/vífguma

*(e. androgyny)*
Kyngervi sem felur í sér hluta af bæði karl- og kvenleika. Stundum ruglað saman við órætt útlit (þ.e. manneskja sem er erfitt að lesa sem karl- eða kvenlega).

### Eikynhneigð/ ókynhneigð

*(e. asexual)*
Einstaklingur sem laðast ekki kynferðislega að öðru fólki. Sjá greinina Hvað er ókynhneigð?

### Eigerva/ógerva

*(e. genderless/agender)*
Einstaklingur sem samsvarar sig ekki neinu kyni. Hugtakið var ein af vinningstillögum úr Hýryrðasamkeppni Samtakanna '78 árið 2015 og hefur mögulega ekki skapað sér sess í orðaforða fólks enn.

### Flæðigerva

*(e. Gender fluid)*
Kynvitund sem breytist eða er fljótandi. Getur breyst reglulega eða óreglulega og eftir mismunandi þáttum, t.d. umhverfi, líðan, félagsskap o.s.frv. Hugtakið var ein af vinningstillögum úr Hýryrðasamkeppni Samtakanna '78 árið 2015 og hefur mögulega ekki skapað sér sess í orðaforða fólks enn.

### Frjálsgerva/kynsegin

*(e. non-binary)*
Regnhlífarhugtak fyrir kynvitundir sem falla utan karl- eða kvenkyns. Felur meðal annars í sér vífguma/dulkynja, tvígerva, flæðigerva og algerva, en getur einnig staðið sem kynvitund eitt og sér og þýðir þá kynvitund sem fellur utan kynjatvíhyggjunnar. Stundum notað eitt og sér vegna þess hve opið hugtakið er fyrir persónulega túlkun hvers og eins. Hugtakið var ein af vinningstillögum úr Hýryrðasamkeppni Samtakanna '78 árið 2015 og hefur mögulega ekki skapað sér sess í orðaforða fólks enn.

### Hán

Persónufornafn sem sumir kynfrjálsir eða hinsegin einstaklingar vilja að sé notað í stað „hann“ eða „hún“. Persónufornafnið er í hvorugkyni og beygist því: hán-hán-háni-háns. Persónufornafnið tekur með sér lýsingarorð í hvorugkyni. Einnig hefur verið stungið upp á persónufornöfnunum „hín“ og „hé“ í sama tilgangi.

### Intersex

Einstaklingur er líkamlega á kynskalanum milli tveggja póla; karlkyns og kvenkyns. Viðkomandi getur verið með líkamleg einkenni, svo sem kynfæri beggja kynja, kynfæri sem brjóta í bága við önnur kyneinkenni, óræð kynfæri, hormónaröskun eða óræð innri líffæri.

### Tvígerva

*(e. bigender)*
Fólk sem skilgreinir sig sem tvö kyn. Tvígerva fólk er stundum með fljótandi kynvitund sem færist á milli kynjanna sem það skilgreinir sig sem, t.d. með að tjá sig á karllægan eða kvenlegan hátt, eftir samhengi og líðan.
**Heimild: áttavitinn.is**

# Trans fólk ætti ekki að þurfa greiningu

Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, transaktivisti, segist vilja breyta því að transfólk þurfi að fá greiningu á kynama (e. gender dysphoria) til þess að geta breytt fæðingarvottorði sínu og lifa samkvæmt sinni kynvitund í að minnsta kosti tvö ár áður en hægt er að gangast undir kynleiðréttingu. „Sömuleiðis eru biðlistar til að fá heilbrigðisþjónustu sem tengist aðlögunarferli transfólks allt að tveggja ára bið. Það þurfa að verða miklar breytingar og transfólk ætti að geta breytt öllum skjölum og skilríkjum án þess að þurfa greiningu eða þurfa að bíða í tvö ár.“



**Ugla og Fox fyrir utan Downingstræti 10.** AÐSENDMYND/FOXFISHER

**ÞAÐ ÞURFA AÐ VERÐA MIKLAR BREYTINGAR Í MÁLEFNUM TRANS FÓLKS.**

**Fái að skrá kyn sitt sem X**
Sömuleiðis er mikilvægt að kynsegin fólk fá lagaleg réttindi og geti skráð kyn sitt sem 'x' á opinber skjöl og skilríki. Það þarf að tryggja þeim aðgang að heilbrigðiskerfinu og sjá til þess að allt fólk hafi aðgang burtséð frá kynvitund. Sömuleiðis þarf að tryggja heilbrigðisþjónustu fyrir transbörn og -unglinga og byggja þá þjónustu betur upp svo hún sé styðjandi og mun opnari og auðveldari til að koma í veg fyrir frekari vanlíðan transbarna og -unglinga. Samkvæmt nýrri rannsókn eru hátt í 50 prósent transnemenda í Bretlandi sem hafa reynt eða íhugað sjálfsvíg vegna fordóma og eineltis,“ segir Ugla.

Ugla býr í Bretlandi með maka sínum, Fox Fisher, sem einnig er aktivisti. Saman fengu hún og hán boð frá forsætisráðherra Bretlands, Theresu May, um að koma í móttöku tileinkaða hinsegin fólki þann 19. júlí síðastliðinn. Slík móttaka er haldin árlega og er aktivistum og forystufólki hinseginhreyfinga boðið að vera viðstatt.

**Framarlega í umræðunni**
„Maki minn hefur verið mjög sýnilegur í þjóðfélagsumræðunni um transmálefni í Bretlandi síðan 2011 og ég hef líka látið á mér bera eftir að ég flutti þangað,“ útskýrir Ugla.

„Forsætisráðherra hélt ræðu þar sem hún talaði um stöðu hinsegin fólks og nefndi þar að mismunun gagnvart transfólki væri stórt vandamál í Bretlandi. Hún nefndi að flokkurinn hennar væri að endurskoða núgildandi lög, The Gender Recognition Act (2004), sem er mikið fagnaðarefni og mikil þörf á.

*Málefni transfólks í höndum Íhaldsflokksins undir forystu May – bindur þú miklar vonir við að eitthvað verði gert?*

„Flokkurinn hefur ekki verið þekktur fyrir að vera hinsegin fólki mjög vænn og þau hafa einnig farið í samstarf með DUP flokknum á Írlandi sem elur á hinsegin hatri, útlendingaandúð og vinnur gagngert gegn réttindum kvenna. Slíkt samstarf getur aldrei leitt til góðs og segir ýmislegt um siðferðisvitund Íhaldsflokksins að vilja vera kennd við DUP í formlegu samstarfi. Ef veigamiklar breytingar eiga sér stað mun það koma mér á óvart,“ segir Ugla.

„Ísland og Bretland eru að mörgu leyti samstíga og til að tryggja réttindi transfólk hérlendis þarf sömuleiðis að lyfta sjúkdómsgreiningunni burt, sjá til þess að heilbrigðiskerfið sé aðgengilegt fyrir kynsegin fólk og það séu skýrar verklagsreglur í kringum heilbrigðisþjónustu. Sömuleiðis þarf að sjá til þess að heilbrigðisþjónusta fyrir transungmenni sé skýr, fagleg og aðgengileg.“






# Fatlaðir eru líka kynverur

Réttindabarátta er langhlaup, með krókum og kimum, því getur verið erfitt að sjá hvernig hún stendur og hvað hefur áunnist. Í mínum huga er alveg ljóst að hinsegin baráttufólk hefur í gegnum tíðina náð miklum árangri og breytt viðhorfum og lögum. Tilvist mín væri með allt öðrum hætti ef ekki væri fyrir baráttu þess,“ segir Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, talskona Tabú.



„Á sama tíma hefur margt hinsegin fólk á Íslandi lítið sem ekkert vald yfir eigin líkama, er háð greiningum lækna við að fá nauðsynleg lyf eða meðferðir, nær ómögulegt er fyrir samkynja pör að ættleiða börn og óþarfar aðgerðir eru gerðar á intersex börnum svo þau falli betur að kynjatvíhyggju samfélagsins. Það er því ansi langt í land en mikilvægt að nýta sér það sem hefur áunnist sem hvatningu í áframhaldandi baráttu.“

Embla segist vera af þeirri kynslóð sem kom út úr skápnum þegar miklar breytingar voru að verða á réttarstöðu hinsegin fólks. „Það veitti mér hvatningu og ég var meðvituð um að slíkar breytingar væru ekki sjálfsagðar en þó mögulegar. Í öllum fagnaðarlátunum og gleðinni sofnuðum við, sem þjóð, á verðinum með þeim afleiðingum að í dag uppfyllir Ísland innan við helming þeirra lagalegu skilyrða sem þarf til að tryggja borgaraleg réttindi hinsegin fólks samkvæmt tölum ILGA-Europe. Það er ólíðandi. Ég mun taka þátt í atriði Samtakanna '78 í gleðigöngunni þetta árið þar sem vakin verður athygli á stöðu Íslands samanborið við önnur lönd. Ég vona að þetta muni vekja okkur til vitundar og verða til þess að við gyrðum okkur í brók og krefjumst þess að allt hinsegin fólk á Íslandi búi við borgaraleg réttindi.“

**ÞAÐ ER SJALDAN GERT RÁÐ FYRIR ÞVÍ AÐ FÓLK GETI BÆÐI VERIÐ FATLAÐ OG HINSEGIN.**

**Reglulega barngerð**
Sem fötluð kona upplifir Embla það reglulega að vera barngerð og ekki treyst til þess að taka ábyrgð á eigin lífi. „Þessu fylgir gjarnan sú hugmynd að ég sé ekki kynvera, í raun kynlaus, og ófær um að hafa kynhneigð. Ég fann það þegar ég kom út úr skápnum að fólk efaðist um hæfni mína til að þekkja eigin kynhneigð og sumum þótti óþægilegt að ég væri að gefa til kynna að ég væri kynvera. Ég finn það stundum enn í dag að fólk horfir einkennilega á mig þegar ég leiði eða kyssi kærustuna mína á almannafæri en ég veit auðvitað ekki hvort það er að horfa vegna þess að ég er samkynhneigð, fötluð eða hvort tveggja,“ segir Embla og heldur áfram:

„Einnig er sjaldan gert ráð fyrir því að fólk geti bæði verið fatlað og hinsegin því yfirleitt er talað um okkur sem tvo aðskilda hópa. Félagsleg staða okkar á Íslandi er t.d. þannig að eini opinberi hinsegin skemmtistaðurinn er óaðgengilegur mörgu fötluðu fólki sem hefur áhrif á möguleika okkar til þess að kynnast fólki og taka þátt í hluta af menningu hinsegin fólks.“

## Stærstu sigrarnir í höfn – en bara fyrir suma



„Stærstu sigrarnir eru í höfn fyrir homma og lesbíur. Við njótum lagalegs jafnréttis á við aðra og sýnileikinn er til staðar, unga fólkið kemur fyrr út og samfélagið allt og skólar til fyrirmyndar,“ segir Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV-samtakanna.

„En við þurfum að standa vörð um réttindi jaðarhópa. Reynslan segir okkur að þau eru ekki sjálfsögð og Ísland hefur dregist aftur úr hvað varðar réttindi hinsegin fólks miðað við hin Evrópulöndin. Í dag standa spjótin sem dæmi á stöðu transfólks, sérstaklega unglinga og barna.“

Einar kom út úr skápnum fyrir 33 árum og segir ekki hægt að líkja saman lífi samkynhneigðra nú og á níunda áratugnum.

„Fordómar voru miklir svo og þekkingarskortur. Það var mikið álag að koma út á þessum árum en jafnframt persónulegur léttir þrátt fyrir tíðarandann. Við nutum ekki mannréttinda á við aðra og ég segi stundum „hommar voru réttdræpir í gamla daga“. Það var hreinlega barist upp á líf og dauða fyrir tilveru samkynhneigða samfélagsins. Úthald, kjarkur, eldmóður og þrautseigja þeirra sem stóðu í stafni á þessum árum var svo öflug að þess verður lengi minnst. Ekki má gleymast að þakka og gleðjast yfir því sem hefur áunnist á ekki lengri tíma, í raun ótrúlegt kraftaverk.“

Einar segir Hinsegin daga mjög mikilvæga hátíð enn í dag. „Það er þetta með sýnileikann, stoltið, ástina og kærleikann og samkenndina. Ég græt oft af gleði og þakklæti á Gay Pride, það er svo ótrúlega stórt, fallegt og dýrmætt fyrir okkur eldri að sjá og finna velviljann og allt sem hefur áunnist í réttindabaráttunni.“

HIV ísland tekur þátt í göngunni í ár. „Við vonumst til að vera hópur sem gengur saman og vera sýnileg. Við höfum látið útbúa skilti með skilaboðum „HIV jákvæðir á lyfjum – smita ekki“ „Jákvæð og ósmitandi“, „Jákvæð og gordjöss“, „Bless fordómar – halló gordjöss“, „HIV jákvæðir á lyfjameðferð =ósmitandi“.“




# Útimálning
## fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig í valinu á útimálningu.

**Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu**

málning
*- sérfræðingar í útimálningu -*

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík

ÍSLENSKA/SIA.IS MAL 83333 02/17




Reykjavíkurmaraþonið er hápunktur sumarsins í huga flestra hlaupara og hefur fyrir löngu skapað sér fastan sess í borgarlífinu. Von er á mörg þúsund þátttakendum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Búðu þig undir maraþonið

Það ætti vart að hafa farið fram hjá neinum að Reykjavíkurmaraþonið nálgast óðfluga. Fréttablaðið ráðleggur hlaupurum hvernig á að undirbúa sig síðustu vikuna fyrir hlaup.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Þúsundir Íslendinga munu reima á sig skóna næsta laugardag þegar Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í 34. sinn. Hlaupið hefur fyrir löngu skapað sér fastan sess í borgarlífinu og er jafnframt hápunktur sumarsins í hugum flestra hlaupara. Eins konar uppskeruhátíð eftir æfingar undanfarinna mánaða. En hvernig er best að hátta undirbúningnum síðustu vikuna fyrir hlaupið?

Flestir taka erfiðustu æfingarnar að minnsta kosti tveimur vikum fyrir keppnisdag. Þegar aðeins ein vika er í hlaup á æfingatímabilinu í raun að vera lokið og er þá vart von til þess að bæta enn frekar við úthaldið. Það yrði of seint í rassinn gripið. Hvíldin gerir þá meira gagn heldur en aukaæfingar. Áfram á þó að fara út að skokka, til þess að koma í veg fyrir að líkaminn stirðni að óþörfu, en einungis rólega og í stuttan tíma.

Álagið á að minnka smám saman þannig að líkaminn geti hvílst nóg fyrir komandi átök. Ekki skiptir síður máli að ná góðum svefni í vikunni fyrir hlaupið, þá sér í lagi síðustu tvo til þrjá dagana, og forðast eins allt óþarfa álag í vinnu og daglegu lífi.

Þeir sem hyggjast hlaupa tíu kílómetra þurfa ekki að breyta mataræðinu með neinum verulegum hætti síðustu dagana fyrir keppnisdag. En heilbrigð skynsemi kennir manni þó að borða ekki þungan mat daginn áður. Skynsamlegt er að leggja áherslu á fjölbreytt og kolvetnaríkt fæði, svo sem hafragraut, sætar kartöflur, hýðishrísgrjón, pasta og ávexti, og sleppa öllum unnum mat síðustu dagana fyrir hlaup.

**Ekki prófa neitt nýtt**

Það sama gildir um mataræðið og æfingarnar að forðast ætti allt það sem líkaminn kannast ekki við. Síðustu dagarnir fyrir hlaup eru ekki rétti tíminn til þess að spreyta sig á nýjum uppskriftum í eldhúsinu.

Ræst er í maraþoninu snemma morguns og því skiptir máli að vakna eldsnemma, að minnsta kosti þremur tímum fyrir ræsingu, og borða léttan en góðan og kolvetnaríkan morgunverð. Flestir forðast trefja- og fituríkan mat fyrir hlaup til þess að koma í veg fyrir meltingartruflanir. Stressið í aðdraganda hlaupsins hægir enn frekar á meltingunni og því er ráðlegast að borða sem allra minnst klukkutíma fyrir hlaup. Ekki má heldur gleyma að dreypa á vatni af og til um morguninn.

Þörfin á næringu í hlaupinu fer eftir vegalengdinni sem farin er. Þeir sem hlaupa tíu kílómetra þurfa ekki að taka inn næringu á leiðinni, nema í öllu falli að fá sér vatnsglas til þess að bæta upp vökvatap ef heitt er í veðri. Raunar er oft sagt að ekki þurfi að drekka neitt nema vatn ef hlaupið er skemur en níutíu mínútur. Ef hlaupið er lengur er sniðugt að hafa með sér íþróttadrykk eða sérstök orkugel sem eru vinsæl meðal hlaupara. Strax eftir hlaup er brýnt að fá sér fljótmelta fæðu eins og súkkulaði eða banana og fljótlega eftir það próteinríka máltíð.

Ekki er óeðlilegt að finna fyrir stressi fyrir hlaup. Þá er ráð að fara yfir undirbúninginn í huganum og fullvissa sig um að maður sé búinn að „vinna“ vinnuna sína, ef svo má segja. Það er frábær tilfinning að standa í rásmarkinu með þúsundum annarra. Njóta skal augnabliksins, en gæta þess um leið að gleyma sér ekki í stemningunni og fara of geyst af stað, eins og algengt er.

Það er ekki sagt að ástæðulausu að það sé hugurinn sem kemur hlaupurum í mark. Þegar í harðbakkann slær hefur reynst undirrituðum vel, sér í lagi í erfiðum maraþonhlaupum, að hugsa fallega til þeirra sem standa manni næst – rifja upp góðar stundir og ylja sér við gleðilegar minningar. Þetta kann að hljóma væmið, en í miðju hlaupi, þegar endorfínið streymir um líkamann, magnast allar jákvæðar tilfinningar og hlaupið verður auðveldara viðureignar.



## Spandex er staðalbúnaður

Vissulega er hægt að fallast á að spandexgallarnir sem hlauparar klæðast gjarnan séu ekki ýkja fallegir. En það eru samt gildar ástæður fyrir vinsældum þeirra. Það er nefnilega svo þægilegt að hlaupa í þeim. Fötin eru létt, þau hleypa út svita, anda vel, gefa eftir og þvinga engar hreyfingar. Það er ólíkt gömlu bómullarbolunum sem söfnuðu í sig svita og gátu valdið sársaukafullum nuddsárum. Allir hlauparar sem vilja láta taka sig alvarlega þurfa nauðsynlega að fjárfesta í spandex.



## Góðir hlaupaskór algjört lykilatriði

Þegar kemur að útbúnaði skipta skórnir langmestu máli. Þeir eru helsta forvörnin gegn meiðslum. Það er ómögulega hægt að notast við gömlu þreyttu hlaupaskóna, heldur verða hlauparar að fjárfesta í vönduðum skóm. Vissara er að leita til sérhæfðra verslana og fá þar leiðsögn. Hlaupalag fólks er afar ólíkt frá náttúrunnar hendi og verður því hver og einn að finna út hvað hentar sér. Engin algild töfralausn er til.

Eitt er þó víst að þyngri hlauparar sem og byrjendur ættu fremur að velja þyngri skó með þykkum sóla og góðri dempun heldur en þunna og létta skó sem gefa fótunum minni vörn. Ekki er mælt með því að kaupa nýja skó viku fyrir keppnishlaup nema algjör nauðsyn krefji. Fæturnir þurfa nefnilega tíma til að venjast nýjum skóm. Það þarf að hlaupa þá til, eins og sagt er.

## Hlaupaþjálfun er ekki eintóm kvöl og pína

Því miður er orðið um seinan að ætla nú fyrst að hefja undirbúning fyrir Reykjavíkurmaraþonið. En það er aldrei of seint að byrja að hlaupa. Ein helstu mistök byrjenda eru að ætla sér um of. Maður sigrar ekki heiminn strax. Langhlaup eru þolinmæðisvinna.

Fyrsta markmið þeirra sem eru að byrja að hlaupa ætti að vera að ná sér í ákveðinn hlaupagrunn sem felst í því að geta hlaupið samfellt í þrjátíu mínútur þrisvar til fjórum sinnum í viku. Til að byrja með væri heppilegt að skiptast á að ganga og hlaupa í þrjátíu mínútur í senn, nokkrum sinnum í viku, og auka jafnt og þétt tímann sem hlaupið er, en stytta jafnframt göngutímann.



Langhlaupaþjálfun snýst fyrst og fremst um stöðugleika. Það ávinnst lítið að æfa eins og herforingi í nokkrar vikur og síðar ekki söguna meir. Fólk þarf þess í stað að finna hlaupunum stað í lífsmynstrinu.

Það er jafnframt misskilningur að hlaupaþjálfun sé eintóm kvöl og pína. Þvert á móti eiga æfingarnar að vera á notalegum hraða sem manni líður vel á. Inn á milli er hægt að taka aðeins á því, en aðalmálið er að njóta hlaupanna. Það er gaman að hlaupa og sannkölluð forréttindi að geta það.


Lúxusflaug
með
karamellu
Kjörís



**Iðnaðarmenn voru undir miklu álagi við að ljúka verkinu í tæka tíð en þessi mynd er tekin þremur dögum fyrir opnun.** MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/BRYNJAR GAUTI SVEINSSON

# Kringlan fagnar 30 árum

Verslanamiðstöðin Kringlan var opnuð 13. ágúst 1987 og fagnar 30 ára afmæli á sunnudag. Landsmenn fylgdust náið með uppbyggingunni sem gjörbreytti verslun hér á landi.

Klukkan tíu að morgni þann 13. ágúst 1987 klippti Pálmi Jónsson, oftast kenndur við Hagkaup, á borða í Kringlunni og opnaði þar með verslanamiðstöðina að viðstöddu fjölmenni. Byggingin fagnar því 30 ára afmæli á morgun, sunnudag.

Landsmenn fylgdust náið með uppbyggingu Kringlunnar enda var framkvæmdin fordæmalaus. Með henni tók verslun hér á landi stakkaskiptum og verslunarrými í borginni jókst um tæp tíu prósent á einu bretti.

Verslanamiðstöðin var byggð að erlendri fyrirmynd, með aðstoð breskra ráðgjafa, og hófst verkið af krafti sumarið 1985. Pálmi var aðalhvatamaður þess og hafði unnið að hugmynd sinni frá árinu 1980.

Alls voru 68 verslanir í Kringlunni á opnunardeginum, átta veitingastaðir, og byggingin þá um 28 þúsund fermetrar að stærð. Hún var þá næststærsta hús landsins, á eftir kerskálum álversins í Straumsvík. Verkið var svo stórt að umfangi að allar lánastofnanir landsins komu að því og innlendar steypustöðvar önnuðu ekki eftirspurninni. Rúmlega 5.700 tilnefningar bárust í nafnasamkeppni um heiti nýju verslunarmiðstöðvarinnar, eins og kemur fram í bók Sigurðar Más Jónssonar, Kringlan í aldarfjórðung. Miðgarður, Kringlan, Kauphöllin, Hagbær og Pálmalundur, fengu þá flestar tilnefningar.

Fjórum árum síðar var Borgarkringlan opnuð en hún stóð á milli Kringlunnar og Borgarleikhússins. Rekstur verslana þar gekk misjafnlega og árið 1996 voru verslanamiðstöðvarnar tvær sameinaðar með tengigangi. Þremur árum síðar var svo ráðist í stækkun með nýrri viðbyggingu sem tengir saman Kringluna, Borgarkringluna og Borgarleikhúsið. Stækkunin var liður í svari Kringlunnar við nýju verslanamiðstöðinni Smáralind í Kópavogi sem átti að opna skömmu eftir aldamótin.

**»**

**ÁTJÁN VERSLANIR ERU ENN Í HÚSINU ÞREMUR ÁRATUGUM SÍÐAR.**

Af þeim 68 verslunum eða veitingahúsum sem voru opnuð í Kringlunni í ágúst 1987 eru átján úr þeim hópi enn í húsinu. Þar á meðal eru gleraugnaverslunin Augað, skóbúðin Bossanova, Herragarðurinn, Byggt og búið og Heilsuhúsið.

Kringlan er í dag um 53 þúsund fermetrar og hefur því nánast tvöfaldast að stærð. Alls eru verslanir þar nú 119 talsins og veitingastaðirnir sextán. Afmælishátíð Kringlunnar verður haldin í október eða þegar framkvæmdum vegna opnunar sænsku fataverslunarinnar H&M, og breytingum á verslun Hagkaupa á jarðhæð, verður lokið.

haraldur@frettabladid.is



**Pálmi Jónsson, stofnandi Hagkaupa, opnaði Kringluna með því að klippa á borða. Ragnar Atli Guðmundsson, sem hafði yfirumsjón með byggingunni, aðstoðaði hann.** MYND/LJÓSMYNDASAFNREYKJAVÍKUR/BRYNJAR GAUTI SVEINSSON



**Veitingastaðurinn Hard Rock Café í Kringlunni naut mikilla vinsælda. Honum var lokað árið 2005.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Kaupmenn fengu sumir einungis nokkra daga til að fylla á hillur sínar.** MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**Kaupmenn í Kringlunni voru hæstánægðir með fyrstu jólaverslunina í húsinu. Þessi mynd er tekin 7. desember og þá var nóg að gera.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 12. ÁGÚST 2017



# Ævintýrakonur

Þriggja mánaða ferðalag Jóhönnu Jónsdóttur og Helgu Bergmann um Suður-Ameríku bauð upp á ný ævintýri á hverjum degi. Þær segja aldrei of seint að láta drauma sína rætast. →2

Helga Bergmann (t.v.) og Jóhanna Jónsdóttir í sólseturssiglingu á Amasonfljóti í Brasilíu.



**Bláberjadagar verða haldnir hátíðlegir í Súðavík fyrstu helgina í september. Á dagskránni verður m.a. tónlist, brenna, ball og auðvitað bláber.**

helgin →4


*Magaverkur eða bakflæði?*

*Ofnæmi?*




Nú 28 stk. án lyfseðils

*Esomeprazol Krka*
*Magasýruþolin hylki*
*Tilboð: 995 kr.*




100 stk. án lyfseðils

*Loratadin LYFIS*
*Töflur*
*Tilboð: 995 kr.*




*Nasofan inniheldur sterann flucicason propionat sem hefur bólgueyðandi verkun. Þegar Nasofan er úðað í nefið dregur það úr bólgu og ertingu.*

*Nasofan*
*Nefúði*
*Tilboð: 995 kr.*

FARMASiA APÓTEK

*Suðurveri*
*Stigahlíð 45*
*105 Reykjavík*
*Sími 511 0200*
*facebook.com/farmasiaapotek*

*Mán. til fös. Opið: 08-20 Lau. 10-18 Sun. 13-18*

*Tilboðin gilda til 15. sept.*

*Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfin á wwww.serlyfjaskra.is*

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Vinkonurnar Jóhanna Jónsdóttir og Helga Bergmann fóru í þriggja mánaða reisu síðasta vetur þar sem þær heimsóttu sex lönd og fjórar eyjar í Suður-Ameríku. Þær kynntust í gönguhópi fyrir rúmum þremur árum en þar kom til tals að Helga hafði farið ein í fimm vikna bakpokaferðalag til Víetnams og Laos. Þegar Jóhanna hafði lýst yfir áhuga sínum á ævintýraferðum um ókunnar slóðir sagði Helga henni frá næstu áformum sínum; að skella sér í þriggja mánaða reisu til Suður-Ameríku. „Auðvitað var ákveðið á staðnum að við færum saman og rúmu ári síðar vorum við mættar á Keflavíkurflugvöll með bakpokana á leið í ævintýri lífs okkar,“ segir Jóhanna.

Þær lögðust yfir landakortið og ákváðu að hefja ferðalagið á Kúbu og halda þaðan til Suður-Ameríku þar sem fyrsti viðkomustaðurinn var Kólumbía. „Planið var að láta vinda ráða för eftir það en þegar við uppgötvuðum að Tapati-frumbyggjahátíðin á Páskaeyjum væri í kringum mánaðamótin janúar og febrúar ákváðum við að negla niður flug þangað. Eitt leiddi af öðru og áður en við vissum af vorum við búnar að bóka hátt í 30 flug og komnar nánast á enda veraldar,“ bætir Helga við.



Með risaskjaldböku á Galapagoseyjum undan ströndum Ekvador. Þar má finna eitthvert magnaðasta dýralíf veraldar.

## Salsa og heimaslátrun

Ævintýrið byrjaði á Kúbu í lok desember á síðasta ári og eyddu þær níu dögum í að koma sér frá Holguin, á austari hluta eyjunnar, til höfuðborgarinnar Havana. „Við heimsóttum leiði Castros í fæðingarbæ hans Santiago De Cuba, urðum vitni að heimaslátrun svína fyrir gamlárskvöld sem var skelfilegt á að hlýða og var boðið í áramótafagnað hjá heimamönnum. Þar snæddum við heilgrillað svín, dönsuðum salsa og horfðum á flugeldasýningu þar sem reyndar aðeins einum flugeldi var skotið upp í virðingarskyni við hinn nýfallna leiðtoga. Okkur fannst þetta nú frekar fyndið.“

Næst var förinni heitið til Leticia, syðstu borgar Kólumbíu, en þaðan lá leiðin í Amasonfrumskóginn þar sem ýmis ævintýri biðu þeirra. „Það var heillandi að dvelja í fimm daga í frumskóginum við nokkuð frumstæðar aðstæður. Við þurftum að hægja niður taktinn því þarna hefur allt sinn tíma og enginn er að flýta sér. Þar skoðuðum við m.a. litskrúðugt fuglalíf, veiddum piraña-fiska og lékum okkur við tarantúlur, krókódíla og önnur næturdýr eftir að myrkur skall á. Við gistum á dýragarði þar sem aparnir voru einkar vinalegir, forvitnir og fingralangir.“

## Blálitaður sjórinn

Paradísareyjan San Andres var næsti viðkomustaður en hún er í Karíbahafinu, norður af strönd Kólumbíu. Meðan Helga lék sér í undurheimunum við að kafa sótti Jóhanna köfunarnámskeið. „Sjórinn er óendanlega fallegur með sína margbreytilegu sjö bláu liti. Þar var virkilega gaman að kafa og lífið í sjónum var stórkostlegt. Síðasta daginn leigðum við okkur svakalegt tryllitæki og skelltum okkur í hring um eyjuna með snorkl-stoppum þar sem við skoðuðum m.a. höggmyndir á hafsbotni.“

Þá var haldið til Ciudad Perdida, sem þýðir Týnda borgin, en hún fannst árið 1973 og var byggð um 650 árum á undan Machu Picchu í Perú. „Eina leiðin til að komast þangað er að ganga í fjóra daga, í miklum hita og raka, langa krefjandi fjallastíga sem oft á tíðum geta verið mjög hálir vegna mikillar úrkomu á svæðinu. Á síðasta degi er snarbrött ganga upp um 1.200 steintröppur gegnum þykkan skóginn.“ Þegar á efsta pall var komið munaði engu að Helga hrapaði marga metra niður þegar hún steig á lausa steinsyllu, en á ögurstundu náði Jóhanna að kippa henni til baka frá bráðum bana að þeirra sögn. Það voru því afar sáttar og glaðar vinkonur sem héldu áleiðis til dýralífseyjanna Galapagos.



Tabati-hátíðin á Páskeyju var einn af hápunktum ferðarinnar. Þar er gömlum hefðum viðhaldið og keppt er í ævafornum íþróttagreinum frumbyggja. Jóhanna og Helga voru m.a. dressaðar upp að hætti eyjarskeggja í heimagerða búninga úr þurrkuðum pálmablöðum, fjöðrum og skeljum og málaðar með svartri ösku.

## Frábær hátíð

Galapagoseyjar, undan ströndum Ekvador, eru með eitt magnaðasta dýralíf veraldar þar sem varla verður þverfótað fyrir eðlum, sæljónum, skjaldbökum og alls kyns fuglategundum sem finnast einungis á þessum slóðum. „Þar náðum við að skoða slatta af eyjum, snorkla með risaskjaldbökum, mörgæsum og ótal fiskum. Einnig köfuðum við sex sinnum við eyjarnar þar sem toppurinn var að kafa með torfu af þrjátíu sleggjuhákarlar. Okkur fannst við alls ekki hafa gert þessum fallegu eyjum næg skil og ákváðum því síðar á ferðalaginu að skella okkur þangað aftur og var sú ferð ekki síðri en sú fyrri.“

Páskaeyja tilheyrir Síle, en er þó í rúmlega 3.500 km fjarlægð frá meginlandinu og tekur það um fimm og hálfa klukkustund að fljúga þangað. „Það var mikil upplifun að skoða tilkomumiklar steinstytturnar sem þar eru, sjá hvar þær voru höggnar út úr stóru fjalli, komið fyrir víðsvegar um eyjuna þrátt fyrir að vera fleiri tonn að þyngd og velta vöngum yfir hvernig í ósköpunum þetta var framkvæmanlegt.“

Toppurinn var svo að taka þátt í Tabati-hátíðinni að þeirra sögn. „Þetta er heljarmikil hátíð þar sem gömlum hefðum er viðhaldið og keppt er í ævafornum íþróttagreinum frumbyggja. Allir fá að taka þátt og vorum við meðal annars óvænt dressaðar upp að hætti eyjarskeggja í heimagerða búninga úr þurrkuðum pálmablöðum, fjöðrum og skeljum og málaðar með svartri ösku.“

## Bláir marmarahellar

Meginland Síle var næst á dagskrá þar sem helstu viðkomustaðir voru Santiago de Chile, Balmaceda, Coyhaique og Puerto Rio Tranquilo. Helsti hápunktur þessa hluta ferðarinnar voru bláu marmarahellarnir sem eru við vatnið General Carrera á landamærum Síle og Argentínu.

Í þjóðgarðinum Torres del Paine í suðurhluta Síle var planið að fara í fimm daga, 84 km krefjandi göngu um ægifagurt landslag með stórbrotnum fjallstindum og tignarlegum granítturnum. „Veðrið lék við okkur, en á fjórða degi ákváðum við að breyta áætlun og taka tvo seinustu dagana saman þar sem veðurspáin var ekki hagstæð seinni daginn. Þennan dag gengum við 31 km í dásamlegu veðri með topp útsýni á turnana þrjá.“ Næst lá leiðin suður á bóginn til Punta Arenas og Isla Magdalena að kíkja á suðurpólsmörgæsir.

Síðasti viðkomustaðurinn var Perú þar sem þær dvöldu síðustu þrjár vikurnar. Aðalaðdráttaraflið var Inkastígurinn til Machu Picchu, eða Týndu borgarinnar eins og hún er oftast nefnd. Þær höfu þó dvölina á göngu í Regnbogafjöllunum án þess að hafa aðlagast hæðinni og gera sér grein fyrir því að þær voru í 5.300 metra hæð, nánast sömu hæð og grunnbúðir Everest.

## Stórkostleg upplifun

Inkastígurinn til Machu Picchu var stórkostleg upplifun að þeirra sögn. „Ferðin tók fjóra daga og útsýnið var alls staðar stórkostlegt. Síðustu nóttina var lagt af stað út í myrkrið rétt rúmlega tvö um nótt svo við næðum sólarupprás í sólarhliðinu fyrir ofan Machu Picchu. Við náðum upp á réttum tíma en því miður var engin sól. Útsýnið var samt stórkostlegt og veðrið var dásamlegt. Þessi leið tekur vel á en hæst er farið í 4.215 metra hæð.“

Ævintýrin í Perú héldu áfram. Þær flugu til Arequipa og Uroseyja á Titikakavatni sem er í rúmlega 3.800 metra hæð yfir sjávarmáli. Þriggja daga ganga í Colca Canyon, sem er eitt dýpsta gljúfur heims, beið þeirra þar og þær skoðuðu Nazca-línurnar úr lofti. „Þá flugum við til Lima, höfuðborgar Perú, þaðan sem leiðin lá heim. Okkur fannst landið yndislegt og þar spilaði inn í fólkið sjálft, náttúran og sagan. Ekki skemmdi svo fyrir að ferðast þar um með frábærum tólf manna hópi Íslendinga sem við hittum í Cusco.“

## Endalaus ævintýri

Þær segja margar minningar standa upp úr. Hver dagur hafi innihaldið ný ævintýri og margar skondnar uppákomur sem kalla munu fram hlátur um ókomna tíð. „Það sem stóð þó helst upp úr og kom okkur mest á óvart var hversu fólkið var hjálpsamt og glaðlegt. Allir voru boðnir og búnir að hjálpa okkur hvar sem við komum, hvort sem það var að finna gistingu, túlka spænskuna sem við kunnum nánast ekkert í, bjarga okkur úr sjávarháska eða gefa okkur far þegar við vorum á puttanum,“ segir Helga.

Margt hefur safnast í viskubrunn þeirra að eigin sögn og þær eiga margar ómetanlegar minningar eftir ferðina. „Næstu ævintýri eru á teikniborðinu því stefnan er sett á Suður-Afríku 2019 og svo heillar að ferðast til Túrkmenistan og Úsbekistan. Mottó okkar er: ekki vera hrædd við að fara út fyrir þægindarammann, sama á hvaða aldri þið eruð, því það er aldrei of seint að láta drauma sína rætast,“ segja þær báðar að lokum.

Nýjar vörur





Blúndubolir
kr. 5.990.-
Str. S-XXL
Litir: svart,blátt

Túnika
kr. 11.900.-
Str. S-4XL

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Mælir heilshugar með Bio-Kult


Margrét Alice mælir með Bio-Kult-hylkjunum til að bæta meltinguna.

**Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Margrét Alice Birgisdóttir mælir með Bio-Kult fyrir meltinguna. Hún notar Bio-Kult Candéa til að halda einkennum niðri og Bio-Kult Original til að viðhalda bata.**

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur.

Ég mæli heils hugar með BioKult, bæði Candéa með hvítlauk og grapeseed-extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“ Bio-Kult Candéa-hylkin geta virkað sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangri, fæðuóþoli, pirringi og skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verkjum í liðum, mígreni eða ýmsum húðvandamálum.

**„Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára.**




### Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grapeseed-extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með BioKult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.
- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original.

# Undrast hvað Femarelle hefur virkað vel fyrir mig

**Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan. Femarelle slær á einkenni tíðahvarfa, svo sem hitakóf, höfuðverk og svefntruflanir.**

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og meltingin hefur lagast eftir að hún fór að taka inn Femarelle. „Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ákvað ég að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög vön því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega. Eftir um það bil eina viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér. Ég var mjög ánægð að uppgötva að ég fyndi svo fljótt mun á mér, og ákvað að halda áfram að taka það. Núna get ég setið lengi við og heklað og prjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda í matinn. Eftir um það bil mánuð fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig.“




Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

### Femarelle er öruggur kostur fyrir konur

- Vinnur á einkennum tíðahvarfa.
- Slær á óþægindi eins og hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg vara, unnin úr soja og inniheldur tofu-extrakt og hörfræjaduft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.
- Staðfest með rannsóknum sem fram hafa farið síðustu þrettán ár.


Gerður var ánægð að uppgötva að hún fyndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.



Bláber eru góð í bakstur. MYND/GETTY

# Ber í hverri einustu brekku

## Bláberjadagar verða haldnir hátíðlegir í Súðavík fyrstu helgina í september. Á dagskránni verður m.a. tónlist, brenna, ball og auðvitað bláber.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Í ár verða Bláberjadagar haldnir í sjöunda sinn í Súðavík og að þessu sinni stendur hátíðin yfir helgina 1.-3. september. Bláberjadagar voru fljótir að festa sig í sessi á meðal bæjarbúa og hafa verið vel sóttir í gegnum tíðina. Gamlir Súðvíkingar nota þá gjarnan tækifærið og heimsækja gamlar slóðir, auk þess sem fjöldi annarra gesta sækir bæinn heim. Í Álftafirði, Hestfirði og Skötufirði er sérlega gott berjaland og segja má að hér sé kjörlendi fyrir aðalbláber. Gárungarnir telja að berjasprettan verði óvenjugóð í ár, svo ég vonast til að hún verði með allra besta móti," segir Pétur G. Markan sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

### Villt hollusta

Bláber eru þekkt fyrir að vera stútfull af hollustu og vítamínum og segir Pétur þau vaxa villt allt í kringum bæinn svo ekki er langt að fara til að bragða á þessu góðgæti. Gestir Bláberjadaga ættu því að nýta tækifærið og fylla alla koppa og kirnur af bústnum berjum og nota þau í sultur, saft, bakstur og þeyting, en berin má einnig frysta og eiga til góða fyrir veturinn.

### Innlendir og erlendir tónlistarmenn

Pétur segir að á Bláberjadögum verði tónlist í hávegum höfð en Eggert Nielsen hefur haft veg og vanda af því að fá erlenda tónlistarmenn til Súðavíkur þar sem þeir stíga á svið og skemmta gestum, auk þess sem ungir og upprennandi íslenskir tónlistarmenn láta ljós sitt skína.

> **Í Álftafirði, Hestfirði og Skötufirði er sérlega gott berjaland, svo segja má að hér sé kjörlendi fyrir aðalbláber.**
>
> Pétur G. Markan sveitarstjóri.



„Bláberjadagar hefjast formlega með tónleikum í Samkomuhúsinu, sem er afar glæsilegt og einn eðalsteinn okkar Súðvíkinga. Á laugardeginum verður Ungmennafélagið Geisli með skemmtun fyrir krakkana og um kvöldið verður síðan brenna og loks ball. Við reiknum með að það verði mikil stemning. Það er líka ómetanlegt að geta farið með fjölskylduna í berjamó í Súðavíkurhreppi. Það er okkar Gullfoss og Geysir," segir Pétur.

Nóg pláss er fyrir alla gesti því tjaldsvæðið í Súðavík var gert upp fyrir þremur árum og að sögn Péturs er aðstaðan öll til fyrirmyndar. „Við erum með tipp topp aðstæður til að taka á móti gestum," segir hann og vonast til að sjá sem flesta berjavini á Berjadögum í haust.

### Bláberjamúffur

Bláber henta vel í matargerð, svo sem sultur, saft, grauta, bakstur og þau eru sérlega góð í þeytinga. Bláber má frysta en þó er ekki mælt með því að þau séu lengur en hálft ár í frysti.

**3 bollar hveiti**
**1 msk. lyftiduft**
**1 tsk. salt**
**6 msk. mjúkt smjör**
**1 bolli sykur**
**2 egg**
**1 tsk. vanilludropar**
**1 bolli mjólk**
**2 bollar fersk bláber**

Hitið ofninn 180°C. Setjið hveiti, lyftiduft og salt í skál. Þeytið smjör og sykur saman þar til blandan verður létt og ljós og bætið síðan við eggjum og vanilludropum og hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Hellið hveitiblöndunni og mjólk saman við og þeytið þar til deigið er orðið slétt og kekkjalaust. Blandið berjunum varlega saman við með skeið. Setjið pappírsform í múffuform og bakið í um 30 mínútur. Látið kólna lítillega og berið fram.

HEILSURÆKT

Sérblaðið Heilsurækt mun fylgja Fréttablaðinu fimmtudaginn 24. ágúst.

Í blaðinu verður fjallað um allt sem viðkemur bættri heilsu. Má þar nefna ýmiskonar hreyfingu og heilsurækt, hollt matarræði, æfingafatnaður, vítamín, fæðubótarefni og ýmsar aðrar heilsutengdar vörur
Að venju er boðið upp á fjölmörg áhugaverð viðtöl og greinar sem gefa lesendum færi á að kynna sér fjölbreyttar leiðir til að koma skrokknum í gott stand.

Þetta sértæka efni í bland við gríðarlega mikinn lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til allra þeirra sem

Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar um blaðið hjá Ólafi H. Hákonarsyni markaðsfulltrúa með því að senda póst á netfangið olafurh@365.is eða með því að hringja í síma 512-5433



Íslenska KALKÞÖRUNGAFÉLAGIÐ

# Framleiðslustjóri

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. á Bíldudal óskar eftir að ráða framleiðslustjóra.

**Hlutverk**

- Hefur, ásamt framkvæmdastjóra, umsjón með framleiðslu á afurðum félagsins þar sem unnið er að stöðugum umbótum.
- Stuðlar að hagkvæmustu nýtingu mannafla, hráefna og tækja og gætir þess eins og kostur er að framleiðslu- og kostnaðaráætlanir gangi eftir.
- Yfirumsjón með birgðastöðu félagsins.
- Yfirumsjón með skipulagi á viðhaldsverkefnum vegna véla, tækja og búnaðar verksmiðjunnar.
- Heilsa, velferð og öryggi starfsmanna eru forgangsmál og þar gegnir framleiðslustjóri lykilhlutverki, m.a. þegar fylgja þarf eftir reglum um öryggi og umgengni og uppfæra þarf reglur í samræmi við kröfur á hverjum tíma.
- Kemur að mannaráðningum og sinnir þjálfun starfsfólks og skyldum verkefnum, m.a. árangursstjórnun og árangursmælingum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Framleiðslustjóri þarf að hafa haldgóða menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi, s.s. í vélfræði, véltækni, vélvirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af mannaforráðum er kostur.
- Áhugi og víðtæk þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun er nauðsynleg.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku er nauðsynleg.
- Framleiðslustjóri þarf að sýna framsækni og árangursmiðaða hugsun.
- Áræðni til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Bíldudals með góðum kjörum og húsnæði.

*Íslenska kalkþörungafélagið ehf. er einn helsti vinnustaðurinn á Bíldudal þar sem íbúar eru nú um tvö hundruð. Ársverk eru rúmlega 20 auk starfa verktaka sem sinna þjónustu við fyrirtækið. Fyrirtækið, sem er í eigu Celtic Sea Minerals Ltd. (CSM) í Cork á Írlandi, sækir og vinnur kalkþörungaset úr Arnarfirði sem þurrkað er í mjöl sem nýtt er til framleiðslu heilsuvara, bætiefna og annarra afurða á Evrópumarkaði og í Miðausturlöndum. Afurðir Kalkþörungafélagsins eru alþjóðlega vottaðar sem lífræn og holl náttúruafurð, rík af bætiefnum, t.d. kalki og magnesíum auk ýmissa stein- og snefilefna.*

*Frekari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.iskalk.is***

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**).
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst 2017. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs. Sviðsstjórinn ber ábyrgð á rekstrarlegum og stjórnunarlegum þáttum á sviðinu. Sviðsstjóri er hluti af stjórnendateymi Seltjarnarnesbæjar en á sviðinu eru 7 starfsmenn. Næsti yfirmaður sviðsstjórans er bæjarstjóri.

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga og farsæla reynslu af rekstri og stjórnun, frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Sviðsstjórinn er yfirmaður Bókasafns Seltjarnarness og annarra verkefna er tengjast menningarmálum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni**

- Stefnumótunarvinna og markmiðasetning
- Gerð rekstrar- og starfsáætlana
- Kostnaðareftirlit og eftirfylgni með áætlanagerð
- Umsjón með rekstri Bókasafns Seltjarnarness
- Skipulagning viðburða á vegum bæjarins, umsjón með samskiptum við félagasamtök, stofnanir bæjarins, stofnanir á sviði menningarmála, vinabæjarsamskipti auk málefna á sviði ferðaþjónustu
- Umsjón með Fræðasetri í Gróttu, félagsheimili og söfnum bæjarins
- Umsjón með og ábyrgð á vinnu fyrir nefndir sviðsins
- Yfirumsjón með markaðssetningu og kynningarmálum
- Sérfræðistörf við almannatengsl, útgáfu kynningarefnis auk þess að sjá um textagerð á heimasíðu bæjarins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á menningarmálum
- Reynsla eða menntun á sviði almannatengsla eða fjölmiðla
- Þekking og/eða reynsla af starfsumhverfi sveitarfélaga kostur
- Haldbær reynsla af áætlanagerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hugmyndaauðgi og skýr framtíðarsýn
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um.
Um launakjör fer eftir ákvörðun bæjarráðs um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar.

*Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns í fallegu umhverfi sem státar af góðum útivistarsvæðum með fjölskrúðugu fuglalífi.*

*Starfsemi Seltjarnarnesbæjar er skipt niður á nokkur svið; fjárhags- og stjórnsýslusvið, menningar- og samskipta-svið, félags- og þjónustusvið, íþrótta-, tómstunda- og æskulýðssvið og tækni- og umhverfissvið.*

*Á Seltjarnarnesi er rekin fjölbreytt menningartengd starfsemi sem hefur mikla möguleika á að eflast.*

*Nánari upplýsingar um Seltjarnarnesbæ má finna á **www.seltjarnarnes.is***

Jafnlaunaúttekt
PwC
2016

***Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2017. Umsókn skal skilað á ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir www.seltjarnarnes.is - störf í boði. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starf sviðsstjóra.***

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Bylgja Björk Pálsdóttir (**bylgja@intellecta.is**).*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

LÍN

# Starfsmaður í ráðgjafadeild

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða starfsmann í ráðgjafadeild. Um er að ræða framtíðarstarf og verkefnin eru fjölbreytt. Starfshlutfallið er 100% og umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

**28. ágúst**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/5476**

Helstu viðfangsefni:

- Ráðgjöf og þjónusta við námsmenn.
- Skönnun skuldabréfa og umsýsla námslána.
- Úrvinnsla og skráning á gögnum.
- Upplýsingagjöf og úrlausn ýmissa álitamála.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni og afleysingar.

Menntun, hæfni og reynsla:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnsýslu æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptafærni, samstarfsvilji og álagsþol.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Hjá LÍN starfa um 30 starfsmenn. Gildi þeirra eru fagmennska, samstarf og framsækni.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

NA NORÐURÁL



# Norðurál leitar að rafvirkjum

Norðurál leitar að metnaðarfullum rafvirkjum. Verkefnin eru fjölbreytt og felast einkum í viðhaldi, endurnýjun og endurbótum á tæknibúnaði Norðuráls. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi. Eins er lögð rík áhersla á góðan starfsanda.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Sterk öryggisvitund
- Góð þekking á viðgerðum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Metnaður, öguð vinnubrögð og rík ábyrgðarkennd
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af vinnu við háspennubúnað er kostur

Nánari upplýsingar veitir **Sigríður Pétursdóttir** ráðningastjóri í síma 430 1000. Umsóknarfrestur er til og með **27. ágúst 2017.** Sótt er um á vefsvæði Norðuráls, www.**nordural.is.**

**Norðurál** er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.

bsi. ISO 9001 Quality Management | bsi. ISO 14001 Enviromental Management | bsi. OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management | 2016 Framúrskarandi fyrirtæki

## Ertu söngfugl?

Nýstofnaður kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum. Fyrsta verkefni kórsins er þátttaka í árlegum jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni í Reykjavík, þar sem kórinn kemur fram ásamt einvala liði einsöngvara og hljómsveit.

Til að byrja með er um tímabundið verkefni að ræða en með möguleika á áframhaldandi starfi.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfa klukkustund.

Raddprufur verða miðvikudaginn 30. ágúst.

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia

GEÐHJÁLP

*Landssamtökin Geðhjálp eru mannréttindasamtök ríflega 3.000 félaga, notenda geðheilbrigðisþjónustunnar, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um geðheilbrigði.*

*Meginmarkmið Geðhjálpar er að bæta hag fólks með geðrænan vanda og aðstandenda þeirra ásamt því að stuðla að geðrækt og beita sér gegn fordómum gagnvart fólki með geðrænan vanda.*

## Er fjölhæfni þinn helsti kostur?

**Landssamtökin Geðhjálp óska eftir fjölhæfum starfsmanni í hálft starf upplýsinga-, viðburða- og úttektastjóra fram til 1. júní 2018 og hugsanlega lengur.**

**Helstu verkefni:**
- Kynningarmál og upplýsingamiðlun.
- Viðburðastjórnun og fræðsla.
- Úttektir á þjónustu og réttindum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af upplýsingamiðlun og viðburðastjórnun.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Reynsla af geðheilbrigðismálum æskileg – eigin reynsla kostur.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir í síma 570 1700 og í gegnum netfangið ago@gedhjalp.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst. Umsóknir óskast sendar í gegnum netfangið gedhjalp@gedhjalp.is. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

Stapi

# Sérfræðingur í eignastýringu

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er að talnaglöggum og ábyrgum einstaklingi með reynslu af verðbréfamarkaði.

Umsóknarfrestur
**28. ágúst**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5477**

Helstu viðfangsefni:
- Stýring eignasafna, framkvæmd verðbréfaviðskipta og eftirfylgni fjárfestinga.
- Greining markaða og fjárfestingakosta.
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði.
- Skýrslugerð og almenn upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Háskólamenntun í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegu námi.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði.
- Talnagleggni og áhugi á fjármálamarkaði.
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og fagleg framkoma.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 200 milljarða í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrútafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, m.a. sjávarútvegi, verslun, þjónustu og iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 17 talsins og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupstað.

*Capacent — leiðir til árangurs* capacent

Tengi

# Markaðs- og sölustjóri

TENGI

Tengi óskar eftir að ráða árangursdrifinn og metnaðarfullan einstakling í fjölbreytt og krefjandi starf markaðs- og sölustjóra fyrirtækisins. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra.

Umsóknarfrestur
**20. ágúst**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5437**

Helstu viðfangsefni:
- Stefnumótun í markaðs-, ímyndar- og vörumerkjamálum.
- Markmiðasetning, árangursmat og samhæfing markaðs– og sölumála.
- Ábyrgð á gerð markaðs- og söluáætlana og eftirfylgni þeirra.
- Öflun og greining markaðslegra upplýsinga.
- Endurmenntun starfsmanna í sölu og þjónustu.
- Ábyrgð og umsjón með heimasíðu og innri vef.
- Mótun og eftirfylgni áherslna í viðskiptatengslum og þjónustu.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Háskólamenntun í viðskipta- eða markaðsfræði.
- Reynsla af markaðs- og sölustjórnun.
- Stjórnunarreynsla.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Góð greiningarhæfni, frumkvæði og skapandi hugsun.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Tengi er stofnað árið 1981 og sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á hreinlætistækjum og pípulagningaefni. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kópavogi en fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri. Hlutverk Tengis er að auðvelda viðskiptavinum val á gæðavörum á sviði hreinlætistækja og lagnaefnis sem studdar eru af framúrskarandi þjónustu. Tengi er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. Tengi er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR árið 2017 og framúrskarandi fyrirtækjum Creditinfo 2016. Tengi er reyklaust fyrirtæki.

*Capacent — leiðir til árangurs* capacent

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk **Póst- og fjarskiptastofnunar** er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og að efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 24 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á *www.pfs.is*.

# Forstöðumaður rekstrardeildar

**Póst- og fjarskiptastofnun** óskar eftir að ráða í stöðu forstöðumanns rekstrardeildar. Forstöðumaður situr í framkvæmdastjórn og heyrir undir forstjóra stofnunarinnar. Stofnunin hefur sett sér metnaðarfull markmið um að bæta skilvirkni og árangur í þjónustu við innri sem ytri viðskiptavini og býður starfið því upp á krefjandi áskoranir.

Meginverkefni rekstrardeildar eru fjármálaumsýsla, rekstur og skrifstofuhald, mannauðsmál, gæðamál og gæðaferlar, kynningarmál og almannatengsl, innra öryggi og umsjón með upplýsingatækni og upplýsingakerfum.

**Starfssvið forstöðumanns:**

- Stjórnun og daglegur rekstur
- Fjármálastjórnun
- Mannauðsmál
- Áætlanagerð
- Kostnaðareftirlit
- Innri upplýsingakerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólagráða í viðskiptafræði, rekstrarverkfræði eða sambærilegu fagi nauðsynleg
- Reynsla af rekstrar- og fjármálastjórnun nauðsynleg
- Reynsla af skipulagi upplýsingatæknikerfa æskileg
- Reynsla eða diplómanám í mannauðsstjórnun kostur
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að skapa og þróa framsækið vinnuumhverfi
- Að geta unnið vel og skipulega undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í ræðu og riti

**Upplýsingar veita:**

**Þórir Þorvarðarson**
thorir@hagvangur.is

**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á *hagvangur.is***

Kynningarbréf ásamt ferilskrá fylgi umsókninni þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf. Sakavottorðs er krafist.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk.**

*PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.*

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



ER FRAMTÍÐ ÞÍN
**HJÁ OKKUR?**

# SÉRFRÆÐINGUR Á VÖRUÞRÓUNARSVIÐI

**Marel leitar að starfsmanni í öflugt teymi sem sér um að koma skipulagi á vörusafn og samræma upplýsingar milli sölu- og vöruþróunar. Teymið styður við vöruþróun með margvíslegum hætti og tryggir að öll nauðsynleg gögn séu til staðar og þeim viðhaldið.**

**Helstu verkefni:**

- Vinna með vöruþróun, sölu, framleiðslu og þjónustu að vörustöðlun (modularization) og viðhaldi vörutengdra upplýsinga
- Uppbygging og skipulag verkferla sem tengjast vinnu teymisins á Íslandi og samstarf við sambærileg alþjóðleg teymi fyrirtækisins
- Viðhald vörutengdra upplýsinga í gagnagrunnum svo sem Axapta, SAP, SharePoint ásamt verð- og vörulista Marel
- Gerð flæðirita og skýringarmynda fyrir verklag og ábyrgð, ásamt þátttöku í rýnisvinnu teyma
- Gerð og viðhald sniðmáta og gagna um vörur fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**

- Verkfræði eða önnur sambærileg tæknimenntun
- Lausnamiðuð hugsun, sjálfstæð vinnubrögð og rík skipulagsfærni
- Hæfni til að safna saman, vinna úr upplýsingum og setja fram á skipulagðan hátt
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna með ólíkum teymum
- Framúrskarandi þekking á Microsoft Office
- Mjög góð enskukunnátta, í rituðu og mæltu máli
- Reynsla af Axapta, SAP, Sharepoint og 3D CAD er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Kristín Pálsdóttir deildarstjóri, í síma 563 8000 eða með tölvupósti á anna.palsdottir@marel.com.
**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2017. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Marel, www.marel.is/störf.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel

VESTURFERÐIR

**Ferðaskrifstofan Vesturferðir** er öflugasti ferðaskipuleggjandi Vestfjarða og vinnur náið með bæði íslenskum og erlendum ferðaþjónustuaðilum. Vesturferðir eru í eigu 60 ferðaþjónustufyrirtækja og einstaklinga og eru með skrifstofu á Ísafirði.

# Framkvæmdastjóri í ferðaþjónustu

**Vesturferðir** óska eftir öflugum einstaklingi með leiðtogahæfileika til starfa á Ísafirði.

**Starfssvið:**

- Dagleg stjórnun og yfirumsjón með starfsemi fyrirtækisins
- Stefnumótun, áætlanagerð og vöruþróun í samráði við ferðaþjónustuaðila á svæðinu
- Skipulagning og þátttaka í markaðssetningu, samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Önnur verkefni í samráði við stjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun, sérstaklega á sviði ferða-þjónustu, er afar æskileg
- Reynsla af erlendu markaðs- og kynningarstarfi er æskileg
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg

**Upplýsingar veitir:**
**Guðjón Svansson**
gudjon@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Kynningarbréf ásamt ferilskrá fylgi umsókninni þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk.**

Vesturferðir eru með skrifstofu á Ísafirði og gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri búi á norðan-verðum Vestfjörðum.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

BAUHAUS® Allt fyrir hús, heimili og garða

**BAUHAUS** er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS erum við alltaf með viðskiptavininn í fyrsta sæti þar sem markmiðið er að veita sem besta þjónustu. Stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.

**Til að mæta mikilli aukningu viðskiptavina í verslun leitum við nú að kröftugu starfsfólki til að slást í hópinn.**

# Deildarstjóri í verkfæradeild

**BAUHAUS** leitar að öflugum aðila í starf deildarstjóra. Deildarstjórar bera ábyrgð á allri sölu og þjónustu deildarinnar og því er viðvera í búðinni stór hluti af starfinu. Ef þú ert góð/ur í samskiptum og hefur reynslu af stjórnun hópa skaltu endilega hafa samband.

**Helstu verkefni:**

- Að halda utan um og sinna sölu og ráðgjöf til viðskiptavina
- Aðkoma að áætlanagerð varðandi sölu í verkfæradeild
- Þjálfun og kennsla fyrir nýtt starfsfólk í deildinni
- Að vera fyrirmynd starfsfólks í deildinni og fyrirtækinu öllu

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Þekking á verkfærum og notkun þeirra
- Almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og þjónustulund

## Starfsmaður á þjónustuborð og sölumenn í verslun

Ertu brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af sölu- og þjónustustörfum? Eitt mikilvægasta verkefni starfsmanna BAUHAUS er að þjónusta viðskiptavininn með bros á vör. Ef þú ert með létta lund og hraðar hendur skaltu endilega hafa samband.

## Helgarstörf: Sölumenn í verslun, vaktstjórar á þjónustuborð, afgreiðslugjaldkerar

Ertu brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af afgreiðslustörfum? Eitt mikilvægasta verkefni starfsmanna BAUHAUS er að þjónusta viðskiptavininn með bros á vör. Ef þú ert með létta lund og hraðar hendur skaltu endilega hafa samband.

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst nk.**

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is



# Spennandi starf hjá Lyfju Lágmúla

## Hjúkrunarfræðingur óskast

*Við leitum að metnaðarfullum og skipulögðum hjúkrunarfræðingi til starfa í hjúkrunarþjónustu Lyfju Lágmúla.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Í starfinu felst m.a. að annast heilsufarsmælingar, sala og ráðgjöf til viðskiptavina á heilsu- og hjúkrunarvörum og umsjón með lager hjúkrunarvara, auk almennra afgreiðslustarfa.

**Vinnutími:**
Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00–16:00 / 9:00–17:00
Föstudaga frá kl. 8:00–15:00 / 9:00–17:00

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Sólmundsdóttir, lyfsali Lyfju Lágmúla, í síma 533 2300 / netfang: anna@lyfja.is.

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til að sækja um störf hjá fyrirtækinu.*

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst nk. Hægt er að sækja um starfið á vefsíðunni lyfja.is / Störf í boði**



# Sunnulækjarskóli

***Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru eftirfarandi störf laus til umsóknar***

**Umsjónarkennari**
Umsækjandi þarf að hafa góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Til greina kemur að ráða leiðbeinanda til starfa.

**Matráður / matreiðslumaður**
Reynsla af stjórnun í eldhúsi og góð samskiptahæfni eru mikilvægir eiginleikar. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun sem nýtist í starfi.

**Aðstoðarmaður í eldhúsi**
Vinnur undir stjórn matráðs. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Störfin henta jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólastjóra í síma 480-5400 og á vefsíðu skólans: **http://www.sunnulaekjarskoli.is**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is.

**Umsóknarfrestur er til 17. ágúst 2017.**

*Skólastjóri*



# Ertu rafvirki og samskiptalipur stjórnandi?

**Við leitum að úrræðagóðum verkstjóra til að leiða hóp iðnaðarmanna sem sinnir viðhaldi og lagningu jarðstrengja, viðhaldi loftlínu og tengingum í dreifikerfi okkar.**

Stjórnendur okkar gegna lykilhlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga.

Starfssvið:
- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Forysta í öryggismálum og fagmennsku
- Undirbúningur, skipulag og samhæfing verka

Menntunar- og hæfnikröfur
- Meistararéttindi í rafiðn eða iðnfræðipróf
- Reynsla af verkstjórn
- Þekking á rafdreifikerfum og háspennutengingum

**Við tökum á móti umsóknum** á www.veitur.is þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk.**

Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu,hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við erum fagfólk á líflegum vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi. Við tökum jafnrétti alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook

VEITUR




Við leitum að þremur lífsglöðum og hæfum einstaklingum, sem sjá ævintýri í hverju horni.

**Markaðsfulltrúi – stafræn markaðssetning**

Uppsetning og utanumhald á stafrænni markaðssetningu, mælingar og rannsóknir á árangri og almenn verkefni í markaðsdeild.

**Eftirlitsmaður í gæða- og öryggisdeild (Auditor Part 145 and Part M)**

Gæðaúttektir sem taka mið af reglugerðum, Part 145 og Part M, í samræmi við úttektaráætlun, eftirfylgni úttekta, virk þátttaka í þróun gæðadeildar og rannsóknum á gæða- og öryggismálum.

**Deildarstjóri innkaupa og kostnaðareftirlits á tæknisviði**

Yfirumsjón með innkaupum og lagerhaldi, ábyrgð á sölu viðhalds og íhluta, umsjón með viðhalds- og varahlutasamningum og virk þátttaka í greiningu viðhaldskostnaðar.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2017.**
Þú sækir um störfin á vefnum okkar, **airicelandconnect.is/umsokn**.
Þar finnur þú líka allar upplýsingar um störfin, hæfniskröfur og fylgigögn.

*Við hlökkum til að heyra frá þér.*

**Air Iceland Connect**




# Tígrisdýr óskast!

**Viltu vinna í hressu og lifandi umhverfi?**

Við erum að leita að hressum dugnaðarforkum til að vinna í verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Þú þarft ekki að kunna dönsku þó að við séum dönsk hönnunarkeðja, en við viljum að þú gleðjir viðskiptavinina, komir stundum á óvart, sért snyrtileg/ur, glaðleg/ur og með ríka þjónustulund.

Í boði er fullt starf og hlutastörf. Reynsla af afgreiðslustörfum er alltaf kostur og best að að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasömum er bent á að senda inn umsókn og ferilskrá á netfangið **atvinna.is@flyingtiger.com**

flying tiger copenhagen



# MótX leitar að starfsmönnum í byggingavinnu



MótX óskar eftir því að ráða starfsmenn í byggingavinnu til starfa sem fyrst.

Mikil vinna og góður starfsandi.

Hægt er að senda inn umsókn á tölvupóstfangið **motx@motx.is** eða hafa samband við Guðmund í síma **861 2736**

MótX
*Við erum uppbyggjandi*

Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogur | sími 898 8872 | www.motx.is





# Deildarstjóri Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans, en deildin annast ráðgjöf til viðskiptavina um fjárfestingar í verðbréfum og lífeyrissparnaði. Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta tilheyrir sviði Markaða en á sviðinu er að auki fyrirtækjaráðgjöf, eignastýring, einkabankaþjónusta og öll þjónusta sem snýr að sölu og miðlun verðbréfa.

## Helstu verkefni

- Yfirumsjón með starfsemi Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar
- Ábyrgð á þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina á sviði verðbréfaviðskipta og lífeyrissparnaðar
- Að tryggja hámarksgæði og áreiðanleika í þjónustu deildarinnar
- Ýmis tilfallandi verkefni á sviði eignastýringar

## Hæfni og menntun

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-/hagfræði, eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af verðbréfamarkaði
- Próf í verðbréfaviðskiptum er skilyrði
- Frumkvæði og drifkraftur
- Öguð vinnubrögð og hæfni til að leiða hóp
- Framúrskarandi samskiptafærni

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Kristín Erla Jóhannsdóttir, forstöðumaður Eignastýringar, í kristin.e.johannsdottir@landsbankinn.is eða í síma 820 6595 og Bergþóra Sigurðardóttir starfsþróunarstjóri í bergthora.sigurdardottir@landsbankinn.is eða í síma 410 7907.

Umsókn merkt *Deildarstjóri Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu* fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst næstkomandi.

Jafnlaunaúttekt PwC



ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



# PROCESS ANALYST IN GLOBAL PROCESS DEVELOPMENT

The Process Analyst will identify, assess and propose process changes across an end-to-end business process. The Global Process Development team is responsible for providing a neutral and independent view of process performance based on qualitative and quantitative information.

## RESPONSIBILITIES

- Analyze and document business processes with focus on ensuring an optimal end-to-end process
- Lead and facilitate process redesign workshops
- Facilitate requirements gathering from all relevant stakeholders responsible for managing and operating business processes
- Monitor, measure and analyze process performance as input into determining opportunities for change
- Propose process changes that optimize the end-to end business process for Össur
- Apply process and project management methodologies to all change

## QUALIFICATIONS & SKILLS

- University education
- Minimum of 5 years relevant experience
- Strong analytical, consultative and problem solving capabilities
- Experience in business case creation desirable
- Project management skills, flexibility and ability to work independently
- Leadership skills
- Experience in stakeholder management
- Excellent oral and written communication skills
- Highly proficient in spoken and written English

# PROJECT MANAGER CORPORATE DEVELOPMENT

The Project Manager takes part in assessing, and executing M&A projects and strategic partnerships. The project manager will work closely with senior management and external advisors to develop business cases for strategic opportunities.

## RESPONSIBILITIES

- Maintain M&A pipeline, screen industry, and identify potential targets with the help of management and external advisors
- Provide analytic support in planning strategic growth initiatives, and create market intelligence
- Responsible for business and financial analysis of strategic investment opportunities
- Build financial and operating models, including discounted cash flow and return analysis
- Coordinate due diligence processes with external consultants and internal colleagues
- Contribute to post-acquisition integration planning
- Assist in developing and managing the M&A process

## QUALIFICATIONS & SKILLS

- University degree in Business Administration or Finance
- 5 years relevant experience
- Corporate finance experience, valuation and valuation models
- Expertise in business case creation
- Sales & marketing experience desired
- Strong analytical, consultative, and problem solving capabilities
- Project management skills, and ability to work independently
- Excellent oral and written communication skills
- Advanced Excel and PowerPoint skills for financial modeling and presentation of business cases
- Good interpersonal and relationship building skills
- Highly proficient in spoken and written English

# PROGRAM/PROJECT MANAGER IN GLOBAL PROGRAM MANAGEMENT OFFICE

We are looking for an highly ambitious and independent individual to join our team as Program/Project Manager. The Global Program Management Office is responsible for end to end management of global and cross-functional strategic programs and projects.

## RESPONSIBILITIES

- Program Management
- Project Management
- Program/project scoping
- Program/project planning
- Budgeting and forecasting
- Program/project governance
- Program/project execution
- Stakeholder management & reporting
- Risk analysis & mitigation management
- Collection of all program/project documentation
- Staff management
- Maintenance of best practices & toolkits

## QUALIFICATIONS & SKILLS

- University education
- Minimum of 5 years relevant experience
- PMI or IPMA (C or B level) certification desirable
- Strong analytical, consultative and problem solving capabilities
- Project management skills, flexibility and ability to work independently
- Leadership skills
- Experience in stakeholder management
- Experience in business case creation desirable
- Excellent oral and written communication skills
- Highly proficient in spoken and written English

# SPECIALIST IN QUALITY SYSTEMS

We are looking for an expert to manage the technical roadmap of our quality systems, to be implemented in over 20 Össur locations worldwide. You will be building and implementing a new quality system, and adapting existing systems in the company in accordance with the Össur Quality and Information Technology Policy.

## RESPONSIBILITIES

- Technical oversight of Össur quality systems
- Formulation of technical policy and guidance for quality systems
- Analysis and design of new projects in cooperation with stakeholders
- Management of implementation, development, and service suppliers
- Participation in maintenance and development of existing solutions

## QUALIFICATIONS & SKILLS

- Relevant higher education / experience
- Experience and interest in quality issues and processes
- Experience in the implementation and operation of quality systems
- Experience in software engineering and integration desirable
- Strong initiative and ability to work independently
- Highly proficient in spoken and written English
- Strong communication and team working skills

Application period ends August 25th, 2017. Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources +354 515 1300.

Jafnlaunaúttekt
PwC
2014

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 2800 employees in over 20 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM



# BIFVÉLAVIRKI FYRIR VOLVO

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan bifvélavirkja á fólksbílaverkstæði Volvo að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

## STUTT STARFSLÝSING

- Vinna við viðgerðir á bifreiðum
- Greina bilanir
- Þjónusta bifreiðar

## HÆFNISKRÖFUR

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Gilt bílpróf
- Stundvísi
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Góð þjónustulund

Vinnutími kl. 8.00-17.15 og föstudaga 8.00-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 31. ágúst næstkomandi.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Thrifty bílaleiga býður langtímaleigu og styttri leigur og MAX1 hraðþjónusta og NOKIAN dekk eru hluti af þjónustuframboði Brimborgar. Saman mynda þessir þjónustuþættir mikilvæga heild og snerpu í allri þjónustuveitingu.

Lyfjaval APÓTEK

# Störf í apóteki

**Lyfjaval óskar eftir að ráða lyfjatækni/afgreiðslufólk, reynsla af apóteksstörfum er kostur.**

Umsóknarfrestur er til 19. ágúst og umsóknir má senda á póstfangið lyfjaval@lyfjaval.is
Einnig er hægt að fylla út umsókn á lyfjaval.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

# BÓKARI ÓSKAST

Enor ehf. er framsækið endurskoðunarfyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningshalds og skattamála. Við erum að leita eftir öflugum og skipulögðum einstaklingi til til starfa á skrifstofu félagsins í Reykjavík.

**Starfssvið:**
- Færsla bókhalds, reikningagerð og launavinnsla.
- Almennar afstemmingar á bókhaldi.
- Skil á skýrslum, skilagreinum og öðrum gögnum til skattayfirvalda.
- Önnur störf tengd skrifstofuhaldi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð reynsla og þekking á bókhaldi.
- Góð kunnátta á bókhaldsforritum er kostur.
- Góð færni í Excel og almenn tölvufærni.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 28. ágúst 2017** og skal umsóknum ásamt ferilskrá skilað í tölvupósti á netfangið bjorn@enor.is. Frekari upplýsingar veitir Björn Óli Guðmundsson, forstöðumaður Enor á höfuðborgarsvæðinu. Öllum umsóknum verður svarað og verða þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

ENOR




Landsvirkjun

## Við leitum að drífandi einstaklingi í starf

## viðskiptaþróunarstjóra

Viðskiptaþróunarstjóri mun starfa á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði sem leiðir markaðsstarf Landsvirkjunar á alþjóðavettvangi. Helstu verkefni snúa að viðskiptaþróun og nýsköpun í fjölbreyttum iðngreinum, til að mynda gagnavers- og orkuiðnaði og við fjölnýtingu jarðvarma. Starfið felur í sér þróun og greiningu nýrra viðskiptatækifæra og öflun nýrra viðskiptavina. Viðkomandi mun einnig taka þátt í viðburðum erlendis og á Íslandi fyrir hönd Landsvirkjunar.

- Reynsla af krefjandi starfi í alþjóðlegu umhverfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og kunnátta í ensku og íslensku
- Skipulagshæfileikar og áræðni í krefjandi umhverfi
- Geta til að koma frá sér efni með sannfærandi hætti í ræðu og riti
- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði og/eða öðrum raungreinum sem nýtast í starfi

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, hagvangur.is. Nánari upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir (inga@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



# HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

expectus

**Vegna aukinna umsvifa óskar Expectus Software eftir að ráða öflugan einstakling til liðs við sterkt þróunarteymi fyrirtækisins. Starfsmaðurinn mun gegna lykilhlutverki í greiningu, hönnun og forritun á þeim hugbúnaðarlausnum sem fyrirtækið ræður yfir. Leitað er að aðila sem hefur brennandi áhuga á tölvutækni og nýtingu hennar í kröfuhörðu umhverfi viðskiptavina. Expectus Software er dótturfyrirtæki Expectus.**

HELSTU VERKEFNI:

- Greining á þörfum viðskiptavina
- Hönnun á lausnum fyrirtækisins
- Forritun í .NET umhverfinu, á bak- og framenda
- Þátttaka í Agile þróunarteymi
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á .NET umhverfinu er kostur
- Reynsla og þekking á Microsoft SQL Server er kostur
- Reynsla á Agile þróunaraðferðum er æskileg
- Frumkvæði í starfi og þörf til að læra nýja hluti
- Mjög góð samskiptafærni

Hugbúnaðarlausnir Expectus Software; exMon og exTables eru í notkun hjá mörgum af leiðandi fyrirtækjum á Íslandi. Lausnirnar gera fyrirtækjum kleift að ná tökum á gögnum og viðskiptaferlum sínum og komið þannig í veg fyrir að fyrirtækin verði af tekjum. Dæmi um fyrirtæki í viðskiptum við Expectus Software eru: Alvogen, Síminn, WOW air, Ölgerðin og Össur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Expectus er ráðgjafafyrirtæki sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að nýta þekkingu og upplýsingatækni til að auka hæfni, móta stefnu og koma áherslum í framkvæmd og skila þannig mælanlegum árangri.

Gildi Expectus eru kraftur, heiðarleiki og samvinna.

Expectus var valið fyrirtæki ársins 2016 og 2017 í hópi millistórra fyrirtækja hjá VR og vottað sem Framúrskarandi fyrirtæki 2016 af Creditinfo. Starfsmenn eru stoltir af árangrinum sem er í samræmi við þá framtíðarsýn sem Expectus setti sér í upphafi, að vera fyrirmynd annarra þekkingarfyrirtækja. www.expectus.is.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 · VR Fyrirtæki ársins 2016 · VR Fyrirtæki ársins 2017

ráðum ráðningarstofa

**Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk.**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

HÚSASMIÐJAN · blómaval

# Spennandi störf hjá Húsasmiðjunni




## Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum eftir fólki sem hefur mikla þjónustulund, góða samskiptahæfni og sýnir frumkvæði í starfi.

Æskilegt er að umsækjendur búi yfir haldgóðri þekkingu á byggingavörum auk góðrar íslenskukunnáttu.

### Fagmannaverslun Kjalarvogi

**vill ráða til starfa sölumann í lagnadeild og fittings**

Ábyrgðarsvið
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini

### Fagmannaverslun Kjalarvogi

**vill ráða til starfa sölumann í vinnuföt og öryggisvörur**

Ábyrgðarsvið
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini

### Fagmannaverslun Kjalarvogi

**vill ráða til starfa handlaginn aðila til vinnu á plötusög í timbursölu**

Ábyrgðarsvið
- Sögun á timbri, borðplötuvinnsla, kantlímingar o.fl.
- Þjónusta og sala til viðskiptavina

### Verslun Skútuvogi

**vill ráða til starfa kassagjaldkera í verslun Húsasmiðjunnar og Blómavals.**

Um er að ræða fullt starf og hlutastarf seinnipart dags.

Ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla viðskiptavina á kassa
- Uppgjör í lok vaktar
- Önnur almenn verslunarstörf

Húsasmiðjuna einkennir góður starfsandi og gott og öruggt starfsumhverfi

**Umsóknir berist fyrir 22. ágúst í netfangið atvinna@husa.is**

**Vinsamlega takið fram hvaða starf sótt er um.**



**Byggjum á betra verði**




# Laus störf hjá Hrafnistu í haust

Við leitum að starfsfólki til starfa á Hrafnistu í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Reykjavík. Hrafnista er vinnustaður þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar. Lágmarksaldur umsækjenda er 17 ára. Hlutastörf í boði eða fullt starf.

**Hæfniskröfur**:
- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Jákvæðni og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta

Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is og á heimasíðu Fast Ráðninga, www.fastradningar.is.

Umsjón með störfum hefur Lind hjá Fast Ráðningum, í tölvupósti lind@fastradningar.is og í síma 552-1606

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI SKJÓL




## Staða aðstoðardeildarstjóra

**Aðstoðardeildarstjóri óskast á 4. hæð á Skjóli**

Deildin er 29 manna almenn hjúkrunardeild sem sér einnig um Laugaskjól, sem er sambýli einstaklinga með minnisskerðingu.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri, starfsmannamálum og mönnun deilda í fjarvervu deildarstjóra
- Vinnur í samráði við deildarstjóra að framþróun og skipulagningu hjúkrunar.
- Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni

Starfshlutfall 80 - 100%
Umsóknir þurfa að berast fyrir 23. ágúst nk.

Upplýsingar veitir
Guðný H. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar
Sími 522 5600 **gudny@skjol.is**
Umsóknir má einnig senda rafrænt á heimasíðu Skjóls, www.skjol.is/umsóknir

**Skjól hjúkrunarheimili**
**Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík**
**Sími 522 5600**




www.skra.is
www.island.is

# Þjóðskrá Íslands leitar að öflugum mannauðsstjóra

## Starf mannauðsstjóra hjá Þjóðskrá Íslands er laust til umsóknar. Starfið er í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- Stefnumótun, þróun og framkvæmd mannauðsmála
- Mat á mannaflaþörf, skipulag og umsjón með ráðningum
- Móttaka nýliða og umsjón með þjálfun þeirra
- Samskipti við stéttarfélög, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður
- Umsjón og undirbúningur starfsmannasamtala
- Umsjón með sí- og endurmenntun

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar og mannauðsmála
- Þekking og reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna
- Þekking og reynsla af gæðamálum, greiningu og gerð verkferla
- Þekking á sviði stjórnsýslu- og vinnuréttar
- Þekking á sviði straumlínustjórnunar æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli

**Nánari upplýsingar um störfin má finna á www.skra.is.**

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir skulu sendar á netfangið **starfsumsoknir@skra.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2017.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Þjóðskrá Íslands rækir hlutverk sitt með því að vera miðpunktur rafrænna lausna, halda grunnskrár, reka rafrænar þjónustugáttir og meta fasteignir. Við gefum út skilríki og vottorð byggð á traustum grunni.

Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 öflugir starfsmenn á tveimur starfsstöðvum, í Reykjavík og á Akureyri. Þjóðskrá Íslands er ein fjögurra ríkisstofnana sem tekur þátt í tilraunaverkefni velferðarráðuneytisins og BSRB um styttingu vinnuvikunnar og varir verkefnið til 30. apríl 2018. Markmið er að jafnlaunavottun verði náð fyrir árslok 2018.

**Gildi Þjóðskrár Íslands eru: Virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.**



# Æskulýðsfulltrúi

Við leitum að einstaklingi í 50-70% starf æskulýðsfulltrúa, með áherslu á öflugt starf félagsins á Suðurnesjum.
Í starfinu felst m.a.
- Samskipti, samstarf og stuðningur við sjálfboðaliða.
- Þátttaka á æskulýðsfundum, viðburðum og verkefnum á vettvangi starfsins.
- Framþróun starfsins á Suðurnesjum.
- Teymisvinna með öðrum æskulýðsfulltrúum.
- Samskipti og samstarf við presta og annað starfsfólk sókna Þjóðkirkjunnar sem félagið á í samstarfi við á svæðinu.

Vinnutími er sveigjanlegur og þarf að taka mið af viðburðum og starfi æskulýðsdeilda. Í boði eru lifandi og skemmtileg störf með öflugu hugsjónarfólki.

Við leitum að drífandi einstaklingi með brennandi áhuga og reynslu af kristilegu æskulýðsstarfi. Viðkomandi þarf að hafa metnað fyrir starfinu, vera hugmyndaríkur og geta starfað sjálfstætt. Farið er fram á þekkingu, reynslu og vilja til að miðla kristilegum boðskap. Menntun sem nýtist í starfi er æskileg. Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum eru mikilvægir eiginleikar. Viðkomandi mun tilheyra öflugri liðsheild þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK á Íslandi.

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst. Umsóknir berist Tómasi Torfasyni, framkvæmdastjóra félagsins, á netangið tomas@kfum.is, en hann veitir jafnframt nánari upplýsingar.

KFUM KFUK

www.kfum.is

KFUM og KFUK (Kristilegt félag ungra manna og kvenna) er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda.
Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists:
Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.



# Viltu vinna hluta úr degi?

## OKKUR VANTAR REYNSLUMIKIÐ FÓLK Á ÖLLUM ALDRI

Við leitum að konum og körlum sem vilja vinna hluta úr degi, virka daga og/eða um helgar. Um er að ræða fjölbreytt störf í öllum deildum verslana okkar.

Í boði eru mjög sveigjanlegur vinnutími sem hentar þínum þörfum.

Fyllt er út almenn umsókn á www.byko.is – Þjónustuver BYKO veitir allar frekari upplýsingar á netfanginu byko@byko.is

**KÓPAVOGUR - REYKJAVÍK - AKUREYRI**
**SELFOSS - SUÐURNES - REYÐARFJÖRÐUR**

BYKO





## Við leitum að rafvirkja - ertu ON?

Virkjanarekstur ON óskar eftir jákvæðum og áhugasömum fagmanni til að sinna rekstri, eftirliti og viðhaldi í virkjunum ON í samvinnu við aðra fagmenn virkjananna.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Sinnir daglegum rekstri, eftirliti og viðhaldi í virkjunum og spennustöðvum
- Hefur eftirlit með að öryggiskröfum sé framfylgt á vettvangi
- Gætir rekstraröryggis og hagkvæmni í rekstri virkjana
- Stýrir rofum og tengslum við Landsnet í rofaaðgerðum

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Sveinspróf í rafvirkjun/rafeindavirkjun
- Framhaldsnám í iðnfræði eða meistararéttindi æskileg
- A.m.k 3. ára reynsla af almennri rafvirkjun
- Reynsla af smáspennurafvirkjun æskileg
- Reynsla af háspennurafvirkjun æskileg

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, **starf@on.is**.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 28. ágúst 2017.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Við óskum eftir að ráða starfsmenn í Vínbúðir á höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að jákvæðum, glaðlyndum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

**Hæfnikröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst.**
Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist.
Nánari upplýsingar veitir: **Guðrún Símonardóttir**, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VÍNBÚÐIN

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



# FAGLÆRÐUR MÁLARI




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85376 8/17

## TÆKNIÞJÓNUSTA ICELANDAIR – ITS Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÓSKAR EFTIR MÁLARA TIL STARFA

Við leitum að öflugum málara til starfa í stærsta flugskýli landsins. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í tækniveddu og alþjóðlegu starfsumhverfi, þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

### STARFSSVIÐ:
- Almenn málningarvinna á íhlutum flugvéla sem framkvæmd er á málningarverkstæði.
- Málningarvinna í viðhaldsverkefnum flugvéla í skýli.

### HÆFNISKRÖFUR:
- Hafa lokið prófi frá viðurkenndum skóla í málaraiðn.
- Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.
- Áhugi á að ná árangri í starfi og metnaður til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Sigurður Á. Einarsson | sigurdurae@its.is

**+ Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast útfylltar á vef Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 20. ágúst 2017.**

ICELANDAIR



HLÍÐABÆR

## Hefur þú áhuga á að starfa í dagþjálfun sem hefur virðingu, virkni og vellíðan að leiðarljósi?

Hlíðabær óskar eftir að ráða starfsmann í 80-100% starf frá og með 1. september. Ýmis menntun og hæfileikar geta nýst í þessu starfi, sem gerir kröfur til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Hlíðabær er staðsettur á Flókagötu 53 og er með 22 dagþjálfunarpláss fyrir fólk með heilabilun. Opið er virka daga frá kl 8:00-16:00. Hlíðabær býður upp á fjölbreytt og gefandi starfsumhverfi þar sem að lögð er áhersla á að skapa heimilislegt og öruggt umhverfi. Boðið er upp á hjúkrunar- og læknisþjónustu ásamt markvissri dagskrá sem miðar að sérstökum þörfum hvers og eins. Fastir liðir í dagskrá eru t.d.: líkamrækt, sund, útivera, vinnustofa, leikir, lestur, tónlist, söngur og ferðalög. Starfsmenn skipuleggja dagskrá, stýra hópastarfi og styðja við aðstandendur.

**Reynsla og hæfni:**
- menntun á heilbrigðis-, félags- eða tómstundasviði er kostur
- reynsla af félagsstarfi eða hópastarfi
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Ráðning frá 1.9.2017 eða eftir samkomulagi. Umsókn og ferilskrá sendist til Hlíðabæjar, Bt. Þórunnar Bjarneyjar Garðarsdóttur, Flókagötu 53, 105 Reykjavík eða thorunn.mulabaer@internet.is

**Umsóknarfrestur er til 17.8.2017**

**Nánari upplýsingar veita:**
**Þórunn Bjarney Garðarsdóttir**, forstöðumaður og
**Hjördís Halldóra Sigurðardóttir**, deildarstjóri, hlidabaerhjordis@simnet.is, s. 562-1722



BORGARBYGGÐ

## Félagsráðgjafi eða sálfræðingur óskast til starfa hjá félagsþjónustu Borgarbyggðar

Félagsþjónusta Borgarbyggðar leitar að félagsráðgjafa eða sálfræðingi til starfa. Um er að ræða 100% starf.

Verkefni viðkomandi verða skipulögð eftir því hvort félagsráðgjafi eða sálfræðingur verður ráðinn í starfið en meðal verkefna er að annast greiningu og meðferð barnaverndarmála, þjónusta og ráðgjöf við fólk með fötlun, félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu og forvarnarstarf og fræðsla.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Starfsréttindi sem félagsráðgjafi eða sálfræðingur
- Reynsla á sviði barnaverndar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt starfsmannastefnu Borgarbyggðar er lögð áhersla á starfsþróun og sveigjanlegan vinnutíma og eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.

**Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist til borgarbyggd@borgarbyggd.is fyrir 23. ágúst 2017.**

**Frekari upplýsingar um starfið veita :**
**Inga Vildís Bjarnadóttir**, félagsmálastjóri í síma 433 7100, netfang: vildis@borgarbyggd.is og
**Anna Magnea Hreinsdóttir**, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 840 1522, netfang: annamagnea@borgarbyggd.is

*Fáist ekki félagsráðgjafi eða sálfræðingur til starfa kemur til greina að ráða einstakling með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi.*

Leikskólinn Hnoðraból
Lífið er yndislegt með sól í hjarta

# Bifvélavirki óskast

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:

- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 23. ágúst 2017

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

# ELSKAR ÞÚ KAFFI?

Viltu starfa sem kaffibarþjónn á kaffihúsum Kaffitárs í Reykjavík í haust og vetur? Við getum bætt við okkur fólki í fullt starf á kaffihús okkar í Reykjavík.

Við leitum að brosmildum og kraftmiklum einstaklingum sem hafa áhuga á sölu og þjónustu og brennandi ástríðu fyrir kaffi. Starfsmenn munu fá starfsþjálfun og kennslu í fagi kaffibarþjónsins.

Þú getur fyllt út umsókn á ráðningarvef Kaffitárs eða sent ferilskrá á lilja@kaffitar.is. **Umsóknarfrestur er til 20.ágúst nk.** Nánari upplýsingar veitir Lilja Pétursdóttir í síma 420-2722.

## BARISTA POSITIONS AVAILABLE

Do you love coffee? Kaffitár is looking for enthusiastic coffee lovers to work full time at Kaffitár´s locations in Reykjavík.

We are looking for powerhouse individuals with a happy disposition who have a passion for coffee and excellent customer service. Barista training is not required but experience from a similar job is preferred. Kaffitár offers barista training for all café employees. Fluent English is required and basic skills in Icelandic.

Please send a résumé to lilja@kaffitar.is before the **20th of august.** For more information contact Lilja, 420-2722.

FRÁ BÝLI Í BOLLA

Kaffitár



HEILSUGÆSLAN

# Framkvæmdastjóri lækninga

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra lækninga. Leitað er eftir kraftmiklum, metnaðarfullum og farsælum stjórnanda. Framkvæmdastjóri lækninga situr í framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heyrir undir forstjóra. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til 5 ára.**

**Umsóknarfrestur er til og með 04.09. 2017.**

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því hafa verið gerðar breytingar á skipulagi heilsugæslunnar sem miða að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfseminni, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar.
Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af 15 heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Heimahjúkrun HH, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda, Geðheilsu eftirfylgd/ iðjuþjálfun, Geðheilsustöð Breiðholts ásamt miðlægri skrifstofu. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa rúmlega 600 manns.

### *Helstu viðfangsefni og ábyrgð*

- Stefnumótun og þróun, m.a. á sviði árangurs, gæða, aðgengis og öryggis í þjónustu
- Leiðtogi við framkvæmd stefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Innleiðing nýjunga og breytinga, s.s. teymisvinnu og straumlínustjórnar
- Fagleg samhæfing og eftirlit á sviði lækninga
- Samhæfing, mælingar og mat á starfsemi
- Gerð og efling klínískra leiðbeininga
- Gæðaeftirlit

### *Hæfnikröfur*

- Læknir með sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Viðbótarnám í stjórnun æskilegt
- Stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun í heilsugæslu og/eða annarri heilbrigðisþjónustu
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og áræðni
- Vilji til að helga sig sýn og gildum heilsugæslunnar

### *Nánari upplýsingar*

- Starfshlutfall er 100 % og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. október n.k. eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir Svava Kr. Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri, netfang svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is sími 585-1317
- Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar hjá Embætti landlæknis
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum
- Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í laus störf
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109, Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu“ og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Sækja skal um starfið rafrænt á heimasíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (**www.heilsugaeslan.is**), undir „laus störf“ eða á Starfatorgi (**www.starfatorg.is**).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**


ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Glaðlynt fólk óskast

Strætó bs. óskar eftir kátu og áreiðanlegu fólki til starfa við akstur strætisvagna innan höfuðborgarsvæðisins.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til þess að sækja um.**

Um vaktavinnu er að ræða í 100% og 37,5% starfshlutfalli. Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2017. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- D-ökuréttindi
- Hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslenskukunnátta

Umsóknir skulu sendar í gegnum **radningar.straeto.is**




*S. Gunnbjörnsson ehf*
heildverslun

**Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.**

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum. Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.
Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.
**Umsóknir óskast sendar á sgunnbj@simnet.is**

MOSFELLSBÆR VARMÁRSKÓLI MOSFELLSBÆ

## Laus störf skólaárið 2017-2018

- **Umsjónarkennari í 5.bekk**
- **Skólaliðar – hlutastarf á skólatíma**
- **Skólaliði með ræstingu, 50% starf eftir skólatíma**
- **Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur**

Frekari upplýsingar á heimasíðu Varmárskóla (varmarskoli.is) auk þess veita Þórhildur Elfarsdóttir og Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastýrur upplýsingar í síma 525 0700.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið thorhildur(hjá)varmarskoli.is.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2017.**

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

## Framtíðarstarf í tæknideild Coca-Cola European Partners

Reykjavík

CCEP hefur laust til umsóknar starf tæknimanns í tæknideild. Starfið hentar vel þeim sem hafa áhuga á því að útvíkka þekkingu sína.

Tæknideild ber ábyrgð á ýmsum verkefnum sem snúa að endurnýjun, rekstri og viðhaldi framleiðslutækja og fasteigna CCEP. Um er að ræða fjölbreytt starf í umhverfi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis-, umhverfis- og gæðastjórnunar.

Unnið er á vöktum sem fylgja framleiðslu.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Menntun á sviði vélstjórnar / vélfræði / rafvirkjunar
- Reynsla af viðhaldi og rekstri vél- og rafmagnsbúnaðar er skilyrði
- Jákvætt viðhorf og lipurð í samskiptum
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og úrræðahæfni

Allir einstaklingar sem uppfylla hæfniskröfur auglýstra starfa eru hvattir til að sækja um störf, óháð kyni, trúarbrögðum, litarhætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.

Tekið er við umsóknum á vefsíðu okkar
**ccep.is/mannaudur/laus-storf**

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu að mæta þörfum viðskiptavina. Viðskiptavinahópur okkar er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni.

Coca-Cola á Íslandi starfar eftir virkri jafnréttisstefnu og stjórnendur gera sér grein fyrir því að aukinn fjölbreytileiki í hópi starfsmanna skilar sér í auknum árangri fyrirtækisins. Við trúum því að með því að styrkja fjölbreytni og jafnrétti innan fyrirtækisins, búum við til góðan vinnustað sem laðar að sér gott starfsfólk.

Coca-Cola á Íslandi (áður Vífilfell) hefur djúpar rætur í íslensku samfélagi og hefur verið starfrækt síðan 1942.
Fyrirtækið hefur síðan 29. júlí 2016 verið hluti af af Coca Cola European Partners sem er stærsta átöppunarfyrirtæki Coca-Cola í heiminum. Coca-Cola European Partners starfar á 13 mörkuðum í Evrópu með 25.000 starfsmenn og býður neytendum og viðskiptavinum fjölbreytt úrval drykkja undir merkjum þekktustu vörumerkja í heimi.

Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst nk.
Nánari upplýsingar veitir Björn Anton Jóhannsson forstöðumaður tæknideildar, bjornanton@ccep.is

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500, Info@ccep.is

Olíudreifing

## Laust starf hjá Olíudreifingu ehf.

### Verkfræðingur / tæknifræðingur / iðnfræðingur

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing, tæknifræðing eða iðnfræðing í tæknideild félagsins í Reykjavík.

Starfið felst í hönnun lagna, búnaðar og stýringa, gerð verklýsinga og kostnaðaráætlana, ásamt umsjón og eftirliti með verkum. Einnig tæknileg aðstoð við starfsmenn þjónustudeildar varðandi uppsetningar og viðhald búnaðar.

Leitað er að þjónustu-og samstarfsliprum einstaklingi með reynslu á ofangreindu sviði og getur starfað sjálfstætt. Um er að ræða framtíðarstarf sem stendur báðum kynjum jafnt til boða.

**Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður.**
**Árni Ingimundarson s.5509940 / 8923529**

**Umsóknir berist í tölvupósti til arni@odr.is**
**eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10 101 Reykjavík**

**Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is**



**Skólaliðar óskast nú þegar í Fjölbrautaskólann í Garðabæ.**

Skólaliðar gegna fjölbreyttu starfi og eru í samstarfi við aðra starfsmenn og nemendur. Starfið felst m.a. í að halda skólanum hreinum. Vinnutími eftir samkomulagi.

Upplýsingar fást í síma 520 1600 og í netföngunum kristinn@fg.is og elisabets@fg.is.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst.**



## KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

Í DAGVINNU OG HLUTASTARF

**HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á KAFFI OG TE?**

Te & Kaffi leitar að starfsfólki til að bætast í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi kaffibarþjóna sem fyrir eru á kaffihúsunum okkar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af þjónustustörfum og brennandi áhuga á öllu sem viðkemur kaffi og te.

**Aldurstakmark er 18 ára.**
**Um framtíðarstarf er að ræða**

**Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 1. september 2017**

TE & KAFFI

Te & Kaffi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1984. Landsmenn þekkja Te & Kaffi af því frábæra kaffi og tei sem fyrirtækið hefur boðið upp á alla tíð. Í grunninn er kjarnastarfsemi fyrirtækisins framleiðsla á kaffi, í fullkomnustu kaffibrennslu landsins, og rekstur kaffihúsa sem eru tólf talsins.

**www.teogkaffi.is**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, heila-, tauga- og bækl. | Reykjavík | 201708/1286 |
| Lögfræðingur | Kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201708/1285 |
| Matreiðslumaður | Landspítali, eldhús | Reykjavík | 201708/1284 |
| Matartæknir | Landspítali, eldhús | Reykjavík | 201708/1283 |
| Starfsmaður í ráðgjafadeild | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Reykjavík | 201708/1282 |
| Aðstoðarskólameistari | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | Garðabær | 201708/1281 |
| Aðstoð við nemanda | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201708/1280 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201708/1279 |
| Aðstoðarmaður í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201708/1278 |
| Umsjón með friðlandi | Umhverfisstofnun | Ísafj./Vestfirðir | 201708/1277 |
| Lögfræðingur | Umhverfisstofnun | Rvk/Landið | 201708/1276 |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201708/1275 |
| Hreyfistjóri | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201708/1274 |
| Mannauðsstjóri | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201708/1273 |
| Forstöðumaður rekstrardeildar | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201708/1272 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, svefnrannsóknadeild | Reykjavík | 201708/1271 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráðageðdeild | Reykjavík | 201708/1270 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201708/1269 |
| Lífeindafræðingur | Landspítali | Reykjavík | 201708/1268 |
| Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi | Landspítali, bráðageðdeild | Reykjavík | 201708/1267 |
| Hjúkrunarfræðingur, skólahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafj./Súðavík | 201708/1266 |
| Hjúkrunarfræðingur, skólahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Bolungarvík | 201708/1265 |
| Hjúkrunarfræðingur, skólahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201708/1264 |
| Starfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Hvolsvöllur | 201708/1263 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201708/1262 |
| Skrifstofumaður | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Stykkishólmur | 201708/1261 |
| Skrifstofumaður/heilbrigðisritari | Landspítali, göngudeild Kleppi | Reykjavík | 201708/1260 |
| Starfsmenn við aðhlynningu | Landspítali, Vífilsstaðir | Garðabær | 201708/1259 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Vífilsstaðir | Garðabær | 201708/1258 |
| Sjúkraliði | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201708/1257 |
| Hjúkrunarfræðingur, hlutastarf | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201708/1256 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201708/1255 |
| Sjúkraliði | Landspítali, endurhæfingad. Grensási | Reykjavík | 201708/1254 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráðaöldrunarlækningad. | Reykjavík | 201708/1253 |
| Starfsmaður í eldhús | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201708/1252 |



Ertu að leita að ævintýri?

*Skátahreyfingin er alþjóðleg uppeldis- og friðarhreyfing.*

*Markmið hennar er að leggja sem mest af mörkum við uppeldi ungs fólks til þess að skapa betri heim.*

*Skátahreyfingin er vettvangur fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða.*

Skátarnir

# Framkvæmdastjóri

## BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA LEITAR AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA Í FULLT STARF

Framkvæmdastjóri vinnur að uppbyggingu skátastarfs í landinu. Hann sér um daglegan rekstur Skátamiðstöðvarinnar og samræmir störf dótturfyrirtækja BÍS. Hann framfylgir stefnumótun skátahreyfingarinnar um að auka fagmennsku og gæði í skátastarfi, sér um að efla þjónustu við skátafélög, annast samskipti við hagsmunaaðila og er málsvari hreyfingarinnar út á við.

### Ábyrgðar- og stjórnunarsvið:

- Framfylgja stefnumótun í samvinnu við stjórn.
- Fjármálastýring, samninga- og áætlanagerð og eftirlit.
- Daglegur rekstur.
- Markaðs- og kynningarmál.
- Starfsmannahald og gæðastjórnun.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla.
- Reynsla af verkefna- og viðburðastjórnun.
- Sjálfstæð vinnubrögð, góð samskiptafærni og frumkvæði.
- Reynsla af skátastarfi og/eða félags-/sjálfboðastarfi.
- Reynsla af alþjóðastarfi og góð tungumálakunnátta æskileg.

### Umsóknarfrestur er til 20. ágúst nk.

Umsóknum skal skilað til Mörtu Magnúsdóttur, skátahöfðingja Íslands, á netfangið marta@skatar.is




# VILT ÞÚ VERA HLUTI
# AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

Við leitum að metnaðarfullu og öflugu starfsfólki til að taka þátt í þeim öra vexti sem er framundan á Keflavíkurflugvelli.

## VERKEFNASTJÓRI
### RAFMAGNSKERFA

Helstu verkefni eru verkefnastýring rafverktaka. Gerð verk-, kostnaðar og framkvæmdaáætlana ásamt skýrslugerð, gagnasöfnun og úrvinnslu. Umsjón með verkbókhaldi framkvæmda, samskipti við hönnuði og birgja, útboðslýsingar/útboðsgerð og úttektir. Utanumhald teikninga, samskipti við yfirvöld og leyfisumsóknir ásamt innkaupum og samþykktum reikninga.

**Hæfniskröfur**
- Rafmagnsverkfræðingur, rafmagnstæknifræðingur, rafffræðingur eða sambærileg menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórn er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

Upplýsingar um starfið veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýsludeildar, saevar.gardarsson@isavia.is.

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst**

## BIFVÉLAVIRKI/
### VÉLVIRKI

Helstu verkefni eru viðgerðir og viðhald á öllum tækjum og bifreiðum Keflavíkurflugvallar. Einnig nýsmíði í málmi, rennismíði, suðuvinna og viðgerðir á gömlu efni. Viðkomandi tekur þátt í snjóruðningi, ísingarvörnum og öðrum verkefnum flugvallaþjónustu eftir þörfum.

**Hæfniskröfur**
- Meirapróf er skilyrði
- Vinnuvélapróf er kostur
- Sveinspróf í bifvélavirkjun/ vélvirkjun er æskilegt
- Starfsreynsla í faginu og reynsla af rafmagns-, glussa- og tölvukerfum í bílum og tækjum
- Grunn-tölvukunnátta æskileg

**Umsóknafrestur er til 20. ágúst**

## REKSTRARFULLTRÚI
### Á REKSTRARSVIÐI

Helstu verkefni eru áætlanagerð, eftirfylgni og greining fjárhagslegs rekstrar fyrirtækisins. Þátttaka í gerð gjaldskráa og þróun þeirra, umsjón og gerð samninga vegna útseldrar þjónustu. Verkefnastjórn og stuðningur í ýmsum úrbóta- og umbótaverkefnum í rekstri og ferlagreiningu. Samskipti við notendur flugvallarins, skipulagning og umsýsla verkefna sem tengjast rekstri þeirra er jafnframt stór hluti starfsins ásamt ýmsum rekstarmálum.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rekstri er kostur
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Góð íslensku og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veitir Áslaug B. Guðjónsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, aslaug.gudjonsdottir@isavia.is.

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst**

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR**

UMSÓKNUM SKAL SKILAÐ INN Á RAFRÆNU FORMI
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

Þau **Maren** og **Jón Kolbeinn** hafa starfað við verkfræðistörf hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.



## FLUGVERND

Helstu verkefni felast m.a. í vopna- og öryggisleit á Keflavíkurflugvelli. Eftirlit í flugstöð og á flughlöðum á Keflavíkurflugvelli. Óskað er eftir starfsfólki bæði í heilsdagsstörf og hlutastörf, en um vaktavinnu er að ræða. Umsækjendur þurfa að geta sótt og staðist undirbúningsnámskeið áður en þeir hefja störf.

**Hæfniskröfur**

- Aldurstakmark 18 ár
- Hafa gott vald á íslenskri og enskri tungu bæði rituðu og mæltu máli
- Hafa rétta litaskynjun
- Tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt nám er æskilegt
- Góð þjónustulund

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst**

## FARÞEGAÞJÓNUSTA

Helstu verkefni eru þjónusta við farþega á Keflavíkurvelli og umsjón og eftirlit með þjónustuborðum. Eftirlit með búnaði sem farþegar nota og önnur tilfallandi verkefni í samráði við vaktstjóra. Unnið er á dag- og næturvöktum. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur**

- Aldurstakmark 18 ára
- Góð kunnátta í ensku og íslensku, bæði í rituðu og mæltu máli. Þriðja tungumál er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst**

## SÉRFRÆÐINGUR Í UMHVERFISDEILD

Helstu verkefni eru umhverfisvöktun, gagnaöflun, framsetning gagna og eftirlit. Aðkoma að innleiðingu umhverfisstefnu Isavia á Keflavíkurflugvelli og umhverfisstjórnunarkerfis, skýrslu- og kynningagerð. Sérfræðingur í umhverfisdeild Keflavíkurflugvallar heyrir beint undir deildarstjóra umhverfisdeildar og tekur þátt í framkvæmd og eftirliti með umhverfismálum og innleiðingu umhverfisstefnu.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á hagnýtingu upplýsingatækni við gagnaöflun og framsetningu gagna
- Reynsla og þekking á umhverfismálum og málefnum sem starfinu tengjast
- Reynsla og þekking af vinnu við mat á umhverfisáhrifum og umhverfisstjórnunarkerfum er kostur
- Þekking á umhverfi og rekstri flugvalla er kostur
- Góð tölvukunnátta og hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

Upplýsingar um starfið veitir Valur Klemensson, deildarstjóri umhverfisdeildar, valur.klemensson@isavia.is.

**Umsóknafrestur er til 27. ágúst**

## FLUGVALLARSTARFSMENN

Helstu verkefni eru meðal annars eftirlit með flugbrautum og flugvallarmannvirkjum, eftirlit, viðhald á vélbúnaði og tækjum, björgunar- og slökkviþjónusta. Umsjón og framkvæmd snjóruðnings og hálkuvarna, viðhald flugvallar og umhverfi hans, ýmis tækjavinna sem og önnur störf tengd rekstri flugvallarins.

**Hæfniskröfur**

- Aukin ökuréttindi
- Stóra vinnuvélaprófið er kostur
- Reynsla af slökkvistörfum er kostur
- Reynsla af snjóruðningi og hálkuvörnum er æskileg
- Iðnmenntun (bifvélavirki/vélvirki eða önnur iðnmenntun) sem nýtist í starfi er kostur
- Góð tök á íslenskri og enskri tungu, ásamt grunn-tölvukunnáttu

Umsækjendur þurfa að gangast undir læknisskoðun og þolpróf.
Isavia mun sjá umsækjendum fyrir þeirri þjálfun sem nauðsynleg er vegna starfsins. Þeir sem ráðnir verða munu hefja störf í dagvinnu en fara síðar á vaktir eftir atvikum.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst**

Isavia rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnar- svæði heims. Hjá Isavia og dótturfélögum vinnur samhentur hópur sem telur um 1.200 manns. Okkar markmið er að vera hluti af góðu ferðalagi allra þeirra sem fara um flugvelli okkar og flugstjórnarsvæði.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

ISAVIA



# Rafvirkjar óskast

**Vegna aukinna verkefna innanlands og utan óskum við eftir að ráða rafvirkja til starfa.**

Starfið felur í sér smíði, samsetningu og uppsetningu á rafbúnaði auk þjónustu og viðhalds á tækjabúnaði víða um heim. Áhersla er lögð á framúrskarandi þjónustulund og metnað í starfi.

Hæfniskröfur: Sveinspróf í rafvirkjun

Starfið krefst mikilla hæfileika í mannlegum samskiptum og lausnamiðuðu hugarfari gagnvart hinum ýmsu verkefnum sem upp koma hjá viðskiptavinum okkar. Starfsmaðurinn þarf að vera bjartsýnn, úrræðagóður og vandaður ásamt því að ganga skipulega til verka.

Í boði er góð vinnuaðstaða og vinnuandi í lifandi starfsumhverfi. Upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins er að finna á vefsíðu okkar, www.skaginn3x.com

Nánari upplýsingar um starfið veitir Tómas Alexander Árnason tomasa@skaginn3x.com

**Umsóknarfrestur er til og með 21.ágúst.**

Umsóknir sendist á job@skaginn3x.com.

SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 200 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 $m^2$. Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning. **Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**

samskip



# > Matreiðslumaður

**Samskip óska eftir matreiðslumanni í dagvinnu til að hafa umsjón með veitingasal fyrirtækisins. Um er að ræða afar fjölbreytt starf í fyrirmyndar starfsumhverfi.**

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á rekstri mötuneytis, þar með talið innkaupum og vinnuskipulagi þeirra sem starfa í mötuneyti
- Auk þess að matreiða hádegismat, að jafnaði fyrir 200 starfsmenn, hefur matreiðslumaður umsjón og eftirlit með morgun- og síðdegiskaffi

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði matreiðslu nauðsynleg
- Reynsla af matreiðslu og stjórnun eldhúss í fyrirtæki er æskileg
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Góð framkoma og rík þjónustulund

Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri og er ennfremur lipur í mannlegum samskiptum. Vinnutími er frá kl. 8-16 alla virka daga.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, **www.samskip.is**. Umsóknarfrestur er til og með **20.ágúst nk.** og eru umsækjendur beðnir um að skila inn ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem tilgreinir hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur vegna starfsins.

Nánari upplýsingar veitir Bára Mjöll Ágústsdóttir forstöðumaður Mannauðsdeildar, bara.mjoll.agustsdottir@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM83412

# Blikksmiður / Nemi

Blikksmiðjan Vík ehf. óskar eftir að ráða blikksmið eða starfsmann vanan málmsmíði.

Einnig óskum við eftir að ráða nema til starfa.

**Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is**
**Öllum verður svarað.**

BLIKKSMIÐJAN VÍK
SKEMMUVEGUR 42 • BLEIK GATA • 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 557 1580, 557 1555 • BRÉFASÍMI 557 2588
KENNITALA 430985-0279 • VSK.NR. 7772 • BANKAR.NR. 537-26-501225
Netfang: blikkvik@blikkvik.is

Vallaskóli
Virðing - þekking - lífsgleði

# Komdu að kenna í Vallaskóla

Laus er til umsóknar 100% staða umsjónarkennara við Vallaskóla á Selfossi.

Áhugasamir hafi samband við Þorvald H. Gunnarsson skólastjóra í síma 480 5800 eða á netfangið thorvaldur@vallaskoli.is.

**Umsóknarfrestur er til 17. ágúst 2017.**

**Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á slóðinni www.vallaskoli.is.**

**Starfið hentar jafnt körlum sem konum.**

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

# Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi



**Á Heilsuleikskólanum Kór er lögð áhersla á faglegt og metnaðarfullt starf með börnunum. Starfsmannahópurinn okkar einkennist af eldmóð, samvinnu og lausnaleit.**

**Lausar stöður eru:**

- **Deildarstjóra 100% starf**
- **Leikskólakennara, þroskaþjálfa og/eða uppeldis-menntuðum starfsmanni til að sinna stuðningi í 100% starf eða hlutastarf**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf eða hlutastarf**

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda heilsuleikskóli með um 120 börn. Leikskólinn starfar eftir Heilsustefnunni og viðmiðum Heilsueflandi leikskóla og leggur ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdóms-samfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Skólinn fylgir sameiginlegum matseðli í takti við Næringarstefnu Skóla ehf. sem hlaut tilnefningu til Orðsporsins 2014 og Fjöreggs NMÍ 2015. Framundan eru ýmis spennandi tækifæri fyrir áhugasamt fólk í tengslum við þróunarverkefni o.fl.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

**Umsóknarfrestur er til 25. ágúst nk.**

Nánari upplýsingar veitir Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri, á kor@skolar.is og/eða í síma 570-4940.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni okkar http://skolar.is/Starf/

Heilsuleikskólar Skóla ehf. eru:
Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ, Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík.

# Sóltún
HJÚKRUNARHEIMILI

## Sjúkraþjálfari eða íþróttafræðingur

Sóltún hjúkrunarheimili óskar eftir sjúkraþjálfara eða íþrótta-fræðingi til starfa í afleysingu sem fyrst og fram í apríl 2018 í 70% starfshlutfalli.

Óskað er eftir einstaklingi sem hefur góða íslenskuþekkingu og löggild starfsréttindi.

Krafa er um sjálfstæði í vinnubrögðum og það er kostur að hafa reynslu af starfi með öldruðum.

Vinnutími er eftir samkomulagi.

Sóltún er lifandi og skemmtilegur vinnustaður með frábærum vinnuanda.

**Allar frekari upplýsingar veitir Anna Heiða Gunnarsdóttir yfirsjúkraþjálfari í síma: 590-6122 eða á tölvupóstfangi: annah@soltun.is**

Umsóknum er skilað gegnum heimasíðu Sóltúns
**www.soltun.is**

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness

Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness auglýsir eftir verkefnastjóra félagsauðs og frístunda. Um er að ræða fullt starf.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón og ráðgjöf varðandi félags- og frístundastarf í hverfunum og stuðla að eflingu þeirra.
- Stuðla að þátttöku íbúa í félags- og frístundastarfi sem og samfélagsverkefnum.
- Vinna að jákvæðri uppbyggingu félagsauðs í hverfunum.
- Þátttaka í stefnumótun um félags- og frístundamál hverfanna og ábyrgð á að henni sé framfylgt
- Þátttaka í framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar, umsjón með forvörnum í hverfunum og ábyrgð á að forvarnarstefnu sé framfylgt í hverfinu.
- Starfar með hverfisráðum að ýmsum hverfatengdum verkefnum.
- Byggja upp og leiða samstarf á milli stofnanna, félagasamtaka og einstaklinga í hverfunum um ýmis hverfistengd verkefni
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga, s.s. á heimasíðu Miðgarðs
- Þatttaka í þverfaglegri vinnu
- Umsjón með lýðræðisverkefnum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð þekking og reynsla af samfélagsvinnu og frístundastarfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvætt viðmót og framúrskrandi samstarfshæfni
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Sigurþórsdóttir í síma 411-1400 eða með því að senda fyrirspurn á ingibjorg.th.sigurthorsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.**

**Umsóknarfrestur er til 26.08.2017**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



# Starfsmaður í vöruhús

Brammer Ísland leitar að starfsmanni í vöruhús fyrirtækisins sem staðsett er að Steinhellu 17 í Hafnarfirði.

## Helstu verkefni
- Afgreiðsla og móttaka á vörum
- Skráning í birgðakerfi
- Önnur almenn vöruhúsastörf

## Hæfniskröfur
- Rík þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptafærni á ensku og íslensku
- Nákvæmni og töluglegni
- Lyftarapróf kostur en ekki skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Val Friðriksson, innkaupastjóri, í síma 864 6269 eða sendið fyrirspurn á netfangið gunnar.fridriksson@brammer.biz. Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá til Brynju Vignisdóttur mannauðsstjóra á netfangið brynja.vignisdottir@brammer.biz fyrir 20. ágúst 2017.

BRAMMER

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstrarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki. Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Kópavogi. Brammer er ört vaxandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn hérlendis.

---




## SÉRFRÆÐINGUR Í TEKJUSTÝRINGU

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85426 8/17

Icelandair leitar að sérfræðingi í tekjustýringardeild á sölu- og markaðssviði. Deildin leitast við að hámarka arðsemi leiðakerfis Icelandair og viðkomandi þarf því að hafa brennandi áhuga á tekjustýringu og aðgerðagreiningu.

**STARFSSVIÐ:**
- Sér um tekjustýringu markaðar.
- Hefur yfirumsjón með birgðastýringu.
- Vinnur að tekjuvernd (e. revenue integrity).
- Greinir og túlkar sölu- og bókanaupplýsingar.
- Þróar og leiðir aðgerðir á sviði verðlagningar og birgðastýringar til að hámarka tekjur.
- Leitast við að mæla árangur verkefna og aðgerða.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólapróf í verk-, hag-, eða viðskiptafræði eða sambærilegum greinum.
- Framhaldsmenntun er æskileg.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta.
- Framúrskarandi greiningarhæfni.
- Samskiptahæfni og geta til að vinna í hóp.
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð.
- Fróðleiksfýsn.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi. Við leitum að liðsmanni með framúrskarandi samskiptahæfileika og markvissan áhuga á að ná góðum árangri í starfi.

Icelandair er stór vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi. Við leitumst eftir að fá í lið með okkur jákvæða einstaklinga með brennandi áhuga á verkefnum dagsins og metnað til að ná góðum árangri til lengri tíma.

**Nánari upplýsingar veita:**
Pétur Ómar Ágústsson | Mannauðsstjóri markaðs- og sölusviðs | poa@icelandair.is

Þórdís Anna Oddsdóttir | Forstöðumaður tekjustýringar | tao@icelandair.is

**+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair.is/umsokn eigi síðar en 31. ágúst 2017.**

ICELANDAIR




# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

## STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

## HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 31. ágúst næstkomandi.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI

## Starfsmaður óskast í Reykjavík

**AB varahlutir óskar eftir að ráða til sín starfsmann í verslun eða á lager.**

Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning,áfylling og fleira.

**Hæfniskröfur:**
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni
- Góð þjónustulund
- Gott skipulag
- Íslensku og enskukunnátta skilyrði

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@ab.is fyrir 21. ágúst**

Reykjavíkurborg
**Velferðarsvið**

## Deildarstjóri þjónustumiðstöð

Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness auglýsir eftir deildarstjóra skólaþjónustu á þjónustumiðstöð til eins árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Þjónustumiðstöðvar eru í fimm hverfum borgarinnar og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf auk almennrar upplýsingagjafar um starfsemi Reykjavíkurborgar. Þær bera ábyrgð á framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og þar fer fram faglegt samstarf með áherslu á samþætta þjónustu.

Í Miðgarði starfa um 330 starfsmenn. Hjá þjónustumiðstöðinni eru á annan tug starfsstöðva sem sinna ýmis konar þjónustu, meðal annars búsetuþjónustu, félagsstarfi, heima- og stuðningsþjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi skólaþjónustu
- Ábyrgð á starfsmannahaldi og fyrirkomulagi starfa á deildinni.
- Ábyrgð á helstu þjónustuþáttum, s.s. ráðgjöf, greiningavinnu, námskeiðahaldi og fleira.
- Samstarf og samvinna við aðrar stofnanir og ábyrgð á þverfaglegu samstarfi og samþættingu innan þjónustumiðstöðvarinnar.
- Tryggir að framkvæmd þjónustu í starfsemi þjónustumiðstöðvar sé framúrskarandi og í samræmi við stefnu, leiðarljós og markmið Velferðarsviðs.
- Leiðbeinir starfsmönnum og veitir þeim ráðgjöf í starfi.
- Ábyrgð á fjárhagsáætlun sinnar deildar.
- Undirbúningur og framkvæmd gæðaferla varðandi starfsemi deildarinnar.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- og/eða félagsvísinda sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfi innan velferðarþjónustu sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af stjórnun.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Gott vald á íslensku og erlendum tungumálum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Sigurþórsdóttir í síma 411-1400 eða með því að senda fyrirspurn á ingibjorg.th.sigurthorsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 26.08.2017**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**




# *Svið náttúru – tvö störf*

Hjá Umhverfisstofnun eru tvö störf á sviði náttúru laus til umsóknar.

**LÖGFRÆÐINGUR – LOFTSLAGSMÁL OG MÁLEFNI HAFS OG VATNS**

Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum frá september og allt til áramóta á einstökum svæðum.

Helstu verkefni lögfræðingsins verða undirbúningur ákvarðana, leiðbeiningar og önnur stjórnsýsluverkefni á sviði loftslagsmála og haf- og vatnsmála, greining á löggjöf Evrópusambandsins og gerð tillagna að reglugerðum. Einnig er gert ráð fyrir almennum lögfræði- og stjórnsýsluverkefnum sem og umsögnum um þingmál. Gert er ráð fyrir þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

**SÉRFRÆÐINGUR – FRIÐLANDIÐ HORNSTRÖNDUM**

Helstu verkefni sérfræðingsins verða eftirlit og umsjón með friðlandinu, gerð starfsáætlana og undirbúningur fyrir verndarráðstafanir, umsjón með landvörðum og sjálfboðaliðum innan friðlandsins, gerð verndaráætlana, skipulag og umsjón landvörslu, afgreiðsla stjórnsýsluerinda, seta í Hornstrandarnefnd, náttúruverndarverkefni á landsvísu, vöktun náttúru- og menningarminja og ferðamanna

**ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR**

Ítarlegri upplýsingar um störfin, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfanna er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, á netfangið ust@ust.is

**FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING**

# SUNDÞJÁLFARI
(SUNDÞJÁLFARANEMI)

**Sunddeild Stjörnunnar leitar að einstaklingi í hlutastarf við þjálfun æfingahópa við yngra starf deildarinnar. Sami aðili hefur einnig möguleika á fullu starfi í sumar.**

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbjörn yfirþjálfari í netfanginu sund@stjarnan.is eða í síma 669-6502.**

Sunddeild Stjörnunnar er eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ.

# HÚSVÖRÐUR Í KAPLAKRIKA

Óskum eftir að ráða harðduglega og snyrtilega konu (inn í starfinu felst baðvarsla fyrir stúlkur í íþróttum) í 100 % starf húsvarðar í Kaplakrika. Unnið er á vöktum.

**Starfslýsing**: Almenn þrif í húsinu og á svæðinu. Þjónusta við iðkendur og aðra gesti, eins og að svara í síma og svara fyrirspurnum varðandi félagið, æfingatíma og fleira.

**Umsóknir skal senda á elsa@fh.is fyrir 21. ágúst**

# LAUS STÖRF
Björt 4ja herbergja útsýnisíbúð á áttundu hæð í lyftuhúsi í Engihjalla. Forstofa með fatahengi. Eldhús er stórt með góðu skápaplássi nýlegri innréttingu flísar á milli skápa og granit borðplötum, nýlegum tækjum. Stofa og borðstofa er björt og með útgengi út á svalir með fallegu suður og vestur útsýni. Hjónaherbergi og 2 barnaherbergi. Góðir skápar á svefnherbergisgangi. Baðherbergi flísalagt, innrétting, baðkar með sturtuaðstöðu og tengi fyrir þvottavél. Sér geymsla í sameign.



Kristín Ósk
Sölufulltrúi
**8226800**
kor@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Leifsgata 18
101 Reykjavík
Góð fimm herbergja hæð

**Stærð: 121,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1935**
**Fasteignamat: 46.650.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús





**OPIÐ HÚS MÁND.14.ÁGÚST KL.17:00-17:30** | **Verð: 50.900.000**

RE/MAX Senter kynnir í einkasölu:
Fimm herbergja íbúð, vel staðsett eign í 101 Reykjavík.
Íbúðin skiptist í tvær stofur, þrjú svefnherbergi, eldhús og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél.
Í sameign er sér geymsla og sameiginlegt þvottahús.



Guðmundur
Sölufulltrúi
**898-5115**
gudmundur@remax.is

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
**661-6056**
gulli@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Álfkonuhvarf 43
203 Kópavogur
Falleg og vel skipulögð íbúð

**Stærð: 106 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 35.200.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús





**opið hús 14 ágúst kl 18.00-18.30** | **Verð: 41.900.000**

Rúmgóð og vel skipulögð 3ja herbergja í búð á 3ju hæð við Álfkonuhvarf 43 í Kópavogi. Sér bílastæði í bílgeymslu. Íbúðin skiptis í forstofu með fataskáp. Hjónaherbergi með stórum fataskáp. Barnaherbergi með parketi á gólfi, fataskápur. Baðherbergi með sturtu, baðkari, handklæðaofni og innréttingu. Flísar á gólfi og veggjum. Stofan er björt og opið inn í eldhús. Úr stofunni er gengið út á stórar svalir. Parket á gólfum. Þvottahúsið er innaf íbúð með flísum á gólfi. Í sameigninni er sér geymsla.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**


2 SPORT
Premier League
ENSKI BOLTINN
ER HAFINN!
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
2 SPORTPAKKINN
TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
STRAX Í DAG
365.is | Sími 1817
365
*miðað við 12 mánaða bindingu




-30%
Olaf skenkur kr. 228.700
**NÚ KR. 160.000**

-40%
Hand knit púði kr. 8.900
**NÚ KR. 5.340**

-50%
Hübsch vasar kr. 7.340
**NÚ KR. 3.670**

-30%
Bond Round kr. 24.900
**NÚ KR. 17.430**

Bond Oval kr. 29.400
**NÚ KR. 20.580**

-30%
Rombo Earth armstóll
kr. 52.900
**NÚ KR. 37.000**

**10% AFSLÁTTUR
AF NÝJUM VÖRUM
OG SÉRPÖNTUNUM**

-50%
Jersey TV skenkur kr. 119.400
**NÚ KR. 59.700**

-50%
Wire sófaborð kr.69.800
**NÚ KR. 34.900**

-40%
Jersey borð kr. 161.400
Stærð 190x95 + 2 x 45 cm
**NÚ KR. 96.840**

-50%
Hype borðstofustóll
kr. 39.900
**NÚ KR. 19.950**

# LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Fallegur regnbogamatur

Í dag fögnum við fjölbreytileika mannlífsins með litríkri gleðigöngu. Þá er ekki úr vegi að velta fyrir sér regnbogamat. Sterkir litir í tómötum, spergilkáli eða berjum eru samnefnari fyrir hollustu.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Oft er sagt að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að borða regnbogamat, „eat a rainbow of foods“. Litríkur matur af náttúrunnar hendi er nefnilega afar hollur og þess vegna ágætt að leita til litanna þegar maður er hungraður. Á skemmtilegum dögum þegar gleðigangan stráir birtu yfir borgina má síðan leyfa sér einhverja óhollustu í öllum regnbogans litum. Það gæti verið litrík kaka, möffins, fallegur kokteill eða franskar makkarónukökur.

Venjulega eru það ávextir, ber og grænmeti sem átt er við þegar talað er um regnbogamat. Heilsusamlegur matur í fallegum litum ætti að þekja að minnsta kosti hálfan diskinn. Þannig fær fólk í sig næg vítamín að ekki sé talað um trefjar.

Appelsína ætti að vera á morgunverðarborðinu auk tómata og gúrku. Síðar um daginn ætti maður að borða gulrætur, grasker, sætar kartöflur, kúrbít og kantalópumelónu. Í öllum þessum hráefnum er beta-karótín sem er mikilvægt andoxunarefni sem breytist í A-vítamín í líkamanum. A-vítamín er mikilvægt fyrir sjónina og það er talið geta spornað við öldrun auk margs annars. Fleiri góð vítamín eru í þessum hráefnum.

Græni liturinn er sömuleiðis mikilvægur. Salat og ýmsar káltegundir eru vítamínríkar. Spergilkál og spínat eru á lista yfir ofurfæðu. Bláa litinn fáum við í bláberjum sem ætti að vera nóg af á næstu vikum í náttúrunni. Ber eru litrík og góð. Vínber eru holl eins og önnur ber. Rauðvín í hófi og dökkt súkkulaði má leyfa sér.

Brúna litinn fáum við úr grófu brauði. Ljósari brúna liti úr mjöli, hnetum og öðru slíku. Hvíti liturinn er í jógúrt, mjólk og fleiri mjólkurvörum. Loks er guli liturinn í smjöri og olíum. Allur matur sem á sér einhvern lit er hollur og vítamínríkur. Þess vegna er stundum sagt að fjölbreytt regnbogafæða sé okkur mikilvæg í dagsins önn.



Franskar makkarónur eru æðislega fallegar og lífga upp á umhverfið. Þær eru góðar með kampavíni eða bara kaffi.



Fallegar bollakökur í regnbogalitum.




» Allur matur sem á sér einhvern lit er hollur og vítamínríkur. Þess vegna er stundum sagt að fjölbreytt regnbogafæða sé okkur mikilvæg í dagsins önn.

## Regnbogamöffins

**180 g mjúkt smjör**
**180 g sykur**
**180 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**
**2-4 msk. mjólk**
**2 egg**
**150 g hindber eða bláber**

## Smjörkrem

**125 g mjúkt smjör**
**250 g flórsykur**
**1 msk. mjólk**
**Mismunandi kökulitir.**



Regnbogakokteill.

Hitið ofninn í 180°C.
Notið bökunardisk fyrir tólf möffins. Setjið pappír í hvert hólf.
Setjið allt sem á að fara í deigið fyrir utan berin í matvinnsluvél og hrærið vel saman. Bætið mjólk við eftir þörfum.
Setjið ríflega matskeið í hvert hólf og stingið berjum ofan í deigið. Önnur matskeið af deigi er síðan sett yfir berin.
Bakið í 15-20 mínútur. Kælið í að minnsta kosti 10 mínútur.
Smjörkrem er búið til á meðan kökurnar kólna. Setjið smjörklípur í skál og hrærið þar til það verður loftkennt, þá er flórsykur settur varlega saman við og loks mjólkin.
Skiptið kreminu niður í nokkrar skálar og litið í mismunandi litum. Það má setja hindber á toppinn á hverri köku.

## Regnbogakokteill

Til að gera fallegan regnbogakokteil þarf eftirfarandi (eða bara biðja um hann á næsta kokteilbar).

**Grenadine**
**Coconut romm**
**Ananassafi**
**Blue Curacao**

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BÍLA GALLERÍ




NÝIR ! MMC Outlander PHEV PLUG IN HYBRID. Sjálfsk, Leður / Alcantara, bakkmyndavél ofl. 3 litir. Verð 4.190- 4.390Þ. Sjá Raðnr.111579 á bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



**TIL SÖLU**
Loksins er Beauty Boxið til sölu. Piagglo Porter árg. 2001, ekinn 49.000km. já þú sérð rétt. Einn eigandi. Ný dekk s/v, ný smurður, ný tímareim, 6 manna bíll. Bíllinn vekur athygli, svo auglýsingagildið er mikið. Hafið samband og fáið sögustund. Uppl. í síma 895 7199, Ómar.



**TIL SÖLU**
Honda Jazz árg. 2007, ekinn 104.000 km. Sjálfskiptur, skoðaður 2018. Virkilega snyrtilegur bíll. Sá eini græni. Uppl. í síma 8957 199, Ómar.



Renault Trafic (langur) nýskr. 07/2010. Ekinn 103.000 km. Rennihurð báðum megin, dráttarbeisli, krossviður í hliðum og botni. Einn eigandi. Mjög vel farinn bíll. Lakk eins og nýtt. Verð 1.590.000. Uppl. 840 0470



Subaru Forester Árg '16, ek. 19 Þ.KM, Sjálfskiptur, bensín, Verð 3.990.000 S. 6259302 /3 Aviran eða Katja



MERCEDES BENZ ML350. Árgerð 2005. Ek. 175þ.km. Einn eigandi. Bíll í toppstandi. Nýskoðaður. Sumardekk, álfelgur. 1.990 mkr. Uppl. 660 0747



**NÚ ER LAG.**
Ný standsettur veitingabíl með gas-grillpönnu,gas-grillofn, kæliborð, loftræsting, allur einangraður og klæddur með stáli, nýtt gas og nýtt rafmagn,Skoðaður 19. Ásett verð er 3,990.þ. uppl. 820-5181



Skoda oktovia 4x4 2007 1900 cc ek. 210 þús, upptekið hedd hjá Kistufelli, ný tímareim, vatnsdæla, dekk ofl. dráttarkúla. Vel með farinn. V. 950.000.- S. 897 5758

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hópferðabílar



Dodge Sprinter árg. 2006 ekinn 290 þús km. Sætafjöldi 16+1+1. Verð 3,2 millj. S. 894-0278

### Bátar



Quicksilver 380 HD á kerru með 15 hp tvígengismótor ásamt ýmsum fylgihlutum. Ásett verð: 390 þ.kr. Uppl. í s. 8932448

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

**ÍSAV EHF**
getur bætt við sig verkefnum í pípulögnum, vanir menn og vönduð vinnubrögð.
**Upplýsingar í síma 771 8963.**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**GARÐAUMSJÓN**
Garðvinna, sláttur klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 8676677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR TIL SÖLU**
Austurlenskur veitingastaður í skeifan til sölu rekstur eða með húsnæði uppl á tomas6911@gmail.com

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til sölu

Vinnuvélar

**Nú er tíminn!**
Nú er rétti tíminn til að huga að golfbílakaupum.




Club Car

**Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is**
**www.vinnuvelar.is**

### Til sölu

plettac distribution



**Plettac vinnupallar til sölu.**
**Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.**

VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

## Til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Húsnæði óskast

**Hús/ hæð / raðhús í 110 RVK eða nágrenni**

helst **Ártúnsholt, Árbær, Selás** óskast.

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð á sv. 110 eða nágrenni.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

**Nánari upplýsingar sendist á: sendtohelgi@gmail.com**




## Hljóðfæri

Yamaha, Orgel, Stórt Gamalt, Tilvalið fyrir kikjusóknir, kirkju eða lengra komna. upplýsingar: í síma 565-8848 eða 821-6848. Jón. Jóhannes.

## Til bygginga

**MEVA STEYPUMÓT OG FYLGIHLUTIR**

Til sölu ónotaðir fylgihlutir fyrir Meva steypumót, s.s. mótalásar, rær, hífikrókar o.fl. ásamt nokkrum nýjum flekum.
**Upplýsingar í 696 4490.**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Heimilið

## Dýrahald



**ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR**

Dásamlegir íslenskir fjárhundshvolpar til sölu. Ættbók Hrfí og heilbrigðisvottorð. Vísa raðgreiðslur. Sjá nánar https://www.facebook.com/stokkseyrarselbreeding/ Sími 5668778 og 776 8778 raga@nett.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

R109-. Snyrtilegt 2ja herb. íbúð í einbýli í fallegu og rólegu hverfi. V. 122 þús. Email: fjallafossar@gmail.com

## Húsnæði óskast

**110 REYKJAVÍK**

**ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT**

Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Nánari uppl. í síma 824 1485**

Óska eftir 25+ fermetra bílskúr. S. 8660784

## Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 100 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar:699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

Vantar þig aukavinnu ? Hressan starfskraft vantar á daginn alla virka daga frá 11 - 13:00 í afgreiðslu, helgar frá 18:00 - 20:00. Pizza King í Skipholti 70. Uppl. í s: 864 7318

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háholti 13-15, Mos. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**BÍLSTJÓRI**

Bjössi ehf óskar eftir vörubílstjóra á 4 öxla vörubíl og á dráttarbíl. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Mjög góð laun í boði.
**Uppl. í s. 696 6676 Bjössi & 899 8201 Skúli eða bjossi@bjossi.is**

HEILBRIGÐ HÚS EHF

**HÚSASMIÐUR ÓSKAST !**

Óska eftir að ráða vanan húsasmið til starfa. Hæfniskröfur eru: Sveinspróf í húsamiði A.m.k. 5 ára reynsla í faginu. Sjálfstæð vinnubrögð. Gott vald á íslensku.
**Umsóknir sendist á gustismidur@gmail.com**
**Upplýsingar gefur Ágúst í síma 699 8393**

GINGER

**DAGVAKTIR**

Ginger óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is Ginger restaurant is looking for employees on day shifts all weekdays. If you are 18 or older and interested in working at a good restaurant please send your c.v. to brynja@ginger.is

**DEVITOS PIZZA**

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, Kvöldvinna
**Uppl. í s. 777 6506**

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.



Óskum eftir að ráða þjónustufólk í sal, á hádegisvakt. Umsóknir sendist á 3frakkar@3frakkar.is




Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is



Árbæjarsafn
11.08.–
13.08.2017
Fögnum saman
60 ára afmæli
Árbæjarsafns
1957–2017
sjötti áratugurinn í algleymingi
Tómas R. Einarsson!
Sigríður Thorlacius!
Komdu að dansa!
Cosplay 1957 keppni!
Dýrgripur í dós!
Fataskiptimarkaður!
Rokkabillí plötusnúður!
Fornbílar!
Útileikir fyrir börn
nánari uppl. um dagskrá á www.borgarsogusafn.is

# Biðin á enda

Enska úrvalsdeildin er byrjuð. Flestir veðbankar spá Manchester-liðunum efstu sætunum en ljóst er að baráttan verður hörð um efstu sætin. Bilið á milli þeirra stóru og litlu hefur aukist og má búast við lagskiptri deild.



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@365.is

Enska úrvalsdeildin er 25 ára í ár. Þegar fyrsta umferðin var spiluð árið 1992 voru 13 útlendingar í deildinni, Manchester United endaði sem meistari eftir að Norwich hafði haft forystuna um jólin. Arsenal varð í tíunda sæti og aðeins einn knattspyrnustjóri missti vinnuna yfir tímabilið. Þrír aðrir hættu eftir að keppni lauk, meðal annars goðsögnin Brian Clough.

Nú er 25. tímabilið hafið en Arsenal og Leicester öttu kappi í gær í deild sem talin er vera sú skemmtilegasta í heimi. Hún er allavega ríkust. Á topp 30 lista Deloitte yfir ríkustu félög heims í fyrra voru 12 í ensku deildinni.

Miðaverð hefur hækkað mikið og eru áhorfendur því orðnir eldri. Fyrir fimm árum sagði framkvæmdastjóri hjá Manchester City að meðalaldur ársmiðahafa hefði farið upp um átta ár. Þrátt fyrir töluverða leit þá fundust ekki nýrri tölur. Nú er komið þak á útivelli – þar má miðinn ekki kosta meira en 30 pund. Háu miðaverði hefur verið mótmælt en á meðan uppselt er á leiki stóru liðanna mun trúlega lítið breytast.

Gjáin milli þeirra ríku og þeirra sem hafa minna milli handanna er orðin gríðarleg eins og sést á kaupum Manchester-liðanna og þeirra sem minna mega sín. Flestir spá einmitt Manchester-liðunum efstu sætunum og fleiri eru á því að City-liðið skáki rauðu djöflunum.

Biðinni er lokið og deildin hefur verið flautuð á. Hvað gerist er auðvitað vandi að spá um en eitt er víst að skemmtilegasta deild heims er byrjuð og það eitt og sér er fagnaðarefni.



**5**

**MARKMENN HAFA SKORAÐ MÖRK Í DEILDINNI.**

**7**

**LEIKMENN HAFA SKORAÐ YFIR 30 MÖRK Á TÍMABILI. ALAN SHEARER GERÐI ÞAÐ ÞRJÚ TÍMABILI Í RÖÐ.**



## Þarf að heilla aðdáendur upp á nýtt

Þá er komið að Arsené Wenger og drengjunum hans í Arsenal. Þar er stórra spurninga spurt á hverjum degi. Arsenal endaði í fimmta sæti og flestir eru sammála um að þótt óvissunni um Wenger hafi verið eytt næstu tvö árin vanti enn svör við mörgum spurningum.



**810**

**SINNUM STÝRÐI SIR ALEX FERGUSON LIÐI SÍNU Í ÚRVALSDEILDINNI.**

## Óvissa um meistarana



Chelsea eru ríkjandi meistarar en það eru fáir sem spá þeim titlinum í ár. Óvissan í kringum Diego Costa og meiðsli Edens Hazard eiga stóran þátt í því.



## Pressa á Móra

Hinum megin í Manchester er svo José Mourinho sem eitt sinn var talinn sá besti. Hann er einnig á sínu öðru tímabili og hefur fengið allt sem hann vill frá stjórn liðsins; leikmenn sem kostuðu mikið og nú er krafan að gera alvöru atlögu að titlinum. Mistakist það er Mourinho einnig undir gríðarlegri pressu. Ef hann getur ekki komið Manchester United aftur í fremstu röð með þeim leikmönnum sem hann hefur keypt getur það enginn.

## Verður að vinna

Pep Guardiola er á sínu öðru tímabili og hefur eytt gríðarlegum fjármunum. Hann er af flestum talinn besti knattspyrnustjóri heims en ef City liðið vinnur enga bikara í ár er komin ótrúleg pressa á Guardiola. Pressa sem hann hefur ekki endilega fundið áður.



**50**

**SKALLAMÖRK HEFUR PETER CROUCH SKORAÐ.**





**119**

**GUL SPJÖLD HEFUR GARETH BARRY FENGIÐ.**

## Enska úrvalsdeildin 25 ára

**9.746** leikir hafa verið spilaðir.

**25.769** mörk hafa verið skoruð.

**47** lið hafa spilað í deildinni. Brighton og Huddersfield verða lið númer 48 og 49.

**13** voru ekki Bretar í fyrstu umferð árið 1992.

**3.835** leikmenn hafa spilað að minnsta kosti eitt tímabil.

**113** þjóðir hafa átt fulltrúa.

**54** rauð spjöld hefur Liverpool fengið í 962 leikjum.

**1.856** mörk hefur Manchester United skorað. 158 meira en Arsenal.

**3** lið hafa skorað yfir 100 mörk á tímabili.

**1** lið hefur fengið á sig 100 mörk á tímabili, Swindon Town.

**260** mörk skoraði Alan Shearer. Wayne Rooney hefur skorað 198.

**3.039** áhorfendur mættu á leik Everton og Wimbledon 1993. Aldrei hafa færri mætt á leik í deildinni.

**6** lið hafa unnið deildina.

**5** lið voru með fleiri en 50 þúsund áhorfendur að meðaltali.

**1.477** rauð spjöld hafa farið á loft.

# ego dekor

## ÚTSALAN ER HAFIN!
## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



GRANDOIS TUNGUSÓFI
Stærð: 305X175cm
~~Verð: 239.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 191.200,-



ORLANDO TUNGUSÓFI
Stærð: 272X165cm
~~Verð: 209.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 177.650,-



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 177.650,-

VANCOUVER BORÐSTOFURBORÐ
Stærð: 180X90cm
~~Verð: 85.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ. 59.500,-



VANCOUVER TV SKENKUR
Breidd: 180cm
~~Verð: 117.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 93.600,-





STÓLL 133
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 9.540,-



CALE STÓLL
~~Verð: 15.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 10.335,-



MILO STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.320,-



TWIST STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

## Merkisatburðir

**1755** Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson nota jarðbor við rannsóknir á jarðhita í Laugardal í Reykjavík. Var þetta í fyrsta sinn sem slíkt tæki var brúkað á Íslandi.

**1851** Isaac Singer fær einkaleyfi á saumavélinni.

**1908** Ford T kemur á markað.

**1942** Bardaginn um Stalíngrad hefst.

**1957** Stöðumælar teknir í notkun í Reykjavík.

**1964** Íþróttamönnum frá Suður-Afríku er meinað að taka þátt á Ólympíuleikunum vegna aðskilnaðarstefnu stjórnvalda.

# 1.300 gestir kristnihátíðar fengu skemmda kássu

**38 ár eru frá því að hópslysaáætlun Almannavarna ríkisins var sett í gang eftir að mataritrun kom upp á alþjóðlegri kristnisamkomu í Reykjavík. Gestir lágu hver um annan þveran meðan þeir biðu eftir því að komast á skálina. Engum varð varanlega meint af.**

Í dag eru 38 ár liðin frá því að yfir 1.300 gestir alþjóðlegs kristilegs unglingamóts, sem haldið var í Reykjavík, fengu svæsna matareitrun. Fjörutíu manns voru svo illa haldnir að flytja þurfti þá á sjúkrahús. Matur sem fólkinu var boðið upp á reyndist sökudólgurinn.

„Það veiktust allir í því herbergi, sem ég svaf í, eða tuttugu manns. Einn gleymdi að borða kvöldmatinn, svaf því vel og var fílhress,“ sagði Norðmaðurinn Terje Börsheim í samtali við blaðamann Vísis.

Fyrsta símtal vegna kveisunnar barst úr Vogaskóla skömmu fyrir klukkan fimm um nótt og fór læknir til að kanna tilvikið. Í samtali við Morgunblaðið sagði hann að aðkoman hefði ekki verið falleg. Fólk hafi verið í röð og beðið eftir því að komast á salernið og lágu sumir í gólfinu af kvölum. Hringdi hann eftir hægða- og verkjastillandi lyfjum en fékk þau skilaboð að ástandið væri svipað í öllum skólum borgarinnar.


Matareitrunin er líklegast úr kjötinu


„Hreintneyðarástand hefði getað skapazt“

Fyrirsagnir úr Morgunblaðinu og Vísi dagana eftir að matareitrunin kom upp.

Hópslysaáætlun var sett af stað og tóku Almannavarnir ríkisins þátt í aðgerðum. Fólk var selflutt á sjúkrahús og óku sjúkraflutningamenn nær sleitulaust frá klukkan hálfsex til hádegis.

> **Einn gleymdi að borða kvöldmat, svaf því vel og var fílhress.**
>
> Terje Börsheim, norskur gestur hátíðarinnar

Þegar upp var staðið höfðu hátt í fjörutíu verið fluttir á sjúkrahús.

Rannsókn heilbrigðiseftirlitsins leiddi í ljós að kjúklingakássa, sem boðið var upp á um kvöldið, hefði haft þessi áhrif á meltingarveg hátíðargesta. Gekk á með uppköstum og niðurgangi fram á næsta dag en um leið og líkamar fólks voru lausir við vágestinn gat mótið haldið áfram. Engum varð varanlega meint af eitruninni. johannoli@frettabladid.is

---



✝

Ástkær systir okkar,

**Arna Hrönn Pálsdóttir**

Þorláksgeisla 1, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ þann 14. ágúst kl. 15.

**Gunnlaug Dröfn Pálsdóttir** **Þyrnir Hálfdanarson**
**Ragnheiður Líney Pálsdóttir**
**Snorri Karl Pálsson** **Jóna Magnea Hansen**
**og systkinabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Margrétar J. Helgadóttur**

Norðurvangi 8.

Sérstakar þakkir til starfsfólks kvenlækningadeildar Landspítalans, Heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins og Sóleyjar lungnahjúkrunarfræðings fyrir ómetanlegt starf og umhyggju.

Guð varðveiti ykkur öll.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hjörtur Á. Ingólfsson**

---


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**


---





ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðlaug Hólmfríður Jónsdóttir**

Víðilundi 16c, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 10. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 15. ágúst kl. 13.30.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

**Elfar, Jón Þór, Jóhanna og Rósa Aðalsteinsbörn**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Guðjón Örn Baldursson**

kvikmyndasýningarmaður,
Vindakór 5, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 3. ágúst. Útför hans verður gerð frá Langholtskirkju föstudaginn 18. ágúst klukkan 15.

**Svandís Hauksdóttir** **Unnur R. Hauksdóttir**
**Baldur H. Hauksson** **Sigrún E. Hjaltadóttir**
**Haukur H. Leifsson** **Guðbjörg Þorsteinsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þuríðar Þórarinsdóttur**

Lækjargötu 26, Hafnarfirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi þann 26. júlí sl. fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 15. ágúst nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Ingi Þór Þorgrímsson** **Sigrún Björg Þorgrímsdóttir**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reynir Einarsson**

lést á Hlévangi í Keflavík miðvikudaginn 9. ágúst.
Útför hans fer fram í Fossvogskirkju þann 16. ágúst kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp.

**Kristín Þ. Reynisdóttir** **Jóhann Baldursson**
**Pétur A. Reynisson** **Kristín Helga Jónsdóttir**
**Hallfríður Reynisdóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**Reynir Reynisson** **Ólöf Una Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Helga Steinþórssonar**

pípulagningameistara,
Freyjuvöllum 12, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæslu og lungnadeildar A-6, Landspítala í Fossvogi.

**Karítas Jóna Gísladóttir**
**Guðmundur Helgason**
**Steinar Már Helgason** **Rebecca Scattergood**
**Gísli Jónatan Helgason** **Una Dís Fróðadóttir**
**Davíð Helgason**
**og barnabörn.**

---



✝

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi, langafi og ástkær vinur,

**Brynjólfur Aðils Aðalsteinsson**

frá Brautarholti í Dölum,

lést á Landspítalanum aðfaranótt 9. ágúst.
Útför verður auglýst síðar.

**Aðalsteinn Brynjólfsson** **Ágústa Sigurðardóttir**
**Anna Día Brynjólfsdóttir** **Gísli Sæmundsson**
**Agnar Bent Brynjólfsson** **Kolbrún Markúsdóttir**
**Guðfinna Snæbjörnsdóttir og fjölskylda.**


BORGUNARBIKARINN
Í DAG 15:30
SPORT
ÍBV
BORGUNAR
BIKARINN
LAUGARDALSVÖLLUR
12. ÁGÚST 2017 KL. 16:00
ALLIR Á VÖLLINN!
SPORTPAKKINN
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817
365.IS
365
*miðað við 12 mánaða bindingu

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**LEIGUHÚSNÆÐI**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L | A | U | S | B | U | N | D | I | N | N | ■ | Í | ■ | Ó | ■ | V | ■ | H | ■ |
| E | ■ | N | ■ | R | ■ | Ý | ■ | N | ■ | E | N | D | U | R | G | E | R | U | M |
| N | Á | G | R | U | N | D | I | N | N | I | ■ | Ý | ■ | E | ■ | G | ■ | L | ■ |
| G | ■ | B | ■ | N | ■ | Á | ■ | S | ■ | T | Ó | F | U | G | R | A | S | I | Ð |
| D | ■ | A | G | N | Ú | I | S | T | ■ | A | ■ | U | ■ | L | ■ | S | ■ | N | ■ |
| A | ■ | R | ■ | U | ■ | N | ■ | R | Á | Ð | U | N | A | U | T | A | N | N | A |
| R | Á | N | S | M | A | N | N | I | ■ | I | ■ | N | ■ | N | ■ | L | ■ | A | ■ |
| E | ■ | A | ■ | ■ | F | ■ | A | ■ | S | ■ | H | I | T | A | S | T | Ý | R | T |
| I | L | M | K | O | L | L | U | R | I | N | N | ■ | A | ■ | Í | ■ | T | ■ | Í |
| N | ■ | A | ■ | ■ | J | ■ | M | ■ | G | ■ | A | ■ | K | E | M | B | U | N | A |
| I | K | T | S | J | Ú | K | A | ■ | U | ■ | P | ■ | T | ■ | J | ■ | V | ■ | N |
| N | ■ | ■ | T | ■ | K | ■ | S | K | R | E | P | P | I | T | Ú | R | I | N | N |
| G | L | E | R | H | A | R | T | ■ | V | ■ | A | ■ | N | ■ | K | ■ | N | ■ | A |
| A | ■ | ■ | O | ■ | ■ | E | I | N | E | Y | G | Ð | U | ■ | U | ■ | N | ■ | ■ |
| R | A | K | K | A | N | N | ■ | ■ | R | ■ | A | ■ | M | A | R | K | A | S | T |
| ■ | U | ■ | K | ■ | ■ | N | Á | S | K | Ö | T | U | ■ | L | ■ | V | ■ | A | ■ |
| S | K | R | A | M | B | I | ■ | E | ■ | N | ■ | M | ■ | S | K | E | M | M | A |
| ■ | N | ■ | N | ■ | ■ | L | ■ | L | Y | G | A | T | Ó | L | ■ | Ð | ■ | R | ■ |
| S | U | N | N | A | N | Á | T | T | ■ | U | ■ | A | ■ | Æ | R | U | M | Á | L |
| ■ | M | ■ | A | ■ | ■ | S | ■ | A | F | M | Æ | L | U | M | ■ | R | ■ | S | ■ |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hugtak sem kalla má höfuðeinkenni flestra mannanna verka (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. ágúst“.



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Elsku drauma mín – Minningabók Sigríðar Halldórsdóttur** eftir **Vigdísi Grímsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ólöf Björg Einarsdóttir, Kópavogi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Eiga ákveðna daga inni hjá mér (12)
**10** Er bláklædda gengið dautt? (9)
**11** Hlekkir karlsins í hátæknibrynjunni (12)
**12** Flókinn texti um flugur og risa í svarðarfenjum (9)
**14** Byrst tölti hún götuna á enda (12)
**15** Síða á klárum og kjaftshöggum (10)
**16** Bullaði hann blindaugafullur (12)
**17** Pása Ara var eins og allar hinar (10)
**20** Reynsla ófárra meðal enn fleiri (10)
**25** Rella um að láta pússa meira (4)
**26** Mútar kviðdómi í reykvískum rétti (10)
**29** Frjáls ef iðnaðarmenn og stúkubræður mætast (10)
**30** Af dauða og fyrirgefningu (6)
**31** Glampinn á fljótinu þá morgunroðinn skín (8)
**32** Skammast ef matsalir eru sóðalegir (6)
**33** Hurðalaust helvíti í guðsgrænni náttúru (8)
**34** Munum Ron sem ruglaðist á reglunum (8)
**38** Fúskar ef hún vill snúa þetta saman (6)
**39** Nú er tækifæri, hún er bæði dugleg og handlagin (7)
**41** Nota mér stjörnu til að festa belti (7)
**42** Afl Lóu slær allsgáða út af laginu (6)
**43** Rauðar leita snjólausrar í uppnámi (6)
**44** Þessi er ekki alveg fædd í gær (7)
**45** Tel vendi lykta langa leið (9)

**LÓÐRÉTT**

**1** Víðfrægt tól ræður hvorki við mínus né torx (16)
**2** Um samanlögðu mörkin í pundum (10)
**3** Fjötrum frú með vængjuðum grísjum (10)
**4** Meðan ég er nuddaður sýslar þú við ringulreið (8)
**5** Sódavatnsdrangar Surts og Hefestosar (10)
**6** Hefjum för nær hjarta hátíðar sem þó er liðin (11)
**7** Leita lýsinga dægurborða (11)
**8** Fremst meðal fjólureita (9)
**9** Víkjum þá að línunum í fóðurflutningunum (11)
**13** Rán allra rána snýst um grjóthart stöff (7)
**15** Ká enn á þeim sem kröftug eru (3)
**18** Úrvalsdæla spýtir feitum fagurlega (12)
**19** Klúbbur í sambandi sýrir að (12)
**21** Metum ung út frá áður óþekktum fyrirbærum (7)
**22** Hrakin úr landi þrátt fyrir þrekvirkin (7)
**23** Huga að ýfðum afgöngum (7)
**24** Hókus-pókus og lausnin kemur í ljós! (11)
**27** Grilli í ill, segir sá með svarthvítu skjáina (7)
**28** Bind þau skæði sem böndin hafa (10)
**35** Hrærum í uppruna alls (5)
**36** Huga að fiskum á fjallsbrúnum (5)
**37** Vísar til vaðmáls með tungubroddi? (5)
**40** Hún ku dvelja í ljósi sögunnar á Rás 1 (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Duric átti leik gegn Giplis í Vrnjacka Banja árið 1975.
**Hvítur á leik**
**1. Bxg6! fxg6 2. Dxe6! Bxe6 3. Rxe6+ Kh7 4. Rxc7** og hvítur vann nokkru síðar enda tveimur peðum yfir. Mikil spenna var fyrir lokaumferð Sinquefield-mótsins sem fram fór í gærkveldi.

**www.skak.is:** Sinquefield-mótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## KOSTNAÐARSAMT

Um síðustu helgi var spilað sterkt tvímenningsmót í Noregi, sem kallast Marit Sveaas. Þar spiluðu 216 pör og Íslendingar voru þar meðal þátttakenda. Hrannar Erlingsson og Sverrir Kristinsson náðu þar bestum árangri og höfnuðu í 13. sæti (verðlaunasæti) með 54,01% skor. Sveinn R. Eiríksson og Magnús E. Magnússon höfnuðu í 25. sæti og Júlíus Sigurjónsson, sem spilaði við Karlis Rubins, hafnaði í 66. sæti. Verðlaunin voru vegleg, rúmar 3 milljónir íslenskra króna fyrir fyrsta sætið sem kom í hlut feðganna Tors Helness-Fredriks Helness sem fengu 56,14% skor. Danska landsliðsparið Kasper Konow og Mikael Askgaard höfnuðu í 4. sæti með 55,66% skor. Þeir hefðu getað náð efsta sætinu ef Kasper Konow hefði staðið þetta spil í lokaumferðinni. Vestur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ G10985
♥ 53
♦ ÁK72
♣ K5

**Vestur**
♠ -
♥ K64
♦ G8643
♣ G9872

**Austur**
♠ ÁK764
♥ Á1082
♦ D5
♣ 43

**Suður**
♠ D32
♥ DG97
♦ 109
♣ ÁD106

Eftir pass vesturs opnaði Konow, í norður, á einum spaða. Askgaard sagði 2 ♥ í suður. Konow sagði 2 ♠ og þá doblaði austur. Askgaard var óhræddur og redoblaði sem var lokasamningurinn. Útspil austurs var tíguldrottning. Konow drap á ás, spilaði 3 hæstu í laufi og henti hjarta heima. Austur trompaði og gerði nú mjög vel í því að spila lágu hjarta. Vestur drap á kóng og spilaði laufgosa. Konow trompaði með spaðaáttu og austur henti tígli. Konow reyndi tígulkóng sem austur trompaði, tók ÁK í spaða og spilaði meiri spaða. Konow átti tvo fleiri tapslagi á tígul og AV þáðu 600 í sinn dálk. Konow hefði farnast betur og staðið spilið ef hann byrjar á að taka 2 hæstu í laufi, taka svo tígulkóng og spila tígli. Mistökin kostuðu hann meira en 2 milljónir í verðlaunafé.

jeep.is

# ALVÖRU JEPPI MEÐ HÁU OG LÁGU DRIFI
# 250 HÖ DÍSEL 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
# GERÐU VERÐSAMANBURÐ




## JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 8.990.000*

*Jeep Grand Cherokee Laredo dísel 250hö, 8 gíra sjálfskiptur, Quatratrac II fjórhjóladrif með lágu drifi, 18" álfelgur, Led+Xenon framljós, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, hiti í sætum, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin framsæti, stillanleg aftursæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, regnskynjari, aðgerðarstýri, raddstýrt útvarp o.mfl.

# ALVÖRU JEPPI
# DÍSEL 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR
# KOMDU OG REYNSLUAKTU




## JEEP® CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 6.690.000*

*Jeep Cherokee Longitude 2.2 dísel 185 hö (Limited 200 hö) 9 gíra sjálfskiptur, Select Terrain drif með fjórum stillingum og Jeep Active drive (Limited útgáfan með lágu drifi), 17" álfelgur, Led dagljós og afturljós, aftursæti á sleða til að stækka farangursrými, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, leðurstýri og gírhnúður, aðgerðarstýri, hraðastillir o.m.fl. Longitude Luxury aukalega með rafdrifnum upphituðum leðursætum og bakkmyndavél, kr. 6.990.000.

Jeep®

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 262

„Æi,“ sagði Kata önug. „Eigum við núna að fara að kubba?“ Hún dæsti. „Þetta er nú meira bullið. Kubba!“ „Nei,“ svaraði Lísaloppa. „Þetta er þraut.“ „Nú?“ sagði Kata spyrjandi. „Hvernig þá?“ „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum að telja hversu margir kubbar eru í þessari kubbastæðu og þá líka þá kubba sem ekki sjást.“ „Eigum við þá að nota röntgengleraugu?“ sagði Kata glottandi. „Við þurfum þess ekki,“ sagði Lísaloppa. „Við getum reiknað út hvað það eru margir kubbar sem ekki sjást út frá þeim kubbum sem við sjáum.“ „Allt í lagi, reikna út og telja,“ sagði Kata og fór að rýna í kubbastæðuna.






# Amma og afi búa hjá golfvelli

**Birkir Atli Snorrason** varð fimm ára í sumar.

Birkir Atli er mikill íþróttaálfur og finnst fátt skemmtilegra en að hreyfa sig. Hann bíður spenntur eftir Furðufatahlaupi Georgs sem verður haldið á sama tíma og Reykjavíkurmaraþonið um næstu helgi.

**En hvað er Birkir Atli búinn að vera að gera í sumar?** Ég fór á golfnámskeið, reiðnámskeið, sundnámskeið og í skemmtilegar útilegur. Ég er líka búinn að leika mér mikið á trampólíninu okkar,

**Hvenær byrjaði hann að spila golf?** Ég byrjaði að prófa golf tveggja ára. Núna á ég golfsett og kerru og golfhanska. Jóney amma og Fúsi afi eiga heima við hliðina á golfvelli.

**Birkir Atli á einn yngri bróður, Baldur Frey. En eru þeir ekki búnir að skemmta sér vel í sumar?** Jú, við erum búnir að leika okkur mikið á trampólíninu okkar á pallinum. Svo förum við mjög oft í sund.

Birkir Atli æfir fótbolta með Haukum og finnst mjög gaman. Um helgina ætla ég að spila fótbolta með vinum mínum á Arion Banka fótboltamótinu.

## Brandarar

– Af hverju fljúga fuglarnir suður á bóginn á haustin?
– Af því að þeir geta ekki labbað á sjónum.
Veistu hvað er svart og hvítt
Og framleiðir rosalegan hávaða?
– Sebrahestur að spila á trommusett.
– Hvað er gult og mjúkt og stórhættulegt?
– Sítrónubúðingur með handsprengju.
– Hvað er hnöttótt, loðið og hóstar?
– Kókoshneta með kvef.
– Hvað er lítið, grænt og rosalega hávaðasamt?
– Marsbúi með trommukjuða.
– Hvað er röndótt og flýgur um himingeiminn?
– Fljúgandi diskur í náttfötum.
Kennari: – Hvað er múmía?
Nemandi: – Eldgamall niðursoðinn kóngur.
– Hvað hefur 8 fætur, 2 handleggi, 3 hausa og 2 vængi?
– Maður á hestbaki sem heldur á hænu.
– Hvað nefnist afkvæmi broddgaltar og slöngu?
– Gaddavír.
– Hvað færðu ef þú blandar saman broddgelti og gíraffa?
– Tíu metra langan tannbursta.
– Hvað fær maður ef maður blandar saman gíraffa og kind?
– Lopapeysu með rúllukraga.

## Lestrarhestur vikunnar Kolbeinn Lárus Petersen

**Bók sem mælt var með**: Rottuborgari.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Það var Rottuborgarinn (eftir David Walliams). Hún er um stelpu sem átti pabba og stjúpmóður sem var ekki mjög góð við hana. Eftir skóla eða í frímínútum þá fá þau sér hamborgara hjá Borgari. Hún fann svo rottu og hafði hana sem gæludýr og hún var alltaf að passa að stjúpmóðir sín sæi hana ekki. Stjúpmóðirin áttaði sig á að hún væri með rottu og hringdi í Borgar nema þá var hann ekki Borgar heldur meindýraeyðir.

**Hvað finnst þér skemmtilegast við bækur?** Skemmtilegast við bækur er að þegar maður les þær þá getur maður búið til hvernig persónurnar líta út í alvörunni í huganum.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Ég held að það hafi verið Óvættaför.

**Hvernig bækur finnst þér skemmtilegastar?** Svona fyndnar bækur

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég er í Vogaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, ég fer bara þegar mig vantar bók.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Það eru örugglega fótbolti og að vera rappari.



Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

# Allt fyrir skólann



Faber Castell blýantur
Verð 219 kr.




Nike bakpoki
Verð 7.999 kr.



Herschel skólataska
Verð 9.995 kr.




Explore pennaveski
Verð 1.999 kr.




Stabilo tússlitir
Verð 499 kr.



Faber Castell yddari
Verð 499 kr.

Boxy strokleður
Verð 199 kr.







Límstifti 8g
Verð 147 kr.




Stabilo trélitir
Verð 489 kr.




Stílabók, línustrikuð
Verð 389 kr.

Tekið er á móti skiptibókum í öllum verslunum A4



**SPINNER FYLGIR ÖLLUM SKÓLATÖSKUM ***

* á meðan birgðir endast.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**
**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Fremur hæg norðvestlæg eða breytileg átt í dag. Víða bjartviðri, einkum sunnan- og austanlands, en stöku skúrir seinnipartinn, helst norðvestan til á landinu. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast suðaustanlands.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 16° | Oslo 20° | Stokkhólmur 19° | Gautaborg 21° | Helsinki 24° | Þórshöfn 11° | Nuuk 8° |
| London 19° | Amsterdam 19° | París 17° | Berlín 15° | Madríd 29° | Brussel 19° | Róm 26° |
| Boston 20° | New York 20° | Orlando 25° | Moskva 23° | Singapúr 26° | Tókýó 24° | Sydney 12° |









### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° → 2 | 11° ↘ 2 | 11° ↘ 2 | 10° ↘ 7 | 10° ↙ 11 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↗ 4 | 10° ↑ 4 | 9° ↑ 4 | 9° ↓ 4 | 5° ↙ 11 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↙ 2 | 11° ↑ 1 | 11° ↓ 2 | 8° ↘ 7 | 7° ↓ 8 |

### Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↑ 2 | 13° ↗ 2 | 10° ↖ 4 | 9° → 7 | 8° ↓ 3 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖ 4 | 9° ↙ 4 | 11° ↙ 3 | 14° ← 3 | 12° ↖ 2 |

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ARION
BANKA
MÓTIÐ
5
4
Góða skemmtun!
Arion banka mótið í fótbolta fer fram á félagssvæði Víkings í Fossvoginum núna um helgina. Um 2.400 stelpur og strákar taka þátt og óskum við þeim öllum góðs gengis og góðrar skemmtunar.
Íbúar Sparilands, þau Bíbí, Blaki og Ari, verða á mótinu og heilsa upp á keppendur og gesti.
Allir velkomnir
Arion banki
– fyrir framtíðina

# Ekkert með nein harðari efni á þessum tónleikum

**Lokatónleikar Jazzhátíðar Reykjavíkur fara fram á sunnudag. Hjörtur Ingvi Jóhannsson segir efni tónleikanna sótt í smiðju hinsegin höfunda djassins og að stemningin verði á léttari og melódískari nótunum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Lokatónleikar Jazzhátíðar Reykjavíkur verða með léttara móti að þessu sinni en þar verður kastljósinu beint að hinsegin höfundum djassins. Með því myndast líka skemmtileg tenging við Hinsegin dagana í Reykjavík sem standa einmitt sem hæst um þessar mundir. Hjörtur Ingvi Jóhannsson píanóleikari leiðir sveitina sem er einnig skipuð þeim Andra Ólafssyni á bassa og Magnúsi Trygvasyni Eliassen á trommur. Söngurinn er í höndum þeirra Kristjönu Stefánsdóttur, Þórs Breiðfjörð, Stínu Ágústsdóttur og Högna Egilssonar.

Hjörtur Ingvi, sem gaf sér stund frá stífum æfingum til þess að tala við blaðamann, segir að strákarnir í bandinu séu saman í Bryggjunni Brugghúsi alla sunnudaga svo þeir ættu að vera ágætlega rútíneraðir saman. „Ég játa að við erum hins vegar kannski þekktari fyrir það sem við höfum verið að gera í poppinu en ég er líka í Hjaltalín og þeir báðir í Moses Hightower,“ segir Hjörtur Ingvi léttur og bætir við að það sé líka gaman hvað þau sem sjá um sönginn koma úr ólíkum áttum. „Þór kemur úr söngleikjahefðinni en Högni úr poppinu og svo Kristjana og Stína úr djassinum.“

Hugmyndina að því að setja saman þessa tónleika segir Hjörtur Ingvi vera komna frá skipuleggjendum Jazzhátíðar Reykjavíkur þar sem að það sé ákveðið hinsegin þema á hátíðinni í ár. „Einn af gestum hátíðarinnar er stórstjarnan Fred Hersch sem er satt best að segja einn af mínum uppáhaldspíanistum enda alveg frábær. En þau hjá hátíðinni fengu okkur til þess að fara út í þetta verkefni og ég hef haft svona aðeins að gera með skipulagið á þessu, eða svona verið að reyna það, en það er líka bara búið að vera bráðskemmtilegt.“

Hjörtur Ingvi segir að það sé ágætt að hafa í huga þegar talað er um djassstandarda hinsegin höfunda að það sé mikið sótt í söngleikjatónlist frá þriðja og fjórða áratugnum að mestu. „Þetta eru mikið til karlar sem voru samkynhneigðir, en þó náðum við blessunarlega að vera með eina eða tvær konur líka, en það að þessir höfundar séu hinsegin er ekki það sem maður tengir við þá. Þetta eru lög sem maður heyrir alveg á venjulegum djasstónleikum og tengir ekkert frekar við kynhneigð viðkomandi höfundar. Þetta eru mjög þekktir höfundar á borð við Cole Porter, Leonard Bernstein, Billy Strayhorn, Bessie Smith og Lawrenz Hart sem var í teyminu Rodgers and Hart. Þannig að þetta eru mikið til höfundar og lög sem allir þekkja en þarna er þetta svona tekið saman í þessu ákveðna þema.“



Hjörtur Ingvi Jóhannsson, Stína Ágústsdóttir, Magnús Trygvason Eliassen og Andri Ólafsson utan við FÍH í Rauðagerðinu þar sem stífar æfingar stóðu yfir á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

Aðspurður hvort það hafi löngum verið meira umburðarlyndi í djassinum en víða annars staðar í samfélaginu þá segir Hjörtur Ingvi að það sé erfitt að fullyrða um slíkt. „Það er erfitt að segja. Það þarf líka að hafa í huga að þessir höfundar koma ekki beint úr djassheiminum heldur er það djassinn sem tekur þeirra tónlist upp á sína arma. Þarna eru menn sem voru giftir konum, eins og t.d. bæði Cole Porter og Bernstein, þannig að vissulega var þetta bara svona inni í skápnum á þessum tíma. Meira að segja finnst mér það eftirtektarvert að það eru ekki mjög margir djasstónlistarmenn sem hafa komið út úr skápnum en hvort að það eru einhverjar ákveðnar skýringar á því veit ég ekki. En í dag er þetta einfaldlega ekkert sem skiptir máli sem betur fer, að minnsta kosti ekki hérna á Íslandi.“

En eru einhver sérstök einkenni á þessari tónlist sem þið ætlið að flytja? „Þetta er að miklu leyti efni sem við getum sagt að komi úr The American Songbook, sem er vissulega ákveðinn grundvöllur í djassinum en við einbeitum okkur að þessari hinsegin tengingu. Þetta er ákaflega melódísk og skemmtileg tónlist, bæði hress og fallegar ballöður inn á milli. Þetta eru djasstónleikar sem langflestir ættu að hafa mjög gaman af því við erum ekkert með nein harðari efni á þessum tónleikum,“ segir Hjörtur Ingvi og hlær. „Þetta er þannig tilvalinn lokapunktur á þessari hátíð en það væri svo alveg sérstaklega gaman að fá á tónleikana fólk sem er að fagna Hinsegin dögum. Það væri frábært.“ Tónleikarnir verða í Norðurljósasal Hörpu á sunnudaginn kl. 15.




## Þessi tónlist valdi mig en ekki ég hana

Tónleikaröðin Reykjavík Classics er óvenjuleg nýjung inn í tónleikalandslagið á Íslandi enda tengdari menningarlegri ferðaþjónustu en gengur og gerist. Tónleikarnir eru þó auðvitað ekkert síður fyrir Íslendinga því þar gefst tækifæri til þess að kynnast klassískri tónlist á aðgengilegum tónleikum í sjálfum Eldborgarsal Hörpu en betri hljómburð er erfitt að finna á landinu. Margir af okkar þekktustu tónlistarmönnum hafa leikið þekkta kammertónlist á tónleikaröðinni í sumar og á mánudaginn ætlar Svanur Vilbersson gítarleikari að taka við keflinu.

Tónleikarnir fara fram tvisvar á dag, kl. 12.30 og 15.30, og Svanur ætlar að vera að í þrjá daga. Hann segir að þessir tónleikar séu skemmtilegt tækifæri fyrir fólk sem er á ferðinni til að upplifa Eldborgarsalinn sem sé vissulega einstakur. „Það er í raun sjaldan sem gefst færi á því að upplifa kammer- og einleikstónlist í þessum sal og það er líka frábært tækifæri fyrir íslenska tónlistarmenn að flytja sína tónlist þarna við þessar aðstæður.“



Svanur Vilbergsson, gítarleikari ætlar að taka við keflinu á tónleikaröðinni Reykjavík Classics á mánudaginn.

Svanur ætlar að sitja einn á stóra sviði Eldborgarsalarins með sinn gítar en hvað skyldi hann ætla að spila? „Ég ætla að spila svona frekar þekkt verk fyrir klassískan gítar. Byrja á því að spila úr Lútusvítu eftir Bach og síðan soldið af spænskum verkum eftir Granados, Albeniz og Tárreca en þetta eru með þekktari verkum fyrir gítar. Frekar rómantískt og aðgengilegt þannig að það þarf ekki að vera ýkja reyndur hlustandi til þess að koma á tónleikana og njóta þeirra til fulls.“

Svanur segir að hann hafi lært að mestu erlendis og verið kominn til Englands í nám aðeins sautján ára gamall. „Ég byrjaði þar en er líka búinn að vera á Spáni og svo mest í Hollandi þaðan sem ég hef mína háskólamenntun.“ En hvað er það við klassíska gítarinn sem heillar? Hvers vegna skyldi Svanur ekki hafa farið í rokk og ról? „Ég byrjaði á því að fara í rokk og ról en svo þróaðist þetta bara svona. Þessi tónlist togaði í mig og fljótlega varð þetta ekki spurning um neitt annað. Það var þessi tónlist sem valdi mig en ekki ég hana. Er það ekki klassískt svar við þessu?“ segir Svanur léttur.

magnus@frettabladid.is

#iseyskyr

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Við fögnum fjölbreytileikanum
**– gleðilega hátíð!**







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 9 - 10:20 |
| ANNABELLE: CREATION VIP | KL. 8 - 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 |
| FUN MOM DINNER | KL. 7 - 8 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 2 - 3 - 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 |
| THE HOUSE | KL. 10:40 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10 |
| PIRATES 2D | KL. 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:30 |
| DUNKIRK | KL. 3 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 3 - 5:50 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 3 - 6 |
| BAYWATCH | KL. 8 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 |
| ATOMIC BLONDE | KL. 8 - 10:30 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 4 - 6 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| DUNKIRK | KL. 3:40 - 6 - 8:20 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 - 8 - 10 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 1:40 - 2 - 4 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 1:20 - 3:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR.950


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 12. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Thomas Sheehan
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Um helgina býður Alþjóðlegt orgelsumar upp á tvenna tónleika með einum efnilegasta unga orgelleikara Bandaríkjanna, Thomas Sheehan, sem gegnir nú stöðu við Memorial Church við Harvard háskóla.

**Hvað?** Hjaltalín læf
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Hin frábæra kammerpopp hljómsveit Hjaltalín spilar á Bryggjunni. Hljómsveitin hefur spilað saman síðan 2004 og gefið út þrjár hljóðversplötur: Sleepdrunk Sessions, Terminal, Enter 4 og er þessa dagana að vinna að nýrri plötu. Hjaltalín mun spila sína klassísku slagara sem þjóðin þekkir og elskar plús eitthvað af nýju efni sem sveitin hefur unnið að undanfarið.



Hjaltalín verður á Bryggjunni brugghúsi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Viðburðir

**Hvað?** UPPI-NIÐRI
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hverfisgallerí, Hverfisgötu
Hverfisgallerí opnar samsýninguna UPPI-NIÐRI laugardaginn 12. ágúst með innsetningum, skúlptúrum og málverkum eftir Guðjón Ketilsson, Kristin E. Hrafnsson, Steingrím Eyfjörð, Sigurð Árna Sigurðsson, Guðnýju Rósu Ingimarsdóttur og Hildi Bjarnadóttur. Fyrri hlutinn, UPPI, stendur í tvær vikur í opnu og hráu rými á fyrstu hæð Hverfisgötu 4. Síðari hlutinn, NIÐRI, verður opnaður á Menningarnótt.

**Hvað?** JALLABINA
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** World class Laugum
Jallabina er nýjasta dansfitnessið og verður hægt að prófa í Laugum í dag.

**Hvað?** Brunnur – Opnun
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar
Sýningin Brunnur verður opnuð í dag. Magga Stína og Davíð Þór flytja tónlist auk þess sem léttar veitingar verða í boði.

# Sunnudagur

## 13. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Thomas Sheehan
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Um helgina býður Alþjóðlegt orgelsumar upp á tvenna tónleika með einum efnilegasta unga orgelleikara Bandaríkjanna, Thomas Sheehan, sem gegnir nú stöðu við Memorial Church við Harvard háskóla.

**Hvað?** Sunnudjass – Secret Swing Society
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Hljómsveitin Secret Swing Society var stofnuð í Amsterdam árið 2010, meðan meðlimir hennar stunduðu þar tónlistarnám, og hefur hún spilað mikið í hinum ýmsu tónleikasölum, úti á götum, mörkuðum og síkjum borgarinnar. Einnig hefur hún ferðast til fleiri borga í Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Litháen, Íslandi og á austurströnd Bandaríkjanna, ýmist til að spila á djasshátíðum, tónleikum eða á götum úti.

**Hvað?** Ágústa Eva – Uppáhaldslögin hennar ömmu. Aukatónleikar
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Ágústa Eva flytur dægurlagaperlur áranna 1945-1960 í Bæjarbíói Hafnarfirði sunnudaginn 13. ágúst nk. kl. 18.00. Hún verður ekki ein á ferð því með henni deila sviðinu margir af fremstu tónlistarmönnum landsins.

**Hvað?** Hinemoa – Picnic Concert
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hallaðu þér aftur, njóttu ljúfra tóna og fallegra radda í órafmögnuðum flutningi Hinemoa. Þessi íslenska hljómsveit var stofnuð árið 2014 af Ástu Björgu og Rakel Páls vegna ástríðu þeirra til tónlistar og löngunar til að skapa sitt eigið efni. Tónlistin þeirra er hrein, einföld og náttúruleg með órafmögnuðum hljóðfærum og röddum sem fléttast saman í undurfagra tóna.

### Viðburðir

**Hvað?** The Adventures of Priscilla, Queen of the Desert – Bíó
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Er þér þrotinn allur kraftur? Brá þér þegar þú leist í spegil í morgun? Eftir alla gleðina rennur það upp fyrir þér að á morgun er mánudagur og Hinsegin dögum 2017 lokið! Það er þó enn von því Priscilla, Queen of the Desert, ætlar að mæta í öllu sínu veldi í Stúdentakjallarann með sitt bjóða upp á þynnkumat sem öllu getur bjargað. Sólgleraugu, hettupeysa og Crocs-skór.











BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Sing Street | 18:00 |
| The Midwife | 17:30 |
| Mýrin | 18:00 |
| Out Of Thin Air | 20:00 |
| Who's Afraid of Virginia Woolf - National Theatre | 20:00 |
| Eg Man Þig | 20:00 |
| The Other Side Of Hope | 22:00 |
| Hjartasteinn | 22:15 |




NÓA
Trítlar
Lakkrís
FÖGNUM FJÖLBREYTILEIKANUM




Rúnar Freyr og Logi Bergmann opna Bakaríið á laugardögum.

ALLA LAUGARDAGA MILLI 09:00 OG 12:00.

BYLGJAN 989



# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Mæja býfluga
**08.00** Stóri og litli
**08.15** Með afa
**08.25** Nilli Hólmgeirsson
**08.40** K3
**08.50** Tindur
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.15** Pingu
**09.20** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga
**09.40** Tommi og Jenni
**10.05** Ævintýri Tinna
**10.30** Beware the Batman
**10.55** Ninja-skjaldbökurnar
**11.20** Ellen
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.25** Grey's Anatomy
**14.10** Grey's Anatomy
**14.55** Grand Designs
**15.45** Brother vs. Brother
**16.30** Laddi 7 tugur Goðsögnin, grínarinn, gleðigjafinn og gullbarkinn Laddi varð 70 ára nú fyrr á árinu og af því tilefni var blásið til stórglæsilegra afmælistónleika. Þar var farið yfir ótrúlegan feril Ladda í máli og myndum og að sjálfsögðu var húmorinn og tónlistin í fyrirrúmi. Laddi hefur í gegnum tíðina samið fjölmörg gríðarlega vinsæl lög og mörg þeirra eru fyrir löngu orðin hluti af þjóðarsálinni.
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10** Top 20 Funniest 2
**19.55** All Roads Lead to Rome Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker í hlutverki Maggie sem er ströng, einstæð móðir og kennari í miðskóla í New York. Til að ná betur til uppreisnargjarnrar dóttur sinnar, Summer, þá ákveður hún að fara með hana í ferðalag til þorps í Toscana á Ítalíu, sem hún kom oft til þegar hún var yngri.
**21.30** Bastille Day Spennumynd frá 2016. Michael Mason er bandarískur vasaþjófur sem stundar iðju sína í París. Dag einn stelur hann tösku sem reynist innihalda meira en veskið sem hann sóttist eftir því taskan springur í loft upp skömmu eftir að hann handleikur hana.
**23.00** Game Change Mögnuð sjónvarpsmynd sem vann Emmy-verðlaunin í árið 2012 og segir sögu hinnar umdeildu Söruh Palin og kosningabaráttu hennar í forsetakosningunum árið 2008. Með aðalhlutverk fara Julianne Moore, Woody Harrelson og Ed Harris.
**01.00** Far From The Madding Crowd
**02.55** The 40 Year Old Virgin
**04.45** Ain't Them Bodies Saints
**06.20** Friends

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** PL Match Pack
**07.50** Premier League Preview
**08.20** Keflavík - Þróttur
**10.00** Teigurinn
**10.50** Premier League Preview
**11.20** Watford - Liverpool
**13.30** Arsenal - Leicester City
**15.30** ÍBV - FH
**18.15** Southampton - Swansea
**19.55** Einvígið á Nesinu
**20.50** Chelsea - Burnley
**22.30** 1 á 1
**23.05** Keflavík - Þróttur
**01.25** ÍBV - FH

## STÖÐ 3

**16.35** One Born Every Minute
**17.20** Raising Hope
**17.45** New Girl
**18.05** Baby Daddy
**18.30** Mike and Molly
**18.55** Curb Your Enthusiasm
**19.30** Modern Family
**19.50** Grand Designs - Living
**20.45** Significant Mother
**21.10** Smallville
**21.55** NCIS Los Angeles
**22.35** The Capones
**23.00** Band of Brothers
**00.10** Bob's Burgers
**00.35** American Dad
**00.55** Curb Your Enthusiasm
**01.30** Modern Family
**01.50** Grand Designs - Living
**02.35** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Ljóti andarunginn og ég
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Ljóti andarunginn og ég
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Ljóti andarunginn og ég
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ratchet og Clank



Dóra könnuður kl. 10.00, 14.00 og 18.00

## GOLFSTÖÐIN

**07.35** LPGA Tour
**10.35** PGA Championship
**16.35** Einvígið á Nesinu
**17.35** Inside the PGA Tour
**18.00** PGA Championship
**23.00** Champions Tour Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**08.15** Just Friends
**09.50** Mr. Turner
**12.20** A Royal Night Out
**13.55** Phantom of the Opera
**16.15** Just Friends
**17.50** Mr. Turner
**20.20** A Royal Night Out Rómantísk mynd frá 2015 með Emily Watson, Rupert Everett og Söruh Gadon. Á deginum þegar Seinni heimsstyrjöldinni lýkur árið 1945, og friður færist yfir Evrópu á ný, þá fá prinsessurnar Elizabeth og Margaret leyfi til að taka þátt í hátíðarhöldunum.
**22.00** A Hologram for the King Dramatísk mynd frá 2016 með Tom Hanks í aðalhlutverki. Seinheppinn bandarískur athafnamaður, Alans Clay, er sendur til Sádí-Arabíu í söluleiðangur. Óhætt er að segja að hann verði fyrir nettu menningarsjokki þegar hann kemur á staðinn því nákvæmlega ekkert gengur fyrir sig í viðskiptalífi Sádí-Arabíu á sama hátt og hann er vanur í heimalandinu. Honum til happs hittir hann hjálpsaman leigubílstjóra sem skilur vandræði hans að mörgu leyti.
**23.40** Maggie
**01.15** The Drop
**03.05** A Hologram for the King

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.51** Kóðinn - Saga tölvunnar
**09.55** Bækur og staðir
**10.00** HM í frjálsum íþróttum
**11.00** David Attenborough: Haldið í háloftin
**11.55** Eurovisions
**12.50** Vetrarsól
**14.00** Danny & The Human Zoo
**15.30** Norrænir bíódagar: Lífsbarátta á Norðurskautinu
**17.00** KrakkaRÚV
**17.01** Róbert bangsi
**17.11** Veistu hvað ég elska þig mikið
**17.22** Undraveröld Gúnda
**17.32** Línan
**17.35** Kóðinn - Saga tölvunnar
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** HM í frjálsum íþróttum
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Áfram veginn – Rétthafinn
**20.30** HM í frjálsum íþróttum
**20.55** Einkakokkur forsetans
**22.30** Midnight Run
**00.35** Veiðimennirnir
**02.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** American Housewife
**10.15** Parks & Recreation
**10.35** The Great Indoors
**11.00** The Voice USA
**12.30** The Biggest Loser
**13.15** The Bachelorette
**14.45** Kitchen Nightmares
**15.35** Friends with Benefits
**16.00** Rules of Engagement
**16.25** The Odd Couple
**16.50** King of Queens
**17.15** Man With a Plan
**17.40** How I Met Your Mother
**18.05** The Voice Ísland
**19.05** Friends With Better Lives
**19.30** Glee
**20.15** Always
**22.20** Slumdog Millionaire

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


SPORTS DIRECT
NÝ SENDING Í HVERRI VIKU
PUMA BARNA BUXUR
MEGA VALUE 3.590 KR.
PUMA ÆFINGABOLIR
2 FYRIR 5.190 KR.
EINNIG TIL Í FULLORÐINSSTÆRÐUM
3.390 KR.
KARRIMOR DUMA HERRASKÓR
MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 41-47
9.890 KR.
NIKE ACADEMY BARNAGALLI
MEGA VALUE 9.590 KR.
NIKE BARNASTRIGASKÓR
MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 35,5-38,5
7.390 KR.
ADIDAS BARNASTRIGASKÓR
MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 20-26,5
4.990 KR.
ADIDAS TIBERO BARNAGALLI
MEGA VALUE 7.990KR.
EVERLAST HÁSKÓLAPEYSA
MEGA VALUE 4.990 KR.
BARNA FÍGÚRUSKÓR
FLASH
MEGA VALUE
TIL Í STÆRÐUM 23-34
3.790 KR.
NIKE BARNABOLIR
2 FYRIR 4.590 KR.
3.190 KR.
BARNA FÍGÚRUBOLIR
2 FYRIR 2.990 KR.
1.990 KR.
LONSDALE BUXUR
MEGA VALUE 3.190 KR.
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.
SPORTS DIRECT
Skógarlind 2
Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18
LONSDALE LONDON
karrimor
PUMA
Slazenger
adidas
SPORT DIRECT
Reykjanesbraut
Dalvegur
Skógarlind
Hlíðardalsvegur
Lindarvegur
Hin Fullkomna Gjöf
Gildir í verslunum Sportsdirect á íslandi!
SPORTS DIRECT
GJAFAKORT




**LITTLE BOY BLUE**
Bresk þáttaröð í fjórum hlutum sem fjallar um 11 ára gamlan dreng sem var skotinn til bana á leið heim af fótboltaæfingu. Farið er yfir rannsókn málsins og eru þættirnir byggðir á sönnum atburðum og voru unnir í samvinnu við hina raunverulegu foreldra.

**SPENNANDI SUNNUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365




**WORLD OF DANCE**
Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Dómarar eru allir þekktir dansarar á heimsmælikvarða og fremst í flokki er Jennifer Lopez.




**BLOKK 925**
Nýstárlegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar þar sem tvö teymi taka hvort sína íbúðina í gegn frá A til Ö á ódýran, spennandi og fallegan hátt.



**GÅSMAMMAN**
Hörkuspennandi sænskir þættir um Sonju og fjölskyldu hennar sem eru á eilífum flótta undan glæpagengi sem svífst einskis.




**SUITED**
Heimildarmynd frá HBO úr smiðju framleiðenda Girls sem fjallar um klæðskerafyrirtæki í Brooklyn í New York sem sérhæfir sig í fatnaði fyrir hinsegin samfélagið.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is



# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Ævintýraferðin
**07.55** Mæja býfluga
**08.10** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**08.20** Kormákur
**08.30** Blíða og Blær
**08.55** Pingu
**09.00** Grettir
**09.15** Tommi og Jenni
**09.40** Kalli kanína og félagar
**10.05** Lína langsokkur
**10.30** Lukku láki
**10.55** Ninja-skjaldbökurnar
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.25** Friends
**13.45** Friends
**14.05** The Secret Life of a 4 Year Olds
**14.55** Masterchef USA
**15.40** Hugh's War on Waste
**16.35** Hið blómlega bú Fjórða þáttaröðin af þessum fræðandi og notalegu þáttum sem kitla bragðlaukana. Árni Ólafur heldur áfram að yrkja sitt blómlega bú í Árdal í Borgarfirði. Hann er orðinn öruggur á bændastörfunum og leitast við að finna ný og spennandi hráefni og verkefni til að takast á við í matargerðinni. Árni nýtir staðbundið hráefni og villta náttúru til að matreiða girnilega rétti. Árni leggur land undir fót og heimsækir framsækna bændur og áhugavert fólk hringinn um landið.
**17.05** Út um víðan völl Nýir og skemmtilegir þættir með Loga Bergmann. Það er sagt að hvergi kynnist menn jafn vel og á golfvellinum. Logi reynir að kynnast gestum sínum með því að leika með þeim 18 holur af golfi á skemmtilegum völlum. Líflegt og skemmtilegt spjall í bland við golfkeppni.
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** World of Dance
**19.55** Blokk 925 Nýir og skemmtilegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar.
**20.30** Little Boy Blue
**21.15** Gasmamman
**22.05** Suited
**23.30** 60 Minutes
**00.10** Vice
**00.40** Modern Family
**01.00** Game of Thrones Sjöunda þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.
**02.05** Suits
**02.45** Tommy Cooper. Not Like That, L
**04.25** Killer Women With Piers Morgan
**05.10** Person of Interest
**05.55** Friends

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Crystal Palace - Huddersfield
**09.00** Everton - Stoke
**10.40** Watford - Liverpool
**12.20** Newcastle - Tottenham
**14.50** Man. Utd. - West Ham
**17.00** Messan
**18.30** ÍBV - FH
**20.10** ÍBV - Grindavík
**21.50** Stjarnan - Valur
**23.30** Arsenal - Leicester City

## STÖÐ 3

**16.15** Mayday
**17.00** Last Man Standing
**17.25** Two and a Half Men
**17.45** The Goldbergs
**18.05** New Girl
**18.30** Mike and Molly
**18.55** Curb Your Enthusiasm
**19.25** Modern Family
**19.50** Bob's Burgers
**20.15** American Dad
**20.40** South Park
**21.05** The Newsroom
**22.00** Band of Brothers
**22.50** Grimm
**23.35** Curb Your Enthusiasm
**00.05** Modern Family
**00.25** Bob's Burgers
**00.50** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Ljóti andarunginn og ég
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og Litli
**11.38** Ljóti andarunginn og ég
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og Litli
**15.38** Ljóti andarunginn og ég
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Mörgæsirnar



Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Inside the PGA Tour
**08.25** PGA Championship
**13.25** WGC. Bridgestone Invitational
**17.05** PGA Highlights
**18.00** PGA Championship
**23.00** Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

**07.20** The Lady in the Van
**09.05** Ivory Tower
**10.35** Little Women
**12.35** The Intern
**14.35** The Lady in the Van
**16.20** Ivory Tower
**17.55** Little Women
**19.55** The Intern Gamanmynd frá 2015 með Robert De Niro og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Ben Whittaker er 70 ára gamall ekkill, og lífið eftir að hann hætti að vinna og missti eiginkonuna er ekki eins og hann hefði óskað að það væri. Ekkert virðist fylla upp í tómið, þannig að Ben, sem ávallt var snjall í viðskiptum, ákveður að koma aftur inn á markaðinn sem lærlingur.
**22.00** Entourace Myndin er byggð á samnefndum þáttum sem voru sýndir á HBO frá árinu 2004 til ársins 2011. Síðast þegar skilið var við strákana þá var Ari, persónu Jeremy Piven boðið að stjórna kvikmyndaveri.
**23.45** The Informant
**01.40** Malavita
**03.30** Entourace

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.03** Undraveröld Gúnda
**10.20** Genabreytingar
**11.15** Donald Trump: Lærlingurinn á forsetastól
**12.15** Uppruni tesins með Simon Reeve
**13.10** Rafrettur: Gæfa eða glapræði?
**14.05** Attenborough: maðurinn á bakvið myndavélina
**14.55** Landakort
**15.05** Saga af strák
**15.30** Söngvaskáldin og Sinfó
**17.30** HM íslenska hestsins: Samantekt
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Sætt og gott
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.40** Íslendingar
**20.40** Íslenskt bíósumar - Kurteist fólk
**22.15** HM íslenska hestsins: Samantekt
**22.35** Kynlífsfræðingarnir
**23.30** Vammlaus
**00.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** The McCarthys
**10.15** Speechless
**10.35** The Office
**11.00** The Voice USA
**11.45** Survivor
**12.30** Your Home in Their Hands
**13.20** Katherine Mills. Mind Games
**14.20** Superstore
**14.45** Million Dollar Listing
**15.35** No Tomorrow
**16.20** Rules of Engagement
**16.45** The Odd Couple
**17.10** King of Queens
**17.35** Man With a Plan
**18.00** How I Met Your Mother
**18.25** The Biggest Loser - Ísland
**19.05** Friends with Benefits
**19.30** This is Us
**20.15** Doubt
**21.00** Elementary
**21.45** Mr. Robot
**22.30** House of Lies
**23.00** Damien
**23.45** Queen of the South

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN




habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18
OG SUN KL. 13–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

ÚTI

# MÁLUM OG VERJUM




Fyrir skjólvegginn

**KJÖRVARI 14**
Gagnsæ viðarvörn, gagnsær. 4 l.
**3.995kr**
86332040

málning
**ÚTIMÁLNING**
Steintex, hvítt, 4 l.
**7.265kr.**
86647540

**KJÖRVARI 12**
Pallaolía, margir litir. 4 l.
**3.835kr**
86363040

Fyrir pallinn

málning
**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# NÚ ER TÍMINN!

**ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN HJÁ OKKUR**

*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*

REIKNAÐU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS

timbur@byko.is



## GAGNVARIN FURA

### PALLURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 2.040 kr./m² | 204 kr./lm* |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.864 kr./m² | 233 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.070 kr./m² | 309 kr./lm* |

### SKJÓLVEGGURINN

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 89 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 148 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 176 kr./lm* |
| 0058255 | 22x120 mm. | 235 kr./lm |

### GRIND OG UNDIRSTAÐA

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 173 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 280 kr./lm* |
| 0058506 | 45x145 mm. | 461 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 679 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

# PALLA-LEIKUR BYKO

*Vertu með!*

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 18. ágúst.

# INNI




## Grohe Minta

Þýsku Grohe blöndunartækin hafa margsannað sig í gæðum og endingu. Falleg hönnun í mörgum stærðum og gerðum.

**28.995**kr.
VNR: 15332917



## Vínylkorkparket

Vinsæl nýjung. Hægt að fá annað hvort rakavarið eða vatnshelt. Þolir mikinn hita og sólarljós.

Verð frá: **5.995**kr./m²
VNR: 19091000-20




Komdu til okkar og við finnum rétta litinn. Nokkrar umferðir af nýrri málningu geta umbreytt rými!

## Djúpið
Litur #374

## HVER ER ÞINN LITUR?
Ef hann er ekki til á litakorti þá blöndum við hann bara!



## Dalma

**7.995**kr.
VNR: 52269347

Eitt mesta ljósaúrval landsins, hjá okkur finnur þú ljósið sem þú ert að leita að - ljómandi!

Dögun
Litur #412

Hafgola
Litur #382

Regnský
Litur #349

www.byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



Það er leitt að sjálfur glimmereinhyrningurinn verði ekki með í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Hvar er Palli?

Það er ljóst að Páll Óskar mun ekki hafa tíma til að taka þátt í Gleðigöngunni í ár en hann hefur ávallt sett mjög sterkan svip á hana á hverju ári, svo vægt sé tekið til orða. Lífið gróf því upp nokkrar myndir af Palla frá Gleðigöngum síðustu ára.



Palli var konunglegur árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Páll Óskar hatar ekki glimmerið, það er ljóst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Tröllaukinn svanur flaut niður götuna árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Í fyrra var glimmerið tekið alla leið. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Neðansjávarstemningin var í algleymingi árið 2012.




SUMARMARKAÐUR ELLINGSEN

# ÚTSÖLULOK

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS




# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / ELLINGSEN.IS / SÍÐAN 1916

Columbia · SKECHERS · TRESPASS · DIDRIKSONS1913 · MOUNTAIN HARDWEAR · NIKE · ecco · Champion · MERIDA · SOREL · DEVOLD · zamberlan · Coleman · adidas

# Hiphop skrefinu nær miðaldra

**Hiphop-menningin verður 44 ára nú í þessum mánuði. Þá er reiknað með að upphafið hafi verið svokallað Back to school partí sem plötusnúðurinn DJ Kool Herc hélt árið 1973. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar.**

Í ágúst fyrir 44 árum, árið 1973, hélt plötusnúðurinn Kool Herc partí í Bronx-hverfinu í New York í tilefni þess að skólar voru að byrja aftur, en það átti eftir að draga töluverðan dilk á eftir sér sem er ólíklegt að nokkur veislugestur hefði getað ímyndað sér á þeim tíma – þarna vilja margir meina að hiphop-menningin hafi orðið til. Meðal þeirra sem halda því fram er Google – en Google smellti í „doodle“ í gær þar sem þessum áfanga var fagnað.

Ýmislegt hefur gerst síðan plötusnúðurinn frá Jamaíka hélt partíið sitt fyrir íbúa Bronx en í dag er hiphop-tónlist risi á tónlistarmarkaðnum og rapparar eins og Jay-Z og Kanye West eru með frægustu manneskjum heims. Árið 2004 var því haldið fram að hiphop-bransinn væri að velta um 10 milljörðum dollara árlega – þær tölur hafa líklega hækkað gífurlega, í raun ómögulegt að segja til um það en það má svo sem alveg gera ráð fyrir fimmföldun – það er hóflegt mat.



Jay-Z er einn frægasti maður heims í dag.







Kanye West er einn frægasti maður heims í dag.



1520 Sedwick Ave. í Bronx þar sem Kool Herc bjó og þar sem partíið hans fór fram.



**Kool Herc stendur hér við spilarana ásamt Grand Wizzard Theodore félaga sínum. Þetta eru menn á besta aldri.**

Hiphop hefur alltaf verið menning unga fólksins, uppreisnargjörn og hávær, móðgað og sjokkerað. En í árum talið er það kannski ekki alveg svo – Kool Herc er 62 ára í dag og fer að detta á eftirlaun. Kanye West er fjórum árum yngri en hiphop en hann er samt ennþá að og hefur líklega aldrei verið stærri. Hvað þýðir það? Aldur er afstæður og sumir eru síungir? Kannski. Hiphop er að minnsta kosti enn að móðga og sjokkera – rapparar eru enn ungir að árum og enn er tónlistin töff. Það er þó ekki sjálfsagt – rokk var svipað á sínum tíma og í dag er það alls ekki töff.



**Tipper Gore er ein þeirra sem var mjög sjokkeruð og hneyksluð yfir rapptónlist (og fleiru). Hún varð til þess að plötur eru gjarnan með límiða á sem varar við innihaldinu.**



# Lífið í vikunni
## 06.08.17-12.08.17



### ATHYGLI VAKIN Á ÓHÓFI Í HÓFI

Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Sætran hafa tekið höndum saman í baráttunni við matarsóun. Þær stöllur buðu til veislu á fimmtudaginn þar sem meðal annars voru blönduð Blóð-María úr afgangstómötum og mysuvodka.

### FEGURÐIN FUNDIN Í LJÓTLEIKANUM



Bolli Magnússon er ljósmyndari sem tók að sér það verðuga verkefni að finna fegurðina í Kópavoginum. Hann segir hana vera að finna á óvenjulegum stöðum svo sem á iðnaðarsvæðum og í Hamraborginni.

### SVIÐSLISTAKONA SKOÐAR HVORT HÆGT SÉ AÐ GERA PLAN



Hrefna Lind Lárusdóttur listakona er búin að gera plan og safnar peningum á Karolina Fund til þess að geta borgað sinn fyrrverandi út úr íbúðinni sinni. Í skiptum fyrir styrk gefur hún ýmislegt, meðal annars tequila-hugleiðslu og EP-plötu.

### HVÍTI STRÁKUR ÁRSINS



Það er enginn vafi á því að Kilo er hvíti strákur ársins en hann gaf út plötuna White Boy of the Year um daginn. Kilo er kátur drengur sem er alltaf hress á Snapchat á milli þess sem hann rappar og veipar. Væntanleg frá honum eru svona hundrað tónlistarmyndbönd, eða þar um bil.


DORMA
Láttu drauminn rætast
DORMA KYNNIR
SIMBA®
EINA ÞRÓUÐUSTU HEILSUDÝNU HEIMS




Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |




Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast




**Teymið bakvið hiphop hátíðina er allt saman fætt eftir 2000.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Framtíð íslenskrar bransamennsku

Hiphop-hátíð Menningarnætur var haldin í fyrra og verður endurtekin í ár. Að hátíðinni standa nokkrir félagar sem eru allir fæddir um eða eftir 2000 og vissu í raun ekkert hvað þeir voru að fara út í.

Þetta er annað skiptið okkar í ár – þetta byrjaði í fyrra með því að ég fékk hugmynd og hafði samband við nokkra vini mína og sagði þeim frá hugmyndinni eftir að ég hafði sent inn umsókn til Reykjavíkurborgar til að fá að halda þetta. Við fengum smávegis styrk og þá byrjuðum við að þróa hugmyndina sem endaði í hiphop-partíi Menningarnætur. Í fyrra vorum við meira að ströggla í gegnum þetta ferli því að við vissum eiginlega ekkert hvað við vorum að gera. En við enduðum á að halda mjög góða tónleika. Í ár förum við að skoða að gera þetta aftur, sóttum um betri styrk – og fengum og það stefnir í algjöra neglu,“ segir Snorri Ástráðsson en hann og Jason Daði, Róbert Vilhjálmur, Egill Orri, Þorsteinn Hængur og Úlfur Stígsson halda Hiphop-hátíð á Ingólfstorgi á Menningarnótt.

> **Í FYRRA VORUM VIÐ MEIRA AÐ STRÖGLA Í GEGNUM ÞETTA FERLI ÞVÍ AÐ VIÐ VISSUM EIGINLEGA EKKERT HVAÐ VIÐ VORUM AÐ GERA. EN VIÐ ENDUÐUM Á AÐ HALDA MJÖG GÓÐA TÓNLEIKA.**

Þetta er í annað sinn sem hátíðin verður haldin, en í fyrra mættu yfir 3.000 manns á hana. Þetta væri nú svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir það að þessir piltar sem halda hátíðina eru allir fæddir árið 2000, nema Snorri sem fæddist ári síðar. Þeir hafa ekki fengið neina aðstoð við þetta – nema smávegis hjálp frá Agli Ástráðssyni, bróður Snorra, en hann er umboðsmaður stórrar sneiðar íslenska rappbransans.

„Við sögðum við okkur sjálfa að ef það mættu 500 manns værum við sáttir. Klukkan sjö vorum við komnir í létt „panic“ því að það voru kannski 300 mættir – en um átta bættust við þúsund og eftir það bættist hellingur við og þetta endaði í 3.000-3.500 manns.“

Í fyrra komu til að mynda fram GKR, Aron Can og Gísli Pálmi og hátíðin fór fram á horni Vatnsstígs og Hverfisgötu.

„Við verðum á Ingólfstorgi í ár. Við munum tilkynna um hverjir spila í partii í Húrra Reykjavík á miðvikudaginn þar sem verða plötusnúðar og við sýnum myndband sem við erum búnir að gera þar sem allir listamennirnir verða tilkynntir – en þetta verður bara stærra núna en í fyrra. Ég fékk til dæmis vin minn sem vinnur í þessum bransa til að hanna svið fyrir mig, hanna ljósakerfin og hvernig við setjum þetta upp. Svo erum við á fullu að semja við styrktaraðila og svona,“ segir Snorri.

Liggur ekki beinast við að þið gerið skemmtanabransann að ævistarfi?

„Ég býst við því, ég hef allavega enga löngun til að vinna frá níu til fimm. Ég held að þetta sé bara málið.“ **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


1987-2017
Við eigum
30 ára
afmæli
Allar vörur á
30%
afslætti
til 21. ágúst
augað
KRINGLUNNI, 2 HÆÐ.
SÍMI 568 9111

BÍLMAGNARAR

BÍLHÁTALARAR

ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR

ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL

FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR

BLANDARAR VÖFFLUJÁRN

OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
**Whirlpool spansuðu helluborð frá 34.995**
65“ LG 4K snjallsjónvörp frá 149.995
**Örbylgjuofnar frá 6.990, allt að 30% afsláttur**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995
**Whirlpool bakaraofnar með blæstri frá 29.995**
Philips kaffivélar sem sjóða vatnið með 25% afslætti

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Barkalausir þurrkarar frá 34.995**
Pottar, pönnur og búsáhöld með 30-50% afslætti
**Panasonic þjófavarna- og myndavélakerfi með 40% afslætti**
Soundbar heimabíó í miklu úrvali frá Philips,
LG og Panasonic. Verð frá 14.995
**Whirlpool stál uppþvottavélar frá 49.995**
Philips ryksugur frá 12.995 - allt að 35% afsláttur

*Opið alla helgina!*

## OPIÐ!

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
VIRKA DAGA FRÁ 10-18,
LAUGARDAGA 11-16
OG SUNNUDAG 13-17.

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Sirrýjar Hallgrímsdóttur




## Áfram alþjóðavæðing

Auðvitað deilum við um Costco eins og annað. Yfir sumartímann, þegar allt sofnar grillsvefninum langa, þá er kærkomið að þrasa um verslunarhætti og okurbúllur kaupmanna. Verslun hefur alla tíð verið hitamál, maðkað mjöl, einokun, útlenskir kaupmenn og gráðugir heildsalar, allt efni í margháttaðan pirring og ergelsi.

Og nú er Costco komið. Þetta ameríska gróðafyrirtæki, þessi holdgervingur alþjóða kapítalismans er búinn að hreiðra um sig í Garðabænum og viti menn, almenn gleði brýst út. Biðraðir af íslenskum kaupendum sem leita þar skjóls frá okri innlendra kaupmanna, „hvar voru Ameríkanarnir þegar danskurinn tróð upp á okkur maðkaða mjölinu“, segja menn hressir á meðan ódýru bensíni er dælt á bílinn.

Meira að segja vinstrisinnaðir vinir mínir eru himinlifandi. Þeir eru gersamlega búnir að gleyma öllu þrefi um ömurleika frjálsra viðskipta og kúgunarvald amerískra heimsvaldakapítalista, en keppast við að segja manni hvað hitt og þetta kostaði í Costco.

Hver veit nema upp sé að renna skilningur á jákvæðum áhrifum alþjóðlegra viðskipta. Kannski sjá vinstri vinirnir mínir að alþjóðavæðingin, sem Costco er dæmi um, hefur skilað miklum ábata fyrir venjulegt fólk víðs vegar um heiminn. Vissulega geta íbúar Vesturlanda ekki lengur gengið að því vísu að lífskjör þeirra verði miklu betri en íbúa annarra heimsálfa, en á móti kemur að aldrei í veraldarsögunni hafa jafn margir brotist úr örbirgð til bjargálna eins og gerst hefur á undanförnum áratugum.

Ánægja fjölmargra vinstri manna með Costco er vonandi fyrirheit um enn frekari vilja þeirra til að auka samkeppni með því að auðvelda umsvif alþjóðlegra fyrirtækja hér á landi.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





